

FRÉTTABLAÐIÐ

273. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

LAUGARDAGUR 21. NÓVEMBER 2015



Hvað næst?

➔32-36


FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Airwaves fyrir eldri borgara? ➔80



Heimsendir mæðgina ➔40



Hefði verið gaman að þekkja þessa ➔44

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

UP TO 18 HOURS OF DRYNESS

TILBOÐ Á BLEYJUM

1199 kr. pakkinn

PAMPERS ALLAR STÆRDIR - STÓRIR PAKKAR

STÓRIR PAKKAR

Iceland

ISIO

NÝJUNG ISIO skvísa

Einstök blanda úr 4 olíum

OPIÐ FRÁ KLUKKAN

10-18 LAUGARDAG
13-18 SUNNUDAG

VERTU HJARTANLEGA VELKOMIN

Kringlan

Veður



Í dag stefnir í frábært útivistarveður, hægán vind, þurr veður og góðar líkur á að sjáist til sólar um allt land. Frostlaust við sjóinn en vægt frost inn til landsins. Hlýnar annað kvöld. **SJÁ SIÐU 64**

Íslandsbanki til ríkisins eftir nauðasamninga

VIÐSKIPTI Alls samþykktu 99,9 prósent kröfuhafa Glitnis frumvarp að nauðasamningi slitabúsins í gær. RÚV greindi fyrst frá því. Kröfuhafarnir samþykktu einnig að íslenska ríkið eignast Íslandsbanka í stað þess að fá hluta af söluandvirði bankans eins og áður hafði verið gert ráð fyrir.

Þá samþykktu kröfuhafarnir skaðleysisákvæði stjórnvalda og slitastjórnarinnar. Það mun hafa í för með sér að ekki verður hægt að höfða skaðabótamál gegn kröfuhöfunum vegna ákvarðana sem teknar verða í tengslum við uppgjör Glitnis.

Slitastjórn Glitnis þarf nú að fá nauðasamninginn samþykktan fyrir héraðsdómi. Í kjölfarið verður kröfuhöfum greitt út.

Gert er ráð fyrir því að kröfuhafar Glitnis fái ríflega 30 prósent upp í kröfur. – sg

Frændur í fangelsi fyrir nauðgun

DÓMSMÁL Tveir karlmenn á sextugsaldri, frændurnir Vojislav Velemir og Velemir Dusko, hafa verið dæmdir í fjögurra og þriggja ára fangelsi fyrir nauðgun og hlutdeild í nauðgun á heimili þeirra í Reykjavík í nóvember 2013.

Þá voru frændurnir dæmdir til að greiða konunni sem þeir brutu á eina og hálfá milljón króna í miskabætur.

Læknir á neydarmóttöku daginn eftir nauðgunina staðfesti að áverkar hefðu verið bæði á vinstri upp-handlegg konunnar og marblettir á þeim hægri. Reyndur hjúkrunarfræðingur sagðist aldrei hafa séð svo mikla áverka á kynfærum kvenna og hún sá á brotapolu.

Dómur var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun. – sg

Börnin minna á réttindi sín



Í gær fóru 200 börn af fristundaheimilunum í Hlíðunum og miðborginni í réttindagöngu til að minna á grundvallarréttindi barna í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Sáttmálinn átti 26 ára afmæli í gær. Börn á fristundaheimilum borgarinnar vinna markvisst með efni Barnasáttmálans og hafa fristundaheimilin Eldflaugin, Halastjarnan og Draumaland fylgt þeirri vinnu eftir með þessari árlegu réttindagöngu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Nakour-fjölskyldan fær hæli á Íslandi. MYND/STÖÐ2

Fjórtán fengu dvalarleyfi

STJÓRNSÝSLA Íslensk stjórnvöld samþykktu í gær umsókn ellefu einstaklinga frá Sírylandi og þriggja frá Íran um alþjóðlega vernd.

„Þetta þýðir að þeir fá annaðhvort hæli hér á landi eða viðbótarvernd. Þeir fá þar með dvalarleyfi til fjögurra ára sem hægt er að endurnýja,“ segir Gunnar Narfi Gunnarsson, lögfræðingur hjá Rauða krossinum. „Eftir fjögur ár geta þeir sótt um búsetuleyfi og eftir fimm ár geta þeir sótt um ríkisborgararétt.“ – ibs

Síbrotaamaður sakaður um að svíkja húsfélög

Málrameistarafélaginu hafa borist tíu kvartanir vegna verktaka sem starfar án tilskilinna leyfa. Dæmdur fyrir brot á iðnaðarlögum í maí. Hafði þá sautján sinnum áður sætt refsingu. Öskrar bara og skellir á, segir gjaldkeri húsfélags.

DÓMSMÁL „Hann byrjar bara að öskra og þetta var hans taktík í öllum samtölum. Hann öskrar og skellir á,“ segir Adda Guðrún Sigurjónsdóttir, íbúi í Lundarbrekku 4 í Kópavogi.

Adda segir farir sínar ekki sléttar af samskiptum við Róbert Guðmundsson, sem tekur að sér múrviðgerðir og málningu.

Róbert var dæmdur til sektargreiðslu í Héraðsdómi Suðurlands í maí. Róbert, sem er ekki menntaður iðnaðarmaður, var ákærður fyrir brot á iðnaðarlögum með því að hafa, á árunum 2011 til 2014, tekið að sér málningarþjónustu, múrviðgerðir og hellulagnir gegn gjaldi og auglýst starfsemi. Hann játaði brotin. Í dómnum kemur fram að Róbert hafði sautján sinnum áður sætt refsingu.

Viðmælendur Fréttablaðsins fullyrða að Róbert hafi hvergi nærri látið af brotastarfsemi sinni.

Adda Guðrún, sem er gjaldkeri húsfélagsins í Lundarbrekku 4, greinir til dæmis frá því að samið hafi verið við Róbert um múrviðgerðir á húsinu þar. Hann hafi krafist 930 þúsund króna greiðslu en húsfélagið greitt honum 610 þúsund. Hún segir að verkið hafi verið illa unnið og starfsmenn, sem unnu fyrir Róbert, hafi viðurkennt fyrir íbúa í húsinu að þeir hefðu aldrei haldið á pensli. Þá hafi þeir málað í rigningu og niðamykrri.

„Vinnubrögðin voru hræðileg,“ segir Adda Guðrún. Þegar Róberti hafi verið neitað um frekari greiðslur hafi hann sent henni hótun í sms-í sem hún hafi farið með til lögreglunnar.

„Skilaboðin voru þess eðlis að lögreglan treysti sér ekki til þess að gera neitt í málinu,“ segir Adda Guðrún.



Óánægja er í Lundarbrekku 4 í Kópavogi með vinnu verktaka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ingi Freyr Ágústsson héraðsdómslögmaður segir Róbert hafa dreift auglýsingamiðum til að vekja athygli á þjónustu sinni. Róbert hafi ekki sjálfur ekki gefið út reikninga vegna verksins í Lundarbrekku, heldur fengið annan mann til þess fyrir sig. Sá hafi ekki tilskilin innheimtuleyfi. Það sé óheimilt. Hann hafi því sent ábendingu til Fjármálaeftirlitsins og kært til lögreglu.

Samkvæmt upplýsingum frá Málrameistarafélaginu hafa borist um tíu kvartanir vegna Róberts á skömmum tíma.

Róbert Guðmundsson hefur verið í forsvari fyrir samtökin Hjálparstök Íslendinga. Hann var sakaður opinberlega um að hafa safnað peningum fyrir fólk í nauð en nýtt þá í eigin þágu.

Róbert hafnaði ásökunum í útvarpsþættinum Harmageddon í fyrra. Hann hafnar líka ásökunum Óddu Guðrúnar og Inga Freys.

jonhakon@frettabladid.is

Text Message
Tue 20 Oct 20:14

Hahaha þu skellir a mig mikid hlakkar mer ad hitta thig aumingi og oskra a thig og þu færð tha a fostudag ng eitt annat nu ógildi eg reikningin og skrifa mikid hærr reiknig vegna vannefnda talar um svikara a numer 2 thid erud SVIKARARNIR

Text Message

Skilaboð frá Róberti Guðmundssyni.

Sigling um
Suður Karíbahaf
4. – 22. mars

ARUBA - CURACAO - BONAIRE - BARBADOS - ST.LUCIA - ANTIGUA - ST.JOHN - ST.KITTS & NEVIS - ST.MAARTEN

Verð frá **526.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktur

*Verð án Vildarpunkta 536.900 kr.
Á mann m.v. klefa með svölum fyrir 2.
Fararstjóri er **Helga Lára Guðmundsdóttir**

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

vita VITA er lífið



VERIÐ HJARTANLEGA VELKOMIN

Njóttu þess að undirbúa jólin í hlýju og notalegu umhverfi. Fjölbreytt úrval glæsilegra verslana og notalegir veitingastaðir.



KÍKTU Á NÝJAN OG ENDURBÆTTAN

BÍÓGANG


Á 3. HÆÐ

ÓPIÐ
LAUGARDAG 10-18
SUNNUDAG 13-18

NÝTT KORTATÍMABIL
hefst 22. nóvember

Kringlan

TÖLUR VIKUNNAR 16.11.2015 TIL 22.11.2015

1.600færri framhalds-
skólanemar stunda
nám í vetur miðað
við í fyrra.meira af far-
simum hefur
selst í ár miðað
við sama tíma-
bil í fyrra.**53%**Íslendinga vilja
nýjan gjaldmiðil,
segir skoðana-
könnun.**55%**aðspurðra vilja að-
skilnað ríkis og kirkju.af kannabis duga til
að koma einstak-
lingi á sakaskrá.**12.000**litrar af olíu voru í sand-
dæluskipinu Perlu sem
náðist á flot í vikunni.**2**nýlegir jarð-
skjálftar í Bárðarbungu
náðu yfir 3,0 stig.**50%**stúdentanna í Háskóla
Íslands búa í for-
eldrahúsum eða á
stúdentagörðum.

Þrír í fréttum Eldri borgarar, flugbraut og launahækkun

**Þórunn Sveinbjörns-
dóttir**, formaður
Félags eldri
borgara í Reykjavík,
segir erfitt
að horfa upp á
stöðu sumra eldri
borgara í dag. Of
margir lifi undir fátæktarmörkum
og einangrist. Þórunn segir félagið
þrýsta á stjórnvöld um umbætur.
Hún er ein þeirra sem hafa talað
fyrir því að eldri borgarar fái
sérstakan umboðsmann og segir
vanta fleiri eldri borgara á þing.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri er
ósáttur við að
Ólöf Nordal
innanríkisráð-
herra neitaði að
verða við kröfu
um að fyrirskipa
lokun flugbrautar
06/24 á Reykjavíkflugvelli. „Það
er auðvitað leiðinlegt að þurfa að
sækja rétt sinn fyrir dómstólum
en við sjáum okkur knúin til að
gera það í þessu efni,“ sagði Dagur.
Borgarstjórinn kvað það ekki í takt
við góða stjórnsýslu að fara ekki
eftir samningum sem hefðu verið
gerðir.

**Vilhjálmur Birgis-
son**, formaður
Verkalýðsfélags
Akraness, sagði
mikið órétt-
læti felast í 9,3
prósenta launa-
hækkun þeirra sem
heyrja undir kjararáð. „Krónu-
tölurnar sem liggja þarna að baki
hljóða ekki upp á 25 þúsund króna
hækkun eins og íslenskt verkafólk
fékk í sínum kjarasamningum,“
sagði hann.

Það ætti að vera á allra færi að detta inn á listmarkaðinn

Heildarvelta listmarkaðarins á heimsvísu hefur aldrei verið hærrí og nam tæplega fjórfaldri landsframleiðslu á Íslandi á síðasta ári. Besta leiðin til að byrja að safna er að skoða myndlist í galleríum og á söfnum.

MENNING „Það geta allir byrjað að safna myndlist, það geta allir tileinkað sér þetta með einum eða öðrum hætti. Listmarkaðurinn er ekki ýkja flókinn, hann er bara skemmtilegur. Að koma þessu til skila til áhorfenda var það sem við lögðum upp með á fundinum.“ Þetta segir Kári Finnsson, listfræðingur og hagfræðingur. Kári fjallaði um listmarkaðinn bæði hér á landi og í útlöndum á fræðslufundi VÍB undir yfirskriftinni Hvernig fjárfesti ég í myndlist?

Kári gerði grein fyrir listmarkaðnum á heimsvísu í erindi sínu. Heildarvelta hans á síðasta ári nam yfir fimmtíu milljörðum evra, eða 7.200 milljörðum íslenskra króna. Það jafngildir tæplega fjórfaldri landsframleiðslu á Íslandi. Það hefur verið ákveðin sprenging á síðustu tíu árum. Veltan náði hæð árið 2007, tók síðan dýfu, en hefur nú náð sér aftur á strik og hefur aldrei verið jafn mikill.

Færri verk eru að seljast en áður, en fyrir hærrí upphæðir. Til marks um þetta má nefna að dýrasta verk sem selt hefur verið, myndin Hvenær muntu gifta þig? eftir Paul Gauguin, var seld á 300 milljónir Bandaríkjadala, eða 39,5 milljarða íslenskra króna.

Kári vék að því hvort hægt væri að horfa á myndlist sem fjárfestingarkost. „Það sem ég reyndi að leggja áherslu á á fundinum er að myndlist sé eðlisólik fjárfestingarkostum eins og verðbréfum út af mörgum þáttum, það er ekki jafn mikill seljanleiki og þess háttar,“ segir hann. „Ég held að þeir sem standa sig best í að safna og eiga verðmætustu söfnin sé fólk sem er safnar af ástríðu. Þeir sem safna eftir augunum en ekki eftir verðmíðanum munu á endanum græða mest,“ segir Kári.



Hvenær muntu gifta þig? eftir Gauguin er dýrasta verk sem selt hefur verið.

FRÉTTABLAÐID/GETTY

Listmarkaðurinn er
ekki ýkja flókinn,
hann er bara
skemmtilegur.

Kári Finnsson



Börkur Arnarson, eigandi ið gallerís,
ræddi að erindi Kára loknu við hann
um myndlistarheiminn á Íslandi.
Kári sagði að hér á landi væri mjög
blómstrandi og góð listasena og hefði
verið um nokkurra ára bil. Hann segir
hins vegar erfitt að meta veltuna á
íslenskum myndlistarmarkaði þar
sem gögn eru af afskaplega skornum
skammti. „Ástæðan er sú að sala fer
mikið fram utan hefðbundinna sölu-
staða, þá annaðhvort manna á milli eða
beint frá listamönnum,“ segir Kári.

Rauði þráðurinn í samtali þeirra
var að það er ekkert rétt eða rangt í
myndlistarkaupum. Það er ekki endi-
lega rétt að kaupa dýr verk eftir þekkta
meistara. Besta leiðin til að byrja er að
skoða málverk og reyna að finna sinn
eigin smekk. Oft getur verið betra að
kaupa ódýrari verk frá minna þekktum
listamanni og fá kannski betri ávöxtun
út úr því.

„Það skemmtilegasta við að safna list
eftir samtímalistamenn er að þú getur
fengið tækifæri til að kynna lista-
mönnum og fylgjast með þeim þroska-
st. Þetta er eitthvað sem þú getur gert
alveg frá því að þú ert tvítugur. Þegar
listamennirnir eru ungir þá eru verkin
óðyr og það ætti að vera á allra færi að
detta inn á þann markað,“ segir Kári.
saeunn@frettabladid.is

Flóttamenn sváfu utandyra í Malmö

SVÍÞJÓÐ Hælisleitendur í Malmö
í Svíþjóð þurftu í fyrrinótt að sofa
utandyra. Þegar fréttamenn TT-
fréttaveitunnar komu að móttöku
sænsku útflendingastofnunarinnar í
borginni lágu 30 manns sofandi þar
fyrir utan. Ekki hafði verið hægt að
þjóa öllum þak yfir höfuðið.

Strætisvagni hafði verið lagt fyrir
utan húsnæðið til þess að fólk gæti
leitað skjóls þar en hann fylltist
fljótt. Sjálfboðaliðasamtök afhentu
þeim sem lögðust til hvílu úti dýnur
til að liggja á og útflendingastofn-
unin afhenti þeim teppi.

Um 500 til 800 flóttamenn koma
nú til Malmö á sólarhring en fyrir
nokkrum vikum komu um 1.200 að
jafnaði á sólarhring. Flóttamenn-
irnir eru nú sendir áfram til annarra
sveitarfélaga í Svíþjóð eða aftur til
Danmerkur þaðan sem þeir komu.

Í síðustu viku sóttu 9.500 um hæli
í Svíþjóð en en 10.175 vikuna áður
en landamæraeftirlit var tekið upp.

- íb



Flóttamenn við landamæri Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐID/EPA

**20%
AFSLÁTTUR
Í NÓVEMBER**

Pinex® Smelt
Paracetamol 250 mg

Pinex® Mixtúra
Paracetamol 24 mg/ml

20% afsláttur í nóvember

SUÐURLANDSBRÁUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN

Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14



GEYSIR

VELKOMIN Í NÝJA VERSLUN Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG 7

Geysir Skólavörðustíg 7 & 16, Haukadal og Akureyri. Sími 519 6000 – geysir.com



Audi A4
1.8T 163Hö

2008 **2.150.000** KR



Audi Q7
3.0 TDI 240Hö

2008 **4.890.000** KR



VW Polo
1.2 TDI Trendline

2014 **2.250.000** KR



VW Golf
A7 Highline 1.4

2015 **3.790.000** KR



Skoda Citigo
Active 1.0

2014 **1.680.000** KR



Skoda Octavia
Ambiente 1.6 TDI

2014 **3.340.000** KR



Raf / Bensín 30
Ekinn þús. km. 30
Myndir á vef
Dísil
Fjór hjóladrif 4x4
Metan & bensín ECO
Sjálfskiptur A
Beinskiptur 4x4
Rafmagnsbíll

**Stálslegnir
morgunhanar**

Heimavanir



BMW 520D

2008 **3.490.000** KR



Hyundai IX35
GLS

2011 **2.390.000** KR



Toyota
Aygo

2007 **890.000** KR



Mazda 2

2012 **1.580.000** KR



**NOTAÐIR
BÍLAR**

Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040



Das Auto.



Audi



ŠKODA



MITSUBISHI
MOTORS

Undirbúa geimferð



Breski geimfarinn Timothy Peake, Rússinn Júri Malensjenkó og Bandaríkjamaðurinn Timothy Kopra undirbúa sig í Rússlandi fyrir ferð til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar. Þeim verður skotið á loft frá Kasakstan þann 15. desember næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Höfðu ekki heimild til að birta nafn í úrskurði

Til skoðunar er hjá Samkeppniseftirliti hversu viðtæk áhrif nýlegur úrskurður Persónuverndar hafi á birtingu ákvarðana eftirlitsins. Nafn manns sem kærði var fjarlægt úr ákvörðun vegna samkeppnisbrota Byko en önnur nöfn ekki.

STJÓRNSÝSLA Til skoðunar er hjá Samkeppniseftirlitinu hvort fjarlægja þurfi nöfn úr birtum ákvörðunum.

Í úrskurði Persónuverndar sem birtur var í síðustu viku var Samkeppniseftirlitinu uppálagt að fjarlægja nafn fyrrverandi starfsmanns Byko úr ákvörðun um brot fyrirtækisins á samkeppnislögum.

Starfsmaðurinn var sumarstarfsmaður í þjónustuveri samhliða námi á meðan brotin stóðu yfir. Hann lagði fyrir sig lögfræðistörf og sætti sig ekki við að nafn hans dúkkaði upp í tengslum við samkeppnislagabrot í leitarvélum á netinu. Birting nafnsins hefði áhrif á mannorð hans og möguleika til atvinnu. Það kom fyrir um þrjátíu sinnum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.

Er Samkeppniseftirlitið brást ekki við beiðnum mannsins um að fjarlægja nafnið kvartaði hann til Persónuverndar. Eftir úrskurð stofnunarinnar í byrjun nóvember fjarlægði Samkeppniseftirlitið nafnið úr ákvörðuninni.

Í úrskurði Persónuverndar segir að almennt verði að standa lagaheimild til vinnslu persónuupplýsinga sem



Nafn sumarstarfsmanns í Byko var fjarlægt úr ákvörðun Samkeppniseftirlits vegna samkeppnislagabrota fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

fram fari á vegum stjórnvalda.

„Af ofangreindri umfjöllun verður ráðið að slík lagaheimild sé ekki til staðar og því telur Persónuvernd að kveða þyrfti á um slíka heimild til handa Samkeppniseftirlitinu í lögum, í samræmi við lögmatísreglu stjórnsýsluréttar, sé talin þörf á að birta nöfn starfsmanna í tilvikum sem þessum.“

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli Byko standa enn nöfn starfsmanna í svipaðri stöðu og maðurinn sem leitaði til Persónuverndar. Gera má ráð fyrir að sama eigi við um nöfn starfsmanna í öðrum málum sem eftir-

litið hefur fjallað um. Sá munur er á að enginn þeirra hefur kvartað yfir birtingunni eða talið hana íþyngjandi svo vitað sé.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir úrskurð Persónuverndar til skoðunar.

„Þar á meðal mun Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til þess hvort rétt sé að afmá fleiri nöfn einstaklinga úr ákvörðuninni,“ segir hann. Um leið sé skoðað hvort skýra þurfi verklag við birtingu ákvarðana. „Úrskurðurinn gefur ekki afdráttarlaust svar við þessu.“ ollikr@frettabladid.is

TAX FREE

DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **BÓKUM**,**
RAFTÆKJUM, ÚTIVISTARFATNAÐI
OG UNDIRFATNAÐI
DAGANA 19.-22. NÓVEMBER

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.
**Taxfree er í raun 9,1% af bókum þar sem þær eru í lægra skattþrepi, en við gefum 19,36% afslátt eins og af öðrum sérvörum.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Falleg jólatré

Gæðajólatré - sem endist ár eftir ár!

Þessi jólatré eru í hæsta gæðaflokki auk þess að vera mjög falleg og líkjast þannig raunverulegum trjám. Einföld samsetning.

- Ekkert barr að ryksuga
- Ekki ofnæmisvaldandi
- 12 stærðir (60-500 cm)
- Íslenskar leiðbeiningar
- Eldtraust
- Engin vökvun
- 10 ára ábyrgð
- Stálfótur fylgir

Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 09-18
Laugardagar kl. 11-18
Sunnudagar kl. 12-18

Skátarnir
Hraunbær 123 | s. 550 9800 | skatar.is



Rio Tinto á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRGIR

Álversfólki sagt haldið í gíslingu

KJARAMÁL Miðstjórn Alþýðusambandsins segir Samtök atvinnulífsins ganga erinda Rio Tinto sem haldi starfsmönnum álversins í Straumsvík gíslingu.

ASÍ hvetur SA til að beita sér fyrir því að ISAL gangi sem fyrst til samninga við víðeigandi verkalyðsfélög.

ASÍ minnir á að undirritað hafi verið samkomulag um nýtt samningslíkan á vinnumarkaði undanfarna mánuði og að framganga SA sé afleitt innlegg í þá sátt.

Þá segir miðstjórnin að starfsmenn álversins í Straumsvík eigi rétt á samþætilegum kjörum og aðrar stéttir hafi samið um að undanförunu. – srs



Herða á landamæraeftirlit á Keflavíkurflugvelli vegna ákvörðunar ríkja Schengen-svæðisins um að herða gæslu á ytri landamærum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vandað sjónvarpsefni og fjarskipti á frábæru verði

FÁRÁNLEGA
FLOTTUR PAKKI



365

365.is
Sími 1817

Gott úrval af spennandi útiljósum og skrautperum

SÍÐAN 1973
Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

Glóey – gerir lífið bjartara

Schengen á lífi

Innanríkis- og dómsmálaráðherrar í Evrópu samþykktu í gær að herða gæslu á ytri landamærum Schengen-svæðisins. Gæsla verður aukin í Leifstöð.

UTANRÍKISMÁL „Schengen er ekki dautt. Það er klárt mál. Eftirlit þarf að herða á ytri landamærunum til að koma á friði innan svæðisins,“ sagði Wolfgang Brandstetter, innanríkisráðherra Austurríkis, eftir fund innanríkisráðherra Evrópu sem ákváðu að herða eftirlit á ytri landamærum svæðisins.

Schengen-samstarfið gerir íbúum 26 Evrópuríkja kleift að ferðast innbyrðis án vegabréfa. Mikil umræða um að herða á eftirliti hefur skapast undanfarið hvort tveggja vegna mikils straums flóttafólks til Evrópu og í kjölfar árásanna í París fyrr í mánuðinum.

Í kjölfar ákvörðunarinnar verður landamæraeftirlit í Evrópu það strangasta frá stofnun samstarfsins árið 1995.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra sagði í samtali við Stöð 2 í gærkvöldi að allar líkur væru á að fjölga þyrfti starfsfólki á Keflavíkurflugvelli vegna herts eftirlits.

„Ríkin eru hvött til að fara í meiri mæli í tilviljunarkennt tékk á landamærunum. Þar sem meðal annars er verið að fara yfir skilríki án þess að það sé gert með kerfisbundnum hætti. Þetta nái bæði til íbúa innan og utan Schengen,“ sagði Ólöf.

Þá sagði Bernard Cazeneuve, innanríkisráðherra Frakklands, að Frakkar ætluðu að halda uppi landamæraeftirliti gagnvart öðrum ríkjum Evrópu-sambandsins eins lengi og nauðsyn krefði. thorgnyr@frettabladid

RUDY PROJECT
Technically Cool

Bættu árangurinn!

Íþróttagleraugu með og án styrkleika.

MJÓDDIN Sími 587 2123 | FJÖRÐUR Sími 555 4789 | SELFOSS Sími 482 3949

augastaður
Gleraunaværslunin þín



Horft á bíó á leið í vinnu. MYND/VOLVO

Sjálfbakandi Volvo 2017

ÍÐNAÐUR Bílaframleiðandinn Volvo segist stefna að því að koma sjálfbakandi bíl á markað eftir tvö ár. Ef áætlanir ganga eftir mun bíll Volvo þá vera kominn á markað á undan sjálfbakandi bílum Google og Ford.

Volvo kynnti bílinn, sem hefur fengið nafnið Concept 26, í vikunni. Nafnið vísar til þess að meðalmaður eyði 26 mínútum í að keyra til vinnu á hverjum degi. Birtar voru myndir af bílnum að innan, en engar myndir að utan, til þess að undirstrika upplifunina af því að sitja eða keyra bílnum. Að innan lítur bíllinn frekar út eins og sætaröð í viðskiptarými í flugvél en hefðbundinn fólksbíll.

Pegar stutt er á sjálfbakandi stillinguna hverfur stýrið og í staðinn kemur upp skjár. Þá getur eigandinn horft á uppáhaldsþætti sína eða kvikmyndir á meðan á akstrinum stendur.

Sjálfbakandi bíll Google er ekki væntanlegur fyrr en árið 2020. Ford segir sinn bíl ekki tilbúinn fyrr en eftir fjögur ár. Ef áætlanir standast verður Volvo með fyrsta sjálfbakandi bílinn á götunni. – sg

ALLT AÐ 400.000 KR. AFSLÁTTUR!



1975 | Bílabúð Benna | 2015



Opel Astra Essentia

1.6L bensín - beinskiptur
Verð: 2.990.000 kr.

Á sérkjörum: 2.790.000 kr.

Opel Astra Enjoy Turbo

1.4L bensín - sjálfskiptur
Verð: 3.390.000 kr.

Á sérkjörum: 3.090.000 kr.

Opel Astra Cosmo

2.0L dísel - sjálfskiptur
Verð: 4.090.000 kr.

Á sérkjörum: 3.690.000 kr.

OPEL ASTRA

SÉRKJÖR TIL ÁRAMÓTA!

Pýsku Opel gæðin leyna sér ekki í Astra, einum vinsælasta bílnum í Opel fjölskyldunni. Hann sameinar glæsilegt útlit og skemmtilega aksturseginnleika, sem einkennast af krafti, þægindum og snerpu.

Nú gefst þér tækifæri til að eignast Opel Astra á glimrandi sérkjörum til áramóta*; með **allt að 400.000 króna afslætti**. Gríptu tækifærið – kíktu í reynsluakstur núna.



Wir leben Autos.



Bein leið í 40 ár

Kynntu þér Opel Astra á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

* Eða á meðan birgðir endast. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Bílabúð Benna skilur sér rétt til breytinga á verði og birgðum á fyrri vortu.



GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann.
Kortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu
af eigin vali og rennur aldrei út.

MÍÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Fræða um ofbeldi en hafa ekki fagþekkingu

Aflið, samtök gegn kynferðisofbeldi, sinnir fræðslu í grunnskólum Akureyrar í nóvember. Aflsfólk ræðir við 7. og 9. bekkina um heimilis- og kynferðisofbeldi. Fræðslustjóri segir fagþekkingu mikilvæga. Slík þekking er ekki hjá Aflinu.

AKUREYRI Aflið, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi, hafa í nóvembermánuði farið í alla grunnskóla Akureyrar með fyrirlestur fyrir 7. og 9. bekk. Engin fagþekking á málaflokknum er innan samtakanna.

Ingibjörg Þórðardóttir, ráðgjafi hjá Aflinu, segir samtökin fara inn í skólana til að ræða um kynferðislegt ofbeldi og heimilisofbeldi. Annars vegar er rætt við 7. og hins vegar 9. bekk. Starfsmaður frá skólanum er einnig viðstaddur fyrirlestrana.

„Við erum ekki menntaðir kennarar en við sem snum þessari fræðslu höfum starfað lengi í greininni sem ráðgjafar,“ segir Ingibjörg. „Þessi fræðsla er ekki greidd af skólum bæjarins heldur fær Akureyrarkaupstaður þessa þjónustu frá okkur þar sem hann styrkir samtökin árlega.“

Þann 27. október var málið tekið upp á fundi með skólastjórum Akureyrarbæjar. Í umræðum á fundinum var lögð áhersla á að fræðsla sem þessi væri faglegum grundvelli.

Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarbæjar, segir þetta hafa verið rétt nokkuð ítarlega og ráðgert að skólastjórnendur sjálfir myndu taka ákvörðun um framhaldið.




Aflið á Akureyri eru systursamtök Stigamóta. Samtökin samanstanda af einstaklingum sem hafa lent í heimilis- og eða kynferðislegu ofbeldi. FRÉTTABLAÐID/PJETUR

Soffía segir þessa fræðslu mikilvæga og eiga brýnt erindi til nemenda í grunnskólum þar sem um samfélagsmeiri sé að ræða. Það sé hins vegar mjög mikilvægt að fagþekking sé á bak við en ekki aðeins reynsla af ofbeldi.

„Við erum sammála um það að fræðslan er þörf en spurningin er bara hver eigi að sinna henni. Einnig erum við með skólahjúkrunarfræðinga sem sinna fræðslu í skólunum okkar og koma þar að og því ættum við í meiri mæli að vera með heil-

brigðisstarfsfólk sem sinnir erindum sem þessum. Þetta er viðkvæmt mál efni og það skiptir miklu máli hvernig við nálgumst þessa fræðslu,“ segir Soffía.

Logi Einarsson, formaður skólaneftndar Akureyrarbæjar, segist ekki vera innviklaður í daglegt starf grunnskólanna. „Það er mikilvægt að kennsla barnanna okkar sem og fræðsla til þeirra sé sett fram af fagfólki og að faglegar kröfur séu gerðar til þeirra sem sinna kennslu,“ segir Logi. sveinn@frettabladid.is



2004

„Við vorum búin að vera kúabændur í 10 ár. Þá ákváðum við að breyta búinu í sveitahótel.“

Stefán Tryggvason

Hótelstjóri á Hotel Natur,
Þórisstöðum

2015

„Nú erum við búin að kaupa næstu jörð. Það bíða ótal tækifæri.“



Sigríður Gunnarsdóttir og Ólafur Baldursson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögreglu vantar þekkingu

HEILBRIGÐISMÁL Árlega eru fjögur til sex alvarleg, óvænt atvik og óvænt dauðsföll á Landspítalanum tilkynnt til lögreglu. Lögregla rannsakar ekki öll málin. Síðustu 15 ár hefur hún haft færri en tíu mál til meðferðar innan allrar heilbrigðisþjónustunnar. Ákæra var gefin út í einu máli. Það mál er fyrir dómi þessa dagana.

Stjórnendur Landspítalans segja lagasetningu um tilkynningaskyldu til lögreglu mjög óskýra. Kveðið sé á um að málin séu rakín til mistaka og vanrækslu en einnig óhappatílvika sem getur átt við um ótal mörg atvik sem séu ekki saknæm með nokkrum hætti.

„Eins og hún er sett fram nú gætum við tilkynnt um ótal marga hluti til lögreglu. Til dæmis er mjög óljóst hvort tilkynna eigi fylgikvilla sem leiða til dauðsfalls,“ segir Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Í nýrri skýrslu starfshóps um alvarleg atvik í heilbrigðisþjónustu er kallað eftir samstarfi landlæknis og lögreglu til að tryggja nauðsynlega þekkingu við rannsókn mála.

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, sat í starfshópnum fyrir hönd spítalans. Hann segir að tryggja þurfi nægilega þekkingu í lögreglurannsókn.

„Þetta eru sérhæfð mál og rannsakandi þarf að hafa forsendur til að skilja vettvanginn. Lögreglan hefur sjálf kvartað undan þessu,“ segir Ólafur. „Að sama skapi getur sú staða hæglega komið upp að okkur bráðvanti sérhæfða kunnáttu frá lögreglunni til að tryggja vandaða rannsókn á vettvangi.“

„Það vantar vettvang á milli eins og er til dæmis í Bretlandi þar sem sérstakt samkomulag ríkir milli lögreglu og heilbrigðisyfirvalda. Þar er hreinlega tekið öðruvísi á málum innan heilbrigðiskerfisins en úti á götu.“ – ebg



20%

afmælisafsláttur af öllum fataskápum!

Í tilefni af 80 ára afmæli Axis ætlum við að bjóða viðskiptavinum okkar afslátt af öllum fataskápum.

Mikið úrval af skápum til sýnis í björtum og fallegum sýningarsal í verslun okkar við Smiðjuveg 9.

Opið mánud. - föstud. frá kl. 9-18.

Laugardag kl. 10-15.

Verið velkomin



AXIS

1935-2015 • 80 ára

Axis húsgögn ehf • Smiðjuvegur 9
200 Kópavogur • Sími 535 4300
axis@axis.is • axis.is

Arnaldur Starri Stefánsson

Móttökustjóri á Hotel Natur

Búðu þig undir skapandi framtíð

Ferðin frá hugmynd að farsælu fyrirtæki með skýra framtíðarsýn kallar á öflugan samstarfsaðila.

Kynntu þér þjónustu okkar á arionbanki.is/fyrirtaeki

Fyrirtækjaþjónusta Arion banka

 **Arion banki**
– fyrir framtíðina



Flátíðartónleikar í Hallgrímskirkju sunnudaginn 22. nóvember til styrktar orgelsjóði Hólskirkju


Bolvíkingafélagið stendur fyrir tónleikum í Hallgrímskirkju, sunnudaginn 22. nóvember kl. 16, til styrktar orgelsjóði Hólskirkju.

Á tónleikunum kemur fram þekkt og hæfileikaríkt tónlistarfólk:

- Kári Allansson organisti
- Karlakórinn Esja
- Gissur Páll Gissurarson tenór
- Sönghópurinn Veirurnar
- Þorgils Hlynur Þorbergsson
- Karl Hallgrímsson
- Edda Borg, Jóhanna Linnét og Bjarni Sveinbjörnsson
- Selvadore Rähni og Tuuli Rähni
- Herbert Guðmundsson og Hjörtur Howser
- Sigrún Pálmadóttir sópran
- Ólafur Kristjánsson
- Kynnir: Benedikt Sigurðsson, Benni Sig, tónlistarmaður í Bolungarvík

Enginn aðgangseyrir, en óskað eftir framlögum eftir aðstæðum hvers og eins.

Fyrir þá sem ekki geta mætt, en vilja leggja sjóðnum lið, er bankareikningsnúmer sjóðsins 0174-18-911908 og kennitala 630169-5269.



Hermaður í anddyri hótels í Malí þar sem gíslatökuástand myndaðist í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Tugir létust á hóteli í Malí

Margir eru taldir hafa látið lífið í átökum þegar herinn réðst inn á hótél í Malí til að frelsa 170 gísla.

MALÍ Franskir hermenn tóku þátt í aðgerðum hersins í Malí í gær þegar hátt á annað hundrað manns var bjargað úr klóm gíslatökumanna á hóteli í höfuðborginni Bamako. Óljóst var hve margir létust í átökum við gíslatökumennina, en talið að það gætu hafa verið allt upp í nokkrir tugir. Ekki var vitað hve margir hinna látnu væru úr röðum gíslanna.

Fréttastofan Reuters hafði eftir fríðargæslumanni frá Sameinuðu þjóðunum að hann hefði séð 27 lík samtals á tveimur hæðum hótelsins, en væri ekki búinn að leita víðar.

Fjöldi manns til viðbótar lá í sárum eftir átökin og þurfti að flytja marga á sjúkrahús.

Hópur vopnaðra manna hafði ráðist inn á hótelið og tekið þar 170 manns í gíslingu. Vitni segir að mennirnir hafi verið um tíu talsins.

170

manns voru teknir í gíslingu á hóteli í Malí.

Þeir hafi ekið upp að hótelinu á bifreiðum með númeraplötur frá sendiráðum og byrjað á að skjóta öryggisverði utan við hótelið.

Tvenn samtök hryðjuverkamanna voru sögð hafa lýst fljótlega yfir ábyrgð á gíslatökunni. Að sögn arabísku fréttastöðvarinnar Al Jazeera eru það Al Kaída og og samtök sem nefnast Al Murabitun, sem einnig hafa tengsl við Al Kaída.

Hótelið er partur af hótélkeðjunni Radisson Blu og vinsælt meðal útlendinga í höfuðborginni.

gudsteinn@frettabladid.is

Vissir þú að...

þögn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef þau lenda í ofbeldi



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði.

Jólabæklingurinn er kominn út. Sjá nánar á sminor.is.

SIEMENS
Bakstursofn
HB 23AB221S (hvítur)
Hagkvæmur með
67 lítra ofnrými.
Fimm ofnaðgerðir.

Jólaverð:
89.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.



SIEMENS
Kæli- og
frystiskápur

KG 36VUW20 (hvítur)
Orkuflokkur A+.
„crisperBox“-skúffa.
LED-lýsing.
H x b x d:
186 x 60 x 65 sm.

Jólaverð:
74.900 kr.
Fullt verð: 94.900 kr.



SIEMENS
Þvottavél
WM 14E477DN
Tekur 7 kg,
vindur upp í
1400 sn. Mjög stutt
kerfi (15 mín.).
Orkuflokkur A+++.

Jólaverð:
84.900 kr.
Fullt verð: 104.900 kr.



Palma
Gólflampi
19901-xx
Fáanlegur í
antiklit og stáli.

Jólaverð:
11.900 kr.
Fullt verð: 18.900 kr.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



HÚSASMÍÐJAN



blómaval

STÓÐRA SERIU HELGIN

OKKAR MESTA ÚRVAL FRÁ UPPHAFI

20-40% afsláttur

allar seríur og jólaljós



LATIBÆR
SKEMMTIR
KL 14:30

DAGSKRÁ Í SKÚTUVOGI
LAUGARDAG

14:30-15:00
Latibær skemmtir



JÓLALAND
BLÓMAVALS

Jólaaland Blómavals er ævintýraheimur sem glatt hefur börn og fulloröna í áratugi.



JÓLAHLAÐBORD

Í SKÚTUVOGI

Laugardag og sunnudag 13:00-19:00

Virka daga 17:00-20:00

AÐEINS **1.980kr**

Börn 10 ára og yngri **500kr**



Gildir til sunnudags. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

VELKOMIN Á BÓKAMESSU

OPIÐ FRÁ KL. 12:00 – 17:00 Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG.
ENGINN AÐGANGSEYRIR.

RÁÐHÚSIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG:

STRÍÐSÁRIN 1938 – 1945

Gönguás, 1. hæð
Sýning á myndum
úr stórvirki
Páls Baldvins
Baldvinssonar
um stríðsárin
1938–1945
á Íslandi.

FÖNDURBORD FJÖLSKYLDUNNAR

Gönguás, 1. hæð
Fyrir börnin:
Litaðu skemmtilega
mynd eða teiknaðu
skrímsli. Heppnir
þátttakendur eiga von
á góðum glaðningi frá
Bókabeitunni.
Fyrir fullorðna:
Skrifaðu hugleiðingu
eða ljóð sem tengist
ferðalögum. Þú
gætir unnið eintak
af skáldsögunni
Vegur vindans –
buen camino frá
Bókabeitunni.

TRAKTORAR Í MÁLI OG MYNDUM

Vesturandyri
Ráðhússins
Óvenjuleg útstilling
sérstaklega tileinkuð
bókinni Traktorar í
máli og myndum.

ILMANDI SÚPA Tjarnarsalur

Rósa Guðbjarts
kynnir bókina Hollar
og heillandi súpur
og býður gestum
súpusmakk kl. 14:00
báða dagana.

LAUGARDAGUR

12:30 DREKAR, VINIR OG HREKKJUSVÍN

Borgarstjórnarsalur, 2. hæð

Gunnar Helgason: **Mamma klikk**
Sigrún Eldjárn: **Leyniturninn á Skuggaskeri**
Kristín Helga Gunnarsdóttir: **Mói hrekkjusvín**
Bergljót Arnalds: **Rusladrekkinn**
Jóna Valborg Árnadóttir: **Vinabókin**
Birgitta Haukdal: **Lára**
Þorgrímur Þráinsson: **Ég elska máva**

13:00 HAMINGJUKRÚSIN - Gönguás, 1. hæð

Herdís Björk Þórðardóttir og Kristín Margrét
Kristmannsdóttir, höfundar bókarinnar **Vikkala Sól og
hamingjukrúsin**, spjalla við börn og fullorðna um bókina
og safna hugmyndum í hamingjukrúsina.

13:00 EGILS SÖGUR – Á MEÐAN ÉG MAN - Matsalur, 1. hæð

Egill Ólafsson og Páll Valsson segja frá tilurð bókarinnar
Egils sögur þar sem bernskuárum Egils er lýst og Spilverkið,
Þursaflokkurinn og Stuðmenn koma við sögu. Einnig verður
lesið upp úr bókinni.

13:30 MAMÚSKA – AF VINÁTTU ÍSLENDINGS OG

MÍÐ-EVRÓPSKRAR MATMÓÐUR - Matsalur, 1. hæð

Halldór Guðmundsson spjallar um kynni sín af Mamúsku, konu
sem hann kynntist á ferðum sínum til Þýskalands á margra ára
tímabili. Bók Halldórs um Mamúsku hefur einnig verið gefin
út í Þýskalandi.

13:30 DRAUGAR, SKRÍMSLI OG FURÐUVERUR

– **HRYLLINGSSTUND FYRIR HUGRAKKA KRAKKA**

Borgarstjórnarsalur, 2. hæð

Gerður Kristný: **Dúkka**
Hildur Knútsdóttir: **Vetrarfrí**
Kjartan Yngvi Björnsson: **Ornstunga**
Ragnheiður Eyjólfssdóttir: **Arftakinn**
Gunnar Theodór Eggertsson: **Drauga-Dísa**
Ævar Þór Benediktsson: **Þín eigin goðsaga**
**Sleipnir mætir í lok sögustundarinnar og gefur börnunum
bókamerki.**

13:30 HEIMSBÓKMENNTASTUND – UPPLESTUR

Kaffihús, 1. hæð

Ef að vetrarnóttu ferðalangur eftir Italo Calvino í þýðingu
Brynju Cortes Andrésdóttur
Bernska, Æska, Mann dómsár eftir Leo Tolstoj í þýðingu
Áslaugar Agnarsdóttur
1984 eftir George Orwell í þýðingu Þórdísar Bachmann.
Markús Þórhallsson les
Spámennirnir í Botnleysufirði eftir Kim Leine í þýðingu Jóns
Halls Stefánssonar
Anna í Asparblæ (4. bókin um Önnu í Grænuhlíð) eftir Lucy
Maud Montgomery í þýðingu Sigríðar Láru Sigurjónsdóttur

14:00 TÍMAFLAKK OG FERÐASÖGUR - Matsalur, 1. hæð

Vegabréf, vísakort og lykjar eftir Unni Sveinsdóttur og Högna
Pál Harðarson. Höfundar segja frá fimm mánaða ferðalagi um
Mið-Asíu á mótörhjól.
Utangarðs? Ferðalag til fortíðar eftir Halldóru Kristinsdóttur
og Sigríði Hjördísi Jörundsdóttur. Höfundar segja frá
utangarðs- og förufólki á Vesturlandi og Vestfjörðum á 19. og
20. öld.
Listamaður á söguöldum Sigurlín Sveinbjarnardóttir fjallar
um danska listamanninn Johannes Larsen og sýnir myndir sem
hann gerði hér á landi af söguöldum Íslendingasagna.

14:00 TÓNLISTARHORN MAXA - Gönguás, 1. hæð

Hallfríður Ólafsdóttir og Linda Sigfúsdóttir bjóða upp á
þrautir og tónlist með Maxa fyrir yngstu tónlistarmennina.
Maxímús mætir á svæðið kl. 15:00.

14:00 CAFÉ SIGRÚN - Gönguás, 1. hæð

Sigrún Þorsteinsdóttir kynnir nýttkomna bók sína og gefur
gestum holla bita að smakka.

15:00 LJÓÐ FRÁ KÚBU - Borgarstjórnarsalur, 2. hæð

Skjólborgarskáld Reykjavíkur, Orlando Luis Pardo Lazo,
spjallar um skáldskap sinn og flytur eigin ljóð. Guðmundur
Ingi Þorvaldsson, leikari og leikhússtjóri Tjarnabíós, flytur
ljóðin í íslenskri þýðingu Sigrúnar Á. Eiríksdóttur. Kynnir er
rithöfundurinn Sjón.

15:00 LÆRDU AÐ TEFLA - Gönguás, 1. hæð

Taflfróðir nemendur úr Rimaskóla leiðbeina krökkum sem vilja
kynna sér skáklistina eða taka eina skák. Til sýnis verður einnig
bókin **Meistarar skáksögunnar** eftir Jón Þ. Þór.

15:00 MINECRAFT - Gönguás, 1. hæð

Kynning og sýnikennsla á þessum vinsæla tölvuleik. Spilarar
geta ýmist spilað einir eða við aðra, reist mannvirki eða farið í
ævintýraferðir.

15:00 LJÓÐASENAN – UPPLESTUR - Kaffihús, 1. hæð

Lubbi klettaskáld: **Skapalón**
Urður Snædal: **Þislinnar hennar mömmu**
Harpa Rún Kristjánsdóttir: **Ljóð og líf Helgu á Grjóta**
Óskar Árni Óskarsson: **Fjörutíu ný og gömul ráð við
hversdagslegum uppakomum**
Ari Trausti Guðmundsson: **Þankar um hringleið**
Kristján Þórður Hrafnsson: **Tveir Elvis Presley aðdáendur og
fleiri sonnettur**
Sjón: **Gráspörvar og ígulker**
Linda Vilhjálmsdóttir: **Frelsi**
Ragnar Helgi Ólafsson: **Til hughreystingar þeim sem finna sig
ekki í samtíma sínum**
Þórdís Gísladóttir: **Tilfinningarök**
Kristín Svava Tómasdóttir: **Stormviðvörun**

15:00 FÖRÐUN ÁN GLÚTENS – Gönguás, 1. hæð

Þórunn Eva, höfundur bókarinnar **Glútenfrítt líf**, kynnir verkið
og ráðleggur sérstaklega um förðun. Bókin tekur á flestu því
sem snertir fólk með glútenofnæmi.

15:15 ÓÐSMÁL - Matsalur, 1. hæð

Kynntar verða nýjar bækur frá útgáfunni **Freyjuköttum** sem
birta rannsóknir á launsögn og táknmáli og miða að því að
gera okkur læs á menningararf okkar Íslendinga.

15:30 FRÁ HUGMYND AÐ BÓK - Matsalur, 1. hæð

Bergrún Íris Sævarsdóttir spjallar um ferlið frá hugmynd að
tilbúinni myndabók fyrir börn út frá nýttkomnum bókum
sínum, **Sjáðu mig, sumar!** og **Viltu vera vinur minn?**

16:00 SKJÁLFTI OG BYLTINGAR - Borgarstjórnarsalur, 2. hæð

Auður Jónsdóttir og Kristín Helga Gunnarsdóttir spjalla
um nýjar bækur sínar, **Skjálfta** og **Litlar byltingar** við Höllu
Oddnýju Magnúsdóttur, dagskrárgerðarkonu á RÚV.

16:00 LEITIN AÐ TILGANGI UNGLINGSINS - Matsalur, 1. hæð

Hver er tilgangur unglingsins? Í þessu stórskemmtilega
uppstandi má (kannski) komast að því og heyra um leið
dálítið um bókina **Leitin að tilgangi unglingsins** eftir Bryndísi
Björgvinsdóttur, Óla Gunnar Gunnarsson og Arnór Björnsson.

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR

UM HELGINA..

UPPLESTRAR, SPJALL UM BÆKUR, LEIKIR OG GETRAUNIR,
LJÚFFENGT SMAKK OG ÓVÆNTAR UPPÁKOMUR.

SUNNUDAGUR

- 13:00 LISTIN AÐ DÁLEIÐA - Matsalur, 1. hæð**
Sólveig Klara Káradóttir, dáleiðslutæknir og hjúkrunarfræðingur, kynnrir bókina **Listin að dáleiða**. Hvað er dáleiðsla og hvernig virkar hún best?
- 13:00 SÖGUSTUND BARNANNA - Borgarstjórnarsalur, 2. hæð**
Áslaug Baldursdóttir: **Snuddustrákurinn**
Berggrún Íris Sævarsdóttir: **Viltu vera vinur minn?**
Edda Lára Lúðvíksdóttir: **Lárus eignast systkini**
Þórdís Gísladóttir: **Randalín, Mundi og afturgöngurnar**
Jóna Guðbjörg Torfadóttir: **Ævintýragarðurinn**
Jenný Kolsöe: **Amma óþekka og tröllin í fjöllumunum**
Hilmar Örn Óskarsson: **Kamilla Vindmylla og unglingarnir í iðunni**
Sleipnir mætir í lok sögustundarinnar og gefur börnunum bókamerki.
- 13:00 KÓMEDÍUSTUND FRÁ BILDUDAL - Kaffihús, 1. hæð**
Elfar Logi Hannesson, leikhússtjóri Kómedíuleikhússins, spjallar við gesti og les úr bókum sínum **Bildudalsbingó** og **Leiklist á Bildudal**.
- 13:30 SKÁLDAD OG SATT – UPPLESTUR - Kaffihús, 1. hæð**
Héðinn Unnsteinsson: **Vertu úlfur**
Guðmundur Brynjólfsson: **Líkvaka**
Hermann Stefánsson: **Leiðin út í heim**
Ásgeir Hvítaskáld: **Á flötta undan vindinum**
- 14:00 ELDUM SJÁLF - Gönguás, 1. hæð**
Dögg Hjaltalín kynnrir matreiðslubók sína **Eldum sjálf**. Skemmtilegar uppskriftir fyrir börn sem vilja spreyta sig í eldhúsinu. Boðið verður upp á smakk úr bókinni.
- 14:00 LÆRÐU AÐ FLÉTTA - Gönguás, 1. hæð**
Kynntar verða spennandi fléttuaðferðir úr bókinni **Fléttur – skref fyrir skref**.
- 14:00 TÓNLISTARHORN MAXA - Gönguás, 1. hæð**
Hallfríður Ólafsdóttir og Linda Sigfúsdóttir bjóða upp á þrautir og tónlist með Maxa fyrir yngstu tónlistarmennina. Maxímús mætir á svæðið kl. 15:00
- 14:00 SÆTMEI – ÁN SYKURS OG SÆTUEFNA Gönguás, 1. hæð**
Nanna Rögnvaldardóttir kynnrir bók sína þar sem má finna uppskriftir að fjölbreyttu góðgæti án sykurs. Boðið verður upp á holla og góða bita á meðan birgðir endast.
- 14:00 STRÍÐSÁRIN 1938-1945 - Matsalur, 1. hæð**
Páll Baldvín Baldvínsson kynnrir bók sína um stríðsárin á Íslandi í máli og myndum. Þetta stórvirki geymir fjölda frásagna, fréttaskeyta, leyniskjala, dagbóka og minningabrota, auk aragrúa ljósmynda sem margar koma nú í fyrsta sinn fyrir almenningssjónir.
- 14:30 ENDURMINNINGAR ÚR NORÐURMÝRI Matsalur, 1. hæð**
Páll Benediktsson, fyrrverandi fréttamaður, kynnrir endurminningabók sína **Loftklukkuna**.

- 14:30 ÍRLAND KALLAR – UPPLESTUR - Kaffihús, 1. hæð**
Eins og stelpa eftir Emer O'Toole, í þýðingu Ingunnar Snædal
Rachel fer í frí og **Er einhver þarna?** eftir Marian Keyes, í þýðingu Sigurlaugar Gunnarsdóttur
- 14:30 KARNEVALÍA - Borgarstjórnarsalur, 2. hæð**
Bragi Valdimar Skúlason og meðlimir úr Memfismafiunni kynna kostagripinn **Karnevalíu**. Þetta er sprellfjörug myndskreytt barnaplata eða söngskreytt ljóðabók eða myndasögubók með fylgitónlist. Við lofum góðri skemmtun, söng, tónlist og miklu stuði fyrir alla fjölskylduna.
- 15:00 LÆRÐU AÐ TEFLA - Gönguás, 1. hæð**
Taflfróðir nemendur úr Rimaskóla leiðbeina krökkum sem vilja kynna sér skáklistina eða taka eina skák. Til sýnis verður einnig bókinn **Meistarar skáksögunnar** eftir Jón P. Þór.
- 15:00 STUDY CAKE - Matsalur, 1. hæð**
Smáforritið **Study Cake** er nýstárleg leið til að gera heimavinnuna skemmtilegri með því að breyta henni í leik. **Study Cake** nýtist einnig vel til að efla læsi barna og unglinga. Hörður Guðmundsson, Kjartan Þórisson og Kristján Ingi Geirsson kynna forritið.
- 15:00 SÖGUR FYRIR ALLA – UPPLESTUR - Kaffihús, 1. hæð**
Ingibjörg Hjartardóttir: **Fjallkonan**
Ása Marín: **Vegur vindans**
Ragnhildur Hólmgeirsdóttir: **Koparborgin**
Davíð Þór Jónsson: **Mórún – í skugga Skrattakolls**
Silja Aðalsteinsdóttir: **Grimmsævintýri fyrir unga og gamla**
- 15:30 VASABÓK PARTÝLJÓNSINS - Matsalur, 1. hæð**
Pétur Bjarnason hefur tekið saman ómissandi handbók fyrir veislustjóra eða hvern þann sem vill skemmta öðrum við alls kyns tækifæri. Pétur flytur limrur og gamanmál úr bókinni.
- 16:00 GLÆPIR Í BORGARSTJÓRN - Borgarstjórnarsalur, 2. hæð**
Katrín Jakobsdóttir alþingiskona og krimmafræðingur fær glæpasagnahöfundana Lilju Sigurðardóttur, Ragnar Jónasson og Yrsu Sigurðardóttur til sín í borgarstjórnarsalinn og spjallar við þau um nýútkomnar bækur þeirra **Gildran**, **Dimma** og **Sogið**.
- 16:00 VÍSINDA-VILLI OG SÓLMYRKVA-SÆVAR Matsalur, 1. hæð**
Vísinda-Villi og Sólmyrkva-Sævar fjalla um himingeiminn fyrir unga og aldna og kynna bók sína **Vísindabók Villa - Geimurinn og geimferðir**. Fröðlegt og skemmtilegt fyrir alla aldurshópa.
- 16:30 ÓMAGAR – FLÓTTAMENN FORTÍÐAR - Kaffihús, 1. hæð**
Þórir Guðmundsson spjallar við lðunni Steinsdóttur um **Hrólfis sögu**, þar sem hún rekur sögu langafa síns, Hrólfis Hrólfssonar, sveitarómaga og síðar vinnumanns í lok 19. aldar.

Í GRENND VIÐ RÁÐHÚSIÐ Á SUNNUDAG:

15:00-16:00 LÍTIL SAGA ÚR ORGELHÚSI Dómkirkjan
Bergþór Pálsson og Guðný Einarsdóttir flytja tónlistarævintýrið **Lítill saga úr orgelhúsi**. Sif, minnsta orgelpípan, er orðin þreytt á eilífu rifrildi í orgelhúsinu. Hún fer burt að leita sér að betri stað að búa á. Þá verður uppnám í orgelhúsinu. Allir velkomnir í Dómkirkjunna.

17:00-19:00 AUSTANVINDUR Í TJARNARBÍÓI
Upplestur höfunda og þýðenda af austurlandi á Tjarnarbarnum í Tjarnarbíói. Lubbi klettaskáld: **Skapalón**
Urður Snædal: **Pislinnar hennar mömmu**
Davíð Þór Jónsson: **Mórún**
Skref fyrir skref eftir Louis Sachar í þýðingu Sigurlaugar Gunnarsdóttur
Ásgeir Hvítaskáld: **Á flötta undan vindinum**
Unnur Sveinsdóttir og Högni Harðarson: **Vegabréf, vísakort og lykjar að hjólinu**
Eins og stelpa eftir Emer O'Toole í þýðingu Ingunnar Snædal
Anna í Asparblæ eftir L.M. Montgomery í þýðingu Sigríðar Láru Sigurjónsdóttur
Er einhver þarna? eftir Marian Keyes í þýðingu Sigurlaugar Gunnarsdóttur.



FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Kamelljón skiptir um lit



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þegar kemur að forsetakosningum 2016 verður Ólafur Ragnar Grímsson forseti búinn að sitja 20 ár á valdastóli. Hann er meðal allra þaulsetnustu þjóðarleiðtoga að konungbornum frátöldum.

Forsetinn er pólitískt kamelljón. Þegar hann tók við embætti árið 1996 hafði hann nýverið látið af störfum sem formaður Alþýðubandalagsins, en hafði áður verið í Framsókn með millilendingu í Möðruvallahreyfingunni og Samtökum frjálslyndra og vinstri manna. Kjör Ólafs þótti ósigur fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Á síðari árum hefur Ólafur Ragnar sótt stuðning í raðir fyrri andstæðinga. Mestu réð líklega framganga hans í Icesave-málinu. Þar spilaði hann itrekað rússneska rúlettu og slapp. Það var hans sigurstund og mesta afrek að margra dómi. En að því var lengri aðdragandi. Vinstri maðurinn Ólafur Ragnar var á árunum fyrir hrún dyggur stuðningsmaður viðskiptalífsins og þótti mörgum nóg um. Ólafur tókst að vinna sér nýtt bakland og skipta um fylgi. Dæmigert fyrir hið pólitíska kamelljón.

Annað sem einkennt hefur forsetaferil Ólafs Ragnars er að tala óskýrt um eigin framtíð – halda þjóðinni í óvissu um hvort hann gefi kost á sér til endurkjörs. Vafalaust er þetta merki um sjálföruggi forsetans, sem ef til vill telur að vangaveltur um hvað hann hyggst fyrir séu helsta skemmtan landsmanna.

Steffið er orðið kunnuglegt, atburðarásin endurtekin. Fyrir kosningarnar 2012 var það „óvissa um stjórnarskrána og stöðu forsetans í henni, umrót í flokkakerfinu og í þjóðmálum varðandi átök um fullveldi Íslands“. Ólafur Ragnar brá sér í það skiptið í gervi bjargvættar þjóðarinnar frá Icesave og nýrri stjórnarskrá.

Í viðtali í vikunni, sem tekið var vegna hryðjuverka-árásanna í París, hvatti forsetinn Íslendinga til að vakna til meðvitundar gagnvart öfgafullri islamstrú. Hann reiddi hátt til höggs og sagði framgöngu islamista mestu ógn sem hefði stöðjað að frjálsu lýðræðislegu þjóðfélagi frá tímum nasismans. Að halda að við Íslendingar værum undanskilin frá þessari ógn væri barnsleg einfaldni, enda væru þess nú þegar dæmi að talsmenn erlends ríkis skiptu sér af innlendum trúarbrögðum. Væntanlega átti Ólafur þarna við Sádi-Arabíu.

Þeim sem fylgst hafa með ferli Ólafs Ragnars kemur ekki á óvart að forsetinn sé áberandi og marki sér víg-stöðu í málefnum nú þegar styttest fer í kosningar. Við höfum séð það áður. Hins vegar er nýlunda að forsetinn velji sér svo eldfimt og populískt mál til að auka vinsældir sínar. Forsetinn sem áður var framsóknarmaður og síðar sósíalisti hefur lokið för sinni. Hann hefur nú spannað allt hið pólitíska litróf.

Íslendingar eiga að vera vakandi fyrir hryðjuverka-ógninni eins og aðrar þjóðir. En talsmenn þjóðarinnar mega ekki ala á sundrunu og úlfúð til að tryggja sér fylgi þeirra óttaslegnu. Jafnvel þótt eitt kjörtímabil til sé í húfi.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Forsetinn gekk í gildru

Það voru tíu ár síðan umsátrinu um Sarajevó lauk. Sárin voru þó langt frá því að vera gróin. Borg sem hafði þurft að þola lengstu herkví í sögu nútímahernaðar var þakin örur. Í veggjum húsanna voru holur eftir sprengikúlur. Viða mátti sjá á götum það sem virtist við fyrstu sýn rauðir blóðpollar – þetta voru svokallaðar Sarajevó-rósir, skemmdir í malbikinu eftir sprengjur í laginu eins og rósir sem íbúar borgarinnar fylltu með rauðri trjákvöðu til minningar um þá sem létust. Enn voru svæði innan borgarinnar lokað af vegna hættu á jarðsprengjum.

Í ljós kom að fólkíð var hins vegar harðgerðara en húsín.

„Þið hefðuð getað dáið“

Leiðsögumaðurinn sem sýndi mér borgina var jafnaldri minn. Hann var þrettán ára þegar umsátrið um Sarajevó hófst í apríl 1992.

Ég þorði varla að spyrja en lét loks vaða: „Varstu ekki hræddur? Var ekki erfitt að vera lokaður inni í fjögur ár? Hvernig var að missa af unglingsárunum?“

Hann brosti kurteislega. „Það voru alveg partí.“

„Partí!“

„Eftir myrkrur. Þegar leyniskyttarnar áttu erfitt með að sjá okkur skjótast milli húsa.“

„En, en ... þið hefðuð getað dáið!“

Leiðsögumaðurinn yppti öxlum rétt eins og það að halda út í kúlnaregn til að fara í partí væri eins náttúrulegur hlutur og að draga andann.

Brast í grát í beinni

Fyrr í vikunni brast fréttamaður BBC, Graham Satchell, í grát í beinni útsendingu. Hann var staddur í París og flutti þaðan fréttir í kjölfar hryðjuverkanna þar í borg. En það var ekki harmleikurinn sem olli því að hann varð að binda enda á útsendinguna. Þvert á móti var það von og lífskraftur íbúa borgarinnar sem gerðu hann klökkkan. Parísarbúar virtust staðráðnir í að halda sínu striki, spóka sig á götunum, sitja á kaffihúsum með croissant og kampfavin. Ekkert fengi grandað lífsgleðinni, „joie de vivre“.

„The tourists like it“

Ég hélt að ég handléki fállegan útskorinn málmbólavasa þar sem ég stóð fyrir utan búð í verslunargötu Sarajevó sem seldi silfur og koparvörur.

„Þetta er skothylki úr stríðinu,“ sagði leiðsögumaðurinn. Ég flýtti mér að leggja stríðsleifar frá mér. Kaupmaðurinn og handverksmaðurinn sem framleiddi og skreytti sjálfur vörurnar sem voru til sölu í versluninni glótti.

„The tourists like it.“

Meira en 11.000 manns létust í Sarajevó á árunum sem borgin var í herkví. En af ótrúlegu æðruleysi kepptist fólk við að viðhalda daglegu lífi. Það fór til vinnu þótt engin væru launin og ferðalagið gæti kostað það lífið, reynt var að halda uppi skólasterfi í rústum bygginga og unglingar skemmtu sér alveg eins og jafnaldrar þeirra í Reykjavík. Markmið íbúa Sarajevó var að láta ekki óttann beisla mannsandann.

Boðberar óttans

Óttinn er markmið hryðjuverkamannsins. Eina leiðin til að hafa betur í baráttunni við ódæðismenn eins og þá sem voru að verki í París er að ríghalda í þau gildi sem óttanum er ætlað að útrýma: viðsýni, lífsgleði, umburðarlyndi, bjartsýni, náungakærleik, frelsi, jafnrétti og bræðralagi.

En í stað þess að berjast við að skapa eitthvað fállegt úr einhverju ljótu – svona eins og útskorinn blómavasa úr skothylki – færa nú margir frekari vopn upp í hendurnar á misindismönnum.

Upphrópanirnar hafa verið margar: þetta er stríð, þriðja heimsstyrjöldin, mesta hætta sem stöðjar að mannkyninu. Forseti Íslands lét ekki sitt eftir liggja og sagði að við ættum ekki að „lífa í barnalegri einfaldni um það að með einhverjum aðgerðum á sviði umburðarlyndis og félagslegum umbótum sé hægt að taka á þessum vanda“.

Þetta er hins vegar rangt hjá forsetanum. Það eru hann og skoðanasystkini hans, boðberar óttans, sem eru einfaldningarnir. Hryðjuverkamenn lögðu fyrir þau gildru og þau gengu beint í hana.

Það er í okkar valdi að spyrna við fótum. Látum ekki hafa af okkur mennskuna. Áfram „joie de vivre“!



Ólafi tókst að vinna sér nýtt bakland og skipta um fylgi. Dæmigert fyrir hið pólitíska kamelljón.

HÖFUNDASMIÐJA

Félag leikskálda og handritshöfunda og Borgarleikhúsið í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík efna til höfundasmiðju í Borgarleikhúsinu leikárið 2015-2016.

Auglýst er eftir verkum í vinnslu [ókjósanleg lengd um 50 mínútur]. Fjögur verk verða valin sem unnin verða með listrænum ráðunauti Borgarleikhússins og öðrum listamönnum hússins í viku í maí 2016. Greitt verður fyrir vinnuvikuna.

Fyrirhugað er að verkin verði flutt í Borgarleikhúsinu á Listahátíð, laugardaginn 14. maí, 2016. Vinsamlegast sendið inn umsókn ásamt sýnishorni úr verki (5-10 bls.) fyrir 15. desember á netfangið borgarleikhús@borgarleikhús.is

BORGARLEIKHÚSIÐ | 568 5500 | WWW.BORGARLEIKHUS.IS



Way of Life!

4WD, DIESEL MEÐ SJÁLFSKIPTINGU ENN BETRI S-CROSS FRUMSÝNDUR UM HELGINA

LAUGARDAGINN 21. NOV. FRÁ KL. 13-16.

SUZUKI BÍLAR HF.

25

ÁRA 1990-2015

VEGLEGUR 230.000. KR
KAUPAUKI FYLGIR ÖLLUM
S-CROSS FRAM TIL ÁRAMÓTA

ELDSNEYTISKORT AÐ
VERÐMÆTI 100 ÞÚS KR,
VETRARDEKK
OG GÚMMÍMOTTUR

S-CROSS

2WD VERÐ FRÁ KR.

3.890.000.

4WD VERÐ FRÁ KR.


4.410.000.

DIESEL SJÁLFSKIPTUR KR.

5.380.000.



DYNAMO REYKJAVÍK



Suzuki

S-CROSS er öflugur fram-
eða fjórhjóladrifinn jepplingur með ríkulegan
staðalbúnað. Meðaleyðsla er frá aðeins
4,5 l/100 sjálfskiptur.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

ALLGRIP

Allgrip skapar aksturseiginleika í sérflokk. Komdu og prófaðu. Þú kemst alla leið!



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Kanarí & Tenerife

Frá kr.
79.900

Kanarí – Sól fyrir jól

Roque Nublo
Frá kr. 79.900

Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 3 fullorðna í íbúð.

Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð.

2. desember í 17 nætur



SÉRTILBOÐ

Tenerife – Sól fyrir jól

Tamaimo Tropical
Frá kr. 118.900
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 118.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.

Netverð á mann frá kr. 136.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

3. desember í 17 nætur



SÉRTILBOÐ

Kanarí – Jólaferð

Gloria Palace
Frá kr. 225.900
m/hálfu fæði

Netverð á mann frá kr. 225.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.

Netverð á mann frá kr. 257.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

21. desember í 14 nætur



Kanarí – Jólaferð

Tisalaya Apartments
Frá kr. 134.900

Netverð á mann frá kr. 134.900 m.v. 3 í íbúð.

Netverð á mann frá kr. 149.900 m.v. 2 í íbúð.

21. desember í 14 nætur



SÉRTILBOÐ

Hryðjuverk og viðbrögð



Árni Páll Árnason
formaður
Samfylkingarinnar

Við urðum öll agnodfa við árástirnar í París í liðinni viku. Framundan er tími óvissu í alþjóðamálum og við vitum ekki hvaða áhrif þessir atburðir muni hafa til lengri tíma liðið. Það er mikilvægt að muna að þessi ofbeldisverk hafa ekkert með trú eða þjóðerni að gera. Þær byggja á óskiljanlegri og andstyggilegri hugmyndafraði, sem sér ógn í frjálsu samfélagi. Íslam er ekki vandamál í Evrópu, heldur ófgahreyfingar sem misnota tilfinningu annarrar og þriðju kynslóðar innflytjenda sem upplifa sig utanveltu.

Auðveld skotmörk

Hryðjuverkamenn síðustu ára eru oftast ungir piltar af múslímskum uppruna sem hafa alist upp í viðkomandi ríki, en upplifa sig utanveltu og eru félagslega veikburða. Þeir finna sig ekki í skóla eða vinnu og eiga ekki von um að ná sama árangri og aðrir. Útsendarar nálgast þá meðal annars í gegnum tölvusamskipti og næra með þeim ógafullar hugsanir og heimsmynd.

Það er sláandi að svipaður er bakgrunnur þeirra sem gerast sekir um hrikaleg fjöldamorð í Bandaríkjunum á síðustu misserum. Skortur á tengslum við samfélagið, videigandi skólagöngu og atvinnutækifærum fyrir unga piltar í vestrænum samfélögum er hætt að vera félagslegt eða menntarannsóknarlegt úrlausnarefni og er orðið mikilvægt öryggismál vestrænna samfélaga. Það er skrytið að þessar staðreyndir endurspeglar ekki í auknum opinberum framlögum til fjölbreytts framhaldsnáms sem mætir ólíkum þörfum, aðgangi að sálfræðiþjónustu og þróun fjölbreyttra atvinnutækifæra fyrir unga piltar.

Stóra myndin

Stóra myndin er svona: Það er jafn fráleitt að tengja íslam við hryðjuverk og ef við ræddum vændi og mansal alltaf sem sérstakt vandamál kvenna. Múslimar eru vissulega oftast fórnarlömb ofbeldis ófgamanna sem kenna sig við íslam og ungt fólk úr þeirra röðum verður sérstaklega fyrir barðinu á útsendurum slíkra afla, rétt eins og konur eru oftast fórnarlömb vændis og mansals. En skömmin og ábyrgðin á ofbeldinu liggur hjá þeim sem það boða, en ekki öllum múslimum og síst af öllu hjá fórnarlömbum ofbeldis.

Aukinn viðbúnaður

Um alla Evrópu er nú horft til þess hvernig hægt er að bregðast við þessum atburðum með hertri löggæslu og eftirliti. Það er sjálfsgætt að gera það og mikilvægt að löggæslan hafi fullnægjandi tæki til að bregðast við hættu. Mat á því má samt ekki byggja á hindurvitnum eða flökkusögum heldur staðreyndum og yfirvegaðri túlkun á þeim. Það hefur til dæmis ekkert komið fram sem styður við staðhæfingar um að opin landamæri Evrópu séu orsök þessara árasa. Við skulum því bregðast við aukinni löggæsluþörf ef hún er fyrir hendi en ekki búa hana til.

Við gætum vopnast til að reyna að mæta vandanum. Það mun hins vegar aldrei uppræta nýliðun í hópi ófgamanna, svo lengi sem áfram verða til félagslegar aðstæður sem ala á vonleysi og einangrunartilfinningu ungra piltar. Það er athyglisvert að bera saman jákvæð viðbrögð stjórnvalda á Vesturlöndum gagnvart óskum um frekari útgjöld til löggæslu og öryggismála og neikvæð viðbrögð við því að auka útgjöld til félagslegra lausna, svo sem því að auka framboð fjölbreytts framhaldsnáms og stjórna tækifærum ungs fólks. Bresk stjórnmöld skera nú til dæmis gríðarlega niður fjármagn til framhaldsnáms, á sama tíma og forðæmalausum fjárhæðum er varið í löggæsluviðbrögð við hryðjuverkum.

Lausnin felst í samheldni

Við skulum gæta okkar að draga réttar

Fær verzlunin að njóta sannmælis?



Ólafur Stephensen
frankvæmdastjóri
Félags atvinnurekenda

Boðað afnám tolla af fötum og skóm um áramótin hefur þegar stuðlað að lækkuð verðlagi í íslenskum verzlunum. Undanfarna daga hafa ýmsar fata- og skóbúðir lækkað verðið um 15%, eða hér það bil um það sem nemur tollunum.

Afnám tollanna er að sjálfsögðu mikið hagsmunamál innlendrar verzlunar, enda stuðlar það að því að neytendur kaupi fremur fatnað hér á landi en erlendis. Rétt eins og í fyrra, þegar afnám vörugjalda og lækkun efra þreps virðisaukaskatts var boðuð um áramót, er verzlunin þó að sumu leyti sett í erfiða stöðu með því að margir mánuðir liði frá tilkynningu um afnám tolla fram að gildistöku þess. Afleiðingin er tilhneiging neytenda til að halda að sér höndum og biða eftir gjaldalækkuninni, einmitt á þeim tíma sem er mesti uppgripatími verzlunarinnar.

Fata- og skóverzlanir bregðast nú við með sama hætti og raftækjaverzlanir gerðu margar hverjar í fyrra og lækka verðið strax um sem nemur þeim opinberu gjöldum sem falla niður, til að koma í veg fyrir minnkandi viðskipti. Fyrirtækin taka þannig í raun á sig toll-

ana um nokkurra vikna eða mánaða skeið. Neytendur njóta að sjálfsögðu góðs af þessu, en engu að síður hefur borið á því að fyrirtækin, sem ganga þannig á undan og færa neytendum ávinning afnáms opinberra gjalda áður en það hefur í raun átt sér stað, hafa ekki fengið að njóta sannmælis.

Gölluð úttekt á áhrifum afnáms vörugjalda

Þannig birtir verðlagseftirlit Alþýðusambandsins í maí síðastliðnum niðurstöður úttektar sinnar á því hvernig afnám vörugjalda á raftækjum hefði skilað sér. Þar var því haldið fram að verðlækkunir hefðu verið mun minni en búast mátti við. Aðferðirnar við gerð úttektarinnar voru því miður ekki boðlegar. Annars vegar voru valdir viðmiðunarpunktur í október 2014 og svo í apríl 2015. Fjöldi raftækjaverzlana lækkaði hins vegar hjá sér verðið í september 2014, fljótlega eftir að tilkynnt hafði verið um áformað afnám vörugjaldanna. Úttektin mældi því alls ekki hina raunverulega verðlækkun. Hins vegar var ekki tilgreint með skýrum hætti í úttektinni hvaða vörur var um að ræða í hverju tilvik og þannig var ekki ljóst að verði væri að bera saman verð sambærilegra vara. Hvort tveggja var til þess fallið að draga úr áreiðanleika niðurstaðna könnunarinnar, sem því miður voru teknar upp gagnrýnislaust af mörgum fjölmiðlum.

Það getur vissulega verið vandkvæðum bundið að mæla áhrif niðurfellingar opinberra gjalda á verðlag. Strax í kjölfar niðurfellingar tolla á



Við gætum vopnast til að reyna að mæta vandanum. Það mun hins vegar aldrei uppræta nýliðun í hópi ófgamanna, svo lengi sem áfram verða til félagslegar aðstæður sem ala á vonleysi og einangrunartilfinningu ungra piltar.

ályktanir af þessari þróun. Í hruninu jukum við framlög til fjölbreyttra lausna fyrir atvinnulaust ungt fólk með góðum árangri, en sú áhersla hefur síðan dregist saman. Við þurfum að auka framlög til þessara verkefna og leggja áherslu á fjölbreyttra framhaldsskóla sem er öllum opin. Stefnu stjórnvalda þarf að snúa við.

Frá aldamótum hefur fjöldi leikskólabarna með erlent ríkisfang sjöfaldast á Íslandi, en ungt fólk af erlendum uppruna er í miklu minni mæli í framhaldsskólum en fólk af íslenskum uppruna. Þarna þarf úrbætur og aukna áherslu á að auðvelda fólki af erlendum uppruna framgang í skólakerfinu. Stefna núverandi menntamálaráðherra um harðari kröfur um námsframvindu, hraðara nám og lokun framhaldsskólans fyrir eldri nemendum er eins vitlaus og hugsast getur í þessu samhengi.

Brjótum niður félagslega einangrun

Viðbrögð Vesturlanda við þessari ógn munu skipta öllu um þróun samfélaga okkar á næstu áratugum. Besta svarið hlýtur að vera það sem Jens Stoltenberg gaf eftir fjöldamorðin í Ósló og Útey: Eflum enn frekar opið, frjálst samfélag og mannúð, án þess þó að eiga lítið úr hættunum sem við er að gera. Við skulum ekki vanmeta hættuna heldur bregðast við henni af þeirri alvöru sem nauðsynleg er. En við skulum ekki bregðast við með því að hamast bara á afleiðingum félagslegs óréttlætis, heldur ráðast líka að rótum þess.



Fyrirfram er engin ástæða til þess að ætla að verzlunarfyrirtæki láti ekki lækkun tolla koma fram að fullu í vöruverði. Ástæðan er að þau eiga í harðri samkeppni við erlenda verzlun.

fötum og skóm um áramótin hefst til dæmis hefðbundnar janúarútsölur á þessum vörum. Mælingar á því hvort tollalækkunin skili sér þurfa að taka tillit til þess. Sömuleiðis verður að taka tillit til þess að ekki bera öll fót eða skór tolla í dag. Afnámið á eingöngu við um þær vörur sem eru framleiddar utan Evrópska efnahagssvæðisins, en vörur framleiddar á EES bera ekki tolla í dag.

Fyrirfram er engin ástæða til þess að ætla að verzlunarfyrirtæki láti ekki lækkun tolla koma fram að fullu í vöruverði. Ástæðan er að þau eiga í harðri samkeppni við erlenda verzlun og þurfa á öllu sínu að halda í þeirri samkeppni.

Aðhald neytenda með því að lækkunar á opinberum gjöldum skili sér í vöruverði er sjálfsgætt og eðlilegt og stuðlar að heilbrigðum viðskiptaháttum og virkri samkeppni. Það verður hins vegar að gera þá kröfu til verðkannana að þær séu vel úr garði gerðar og gefi rétta mynd af verðlagi og verðbreytingum. Á því hefur verið misbrestur hvað varðar kannanir ASÍ og er óskandi að úr því verði bætt.

Vetrarvörur fyrir bíla



YUASA

Með hverjum keyptum Yuasa rafgeymi færðu 20% afslátt á Ctek hleðslutæki.



Midtronics

- rafgeymamælar með íslenskrí útprentun.
- Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum
- þér að kostnaðarlausu.



Denso

kerti fyrir veturinn



Startkapplar

300Amp, 400Amp,
500Amp, 850Amp

THULE
SWEDEN

Bretta- og skíðafestingar



LIQUI MOLY

Efnavörur fyrir bíla

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is


RANDALÍN, MUNDI OG AFTURGÖNGURNAR
ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR OG ÞÓRARINN M. BALDURSSON

SELJA VEITINGASTAÐIR KATTAKJÖT?



FRÁBÆR BÓK
FYRIR 5-10 ÁRA

Þórdís Gísladóttir



Fyrsta bók höfunda hlaut Bóksalaverðlaunin og Fjöruverðlaunin.

Þórarinn M. Baldursson myndskreytti.

BJARTUR

Það sem ég vonast eftir á Parísarfundinum



Ban Ki-moon
aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna

Í þau tæplega níu ár sem ég hef verið aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hef ég ferðast til margra staða víða um heim þar sem afleiðingar loftslagsbreytinga eru þegar farnar að blasa við. Ég hef margoft rætt við leiðtoga ríkja heims, forystumenn í atvinnulífi og almenna borgara um brýna þörf fyrir andspyrnu á heimsvísu.

Hvers vegna er þetta mál mér svo kært?

Í fyrsta lagi vegna þess að eins og allir afar ber ég hag barnabarnanna fyrir brjósti og vil að þau njóti fegurðar og allsnægta heilbrigðrar plánetu. Og eins og allar manneskjur tek ég nærri mér að sjá að flóð, þurrkar og eldsvoðar færast í aukana, að eyþjóðir eigi á hættu að missa land sitt og að ófár dýrategundir séu að hverfa.

Hans heilagleiki Frans páfi og aðrir trúarleiðtogar hafa minnt okkur á að það er siðferðileg skylda okkar að sýna þeim samstöðu sem eru fátækastir og minnst mega sín og hafa í senn gert minnst til að valda loftslagsbreytingum og verða fyrst og hardast fyrir barðinu á þeim.

Í öðru lagi þá hef ég sem oddviti Sameinuðu þjóðanna lagt áherslu á loftslagsbreytingar vegna þess að þær eru vandamál sem engin þjóð getur glímt við upp á eigin spýtur. Loftslagsbreytingar skeyta ekki um vegabréf; losun á einum stað veldur usla alls staðar. Þær ógna lífi og lífsviðurværi um allan heim. Efnahagslegur stöðugleiki og öryggi þjóða eru í hættu, Sameinuðu þjóðirnar einar eru í stakk búnar til þess að bregðast við þessu einstaka hnattræna vandamáli sem krefst sameiginlegra andsvara.

Farin að sjá árangur

Samningaviðræður fyrir Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París (30. nóvember til 11. desember) hafa gengið hægt og treglega. En við erum farin að sjá árangur. 166 ríki, sem í sameiningu standa fyrir 90% losunar efna sem valda gróðurhúsáhrifum, hafa hlýtt kalli Sameinuðu þjóðanna og skilað landsmarkmiðum í loftslagsmálum. Ef þessum áætlunum verður hrint í framkvæmd á árangursríkan hátt, munu þær draga úr hækkun hitastigs, þannig að hækkunin yrði um það bil þrjár gráður á Celsius um aldarlok.

Þetta eru talsverðar framfarir. En þetta er ekki nóg. Það sem við þurfum að gera nú er að spýta í lófana og minnka losun í heiminum meir og hraðar, þannig að við höldum hækkun hitastigs í heiminum innan tveggja gráða á Celsius.

Um leið verðum við að styðja við bakið á ríkjum til þess að aðlagast óumflýjanlegum afleiðingum loftslagsbreytinga sem þegar eru farnar að koma í ljós.

Því fyrr sem við bregðumst við, því betra fyrir alla; í veldi eru aukinn stöðugleiki og öryggi; öflugri og varanlegri hagvöxtur, aukinn viðnámsþróttur gegn áföllum; hreinna loft og vatn; bætt heilsa.

Þetta mun ekki takast á skömmum tíma. Loftslagsráðstefnan í París er ekki endastöð. Niðurstöður hennar eru ekki hámark heldur lágmark, gólf en ekki þak. Hún ætti að vera vendipunktur á



Boðskapur minn til leiðtoga heimsins er skýr: árangur Parísarfundarins er á ykkar ábyrgð. Stund heilbrigðrar skynsemi, málamiðlana og einhugar er runnin upp.

leið okkar í átt til minni losunar og aukins viðnámsþróttar gagnvart loftslagsbreytingum.

Nú er komið að ríkisstjórnnum

Um allan heim er verið að fylkja liði. Borgir, fyrirtæki og fjárfestar, trúarleiðtogar og almennir borgarar leggja sín lóð á vogarskálarnar til að minnka útblástur og auka viðnámsþrótt. Nú er komið að ríkisstjórnnum að ganga frá innihaldsríku, bindandi samkomulagi í París til þess að setja skýrar reglur og finna auknum metnaði heimsins farveg. Til að svo megi verða, verða samningamenn að fá skýrar leiðbeiningar að ofan.

Ég tel að þessa sé að vænta. Leiðtogar G20 ríkjanna, sem hittust að máli fyrir skemmstu í Antalya í Tyrklandi, hétu aðgerðum í loftslagsmálum. Og meira en 120 leiðtogar ríkja og ríkisstjórna hafa staðfest þátttöku í fundinum í París, þrátt fyrir auknar áhyggjur af öryggi í kjölfar hryðjuverkaárásanna.

Ég tel að niðurstöður Parísarfundarins verði að einkennast af fjórum þáttum eigi hann að teljast árangursríkur en þeir eru varanleiki, sveigjanleiki, samstaða og trúverðugleiki.

Við skulum fyrst líta á varanleikann. Parísarfundurinn verður að komast að niðurstöðu í samræmi við það langtíamarkmið að halda hlýnun jarðar innan tveggja gráða á Celsius. Þá ber að senda skýr skilaboð til markaðarins um að það sé ekki aðeins óhjákvæmilegt að hagkerfi heimsins verði kolefnasnautt, heldur sé sú jákvæða vegferð þegar hafin.

Í öðru lagi ber samkomulaginu

að fela í sér sveigjanleika til þess að ekki þurfi sífellt að semja upp á nýtt. Það verður að vera hægt að taka tillit til breytinga í hagkerfi heimsins og mynda jafnvægi á milli forystu þróaðra ríkja og aukinnar ábyrgðar þróunarrikja.

Í þriðja lagi verður samkomulagið að sýna í verki samstöðu meðal annars í krafti fjármagns- og tækniflutninga til þróunarrikja. Þróðum ríkjum ber að standa við fyrirheit um að 100 milljórdum Bandaríkjadala sé varið árlega, ekki síðar en 2020, til aðlögunar og mildunar á áhrifum loftslagsbreytinga.

Í fjórða lagi ber að komast að trúverðugu samkomulagi um að bregðast við sífellt auknum afleiðingum loftslagsbreytinga. Það verður að gera ráð fyrir að ríkisstjórnir endurmeti og efla landsmarkmið sín á fimm ára fresti í takt við kröfur vísinda. Í Parísarsamkomulaginu verða að vera ákvæði um gagnsæja og öflugra ferla til að meta, fylgjast með og gera grein fyrir árangri.

Sameinuðu þjóðirnar eru reiðubúnar til að styðja ríki í að hrinda slíkum samningi í framkvæmd.

Skýr boðskapur

Innihaldsríkt samkomulag í París mun stuðla að betri morgundegi. Það mun greiða fyrir upprætingu fátækta, hreinsun andrúmsloftsins og verndun sjávar og eflingu almenns heilbrigðis, skapa störf og leysa grænar lausnir úr læðingi. Þá mun það glæða vonir um að Heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun verði náð. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að ég tel loftslagsbreytingar svo mikilvægar sem raun ber vitni.

Boðskapur minn til leiðtoga heimsins er skýr: árangur Parísarfundarins er á ykkar ábyrgð. Stund heilbrigðrar skynsemi, málamiðlana og einhugar er runnin upp. Það er kominn tími til að líta út fyrir þrönga hagsmuni einstakra þjóða og hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Íbúar heimsins og komandi kynslóðir treysta á framsýni ykkar og hugrekki til að grípa sögulegt tækifæri.

CITROËN C4



25 VERÐLAUN, TAKK FYRIR!

Hugmyndafræðin að baki Citroën C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svo sannarlega slegið í gegn. Nú þegar hefur hann hlotið 25 verðlaun víðsvegar um heiminn. Þar á meðal var hann valinn Bill ársins 2016 á Íslandi í sínum flokki.

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

Velkomin í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

NÓVEMBERTILBOÐ

Vetrardekk að verðmæti 140.000 kr.
fylgja nýjum Citroën C4 Cactus í nóvember.
Þú færð bílinn á vetrardekkjum og
sumardekkinn í skottið. Nýttu tækifærið.

15 ára afmæli
Citroën
á Brimborg



Öruggur staður til að vera á

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050





CLEVELAND

Þriggja sæta sófi, ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.

Stærð: 208 x 86 x 81 cm

72.573 kr. ~~89.990 kr.~~

IDdesign



DC 5000

Þriggja sæta sófi. Grátt slitsterkt áklæði. Fáanlegur tveggja sæta.

Stærð: 3ja 203 x 79 H: 81 cm.

177.411 kr. ~~249.990 kr.~~

IDdesign



COSTA

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Hvítt eða svart bongo áklæði.

Stærð:

B:340 D:240/163 cm

322.573 kr.
~~399.990 kr.~~



VESTA

Tungusófi há, hægri og vinstri tunga. Divine antrazit eða grár.

Stærð: 295 x 94/160 x 80 cm

322.573 kr. ~~399.990 kr.~~

furninova



UMBRIA

Tungusófi XL, hægri eða vinstri tunga. Grátt eða dökkgrátt áklæði.

Stærð: 305 x 163 x 78 cm

Aukahlutir á mynd:

Hnakkapúði og armpúðar.

217.734 kr. ~~269.990 kr.~~

IDdesign



MIDLAND

Hættulega notalegur tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.

Klæddur brúnu microfíber áklæði.

Einnig fáanlegur í ljósu áklæði

Stærð: 280 x 175 x 95 cm

Brúnt áklæði

362.896 kr. ~~449.990 kr.~~

Ljóst áklæði

314.508 kr. ~~389.990 kr.~~

Broyhill



LARSON

Nýr og skemmtilegur La-Z-Boy sjónvarpssófi með niðurfellanlegu borði. Klæddur slitsterku áklæði og fáanlegur í dökkbláum lit.

Stærð: 220 x 100 x 105 cm

274.185 kr.
~~339.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

SÓFAR TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði*

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ

LÝKUR UM HELGINA



F furninova

PASO DOBLE

Hornsófi með tungu.
Slitsterkt áklæði í mörgum litum.
Stærð: 375 x 156/258 x 80 cm

451.605 kr. ~~559.990 kr.~~

Full búð af
spennandi
gjafavöru



Þú finnur nýju jóla- og sófa-taxfreeblöðin okkar á www.husgagnahollin.is



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga.
Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 231 x 140 x 81 cm

96.766 kr. ~~119.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður viðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað

Húsgagnahallarinnar. Gildir ekki á Kamma afmællissófanum.

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**



Eru alltaf í aðalhlutverkum

Allt snýst um tvo bestu fótboldamenn heims, Cristiano Ronaldo og Lionel Messi, þótt sá síðarnefndi hafi ekki verið með í tvo mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Málþing með notendum Faxaflóahafna Miðvikudaginn 25. nóvember, kl. 16:00 í HÖRPU

Til þess að kynna það sem efst er á baugi hjá Faxaflóahöfnum sf. og fræðast um starfsemina á hafnarsvæðum fyrirtækisins boða Faxaflóahafnir sf. til málþings miðvikudaginn 25. nóvember kl. 16:00 í Hörpu (salur: Ríma).

Dagskrá málþingsins á að snerta málefni sem flestra á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. og verður sem hér segir:

- **Gísli Gíslason, hafnarstjóri:**
- Framkvæmdir og verkefni Faxaflóahafna sf. árið 2016.
- **Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Akranesskaupstaðar:**
- Akraneshöfn og Sementsreitir – þróun og markmið til framtíðar.
- **Helgi Laxdal, forstöðumaður rekstrardeildar Faxaflóahafna sf.:**
- Verkefni Faxaflóahafna sf. til betra umhverfis.
- **Kristín Soffía Jónsdóttir, stjórnarformaður Faxaflóahafna sf.:**
- Flóasiglingar og ný Akraborg.
- **Svavar Svavarsson, deildarstjóri viðskiptaþróunar HB Granda hf.:**
- Sjálfbær sjávarútvegur sem mengar ekki.
- **Umræður og fyrirspurnir.**

Fundurinn er opin öllum, en þeir sem eru með starfsemi á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. eru sérstaklega hvattir til að mæta. Á fundinum gefst tækifæri til þess að koma með fyrirspurnir og ábendingar um það sem varðar hafnarrekstur, þjónustu og aðstöðu fyrir viðskiptavinum.

Gísli Gíslason,
hafnarstjóri

Lionel Messi hefur misst af síðustu níu leikjum Barcelona en verður samt í aðalhlutverki í El Clásico í dag.

FÓTBOLTI Annar af tveimur stærstu leikjum hvers tímabils í spænsku 1. deildinni, El Clásico, viðureign Real Madrid og Barcelona, fer fram á Santiago Bernabéu í höfuðborg Spánar í dag. Hinn stærsti leikurinn er vitaskuld þegar þessi risar og miklu erkiffendur mætast aftur.

Barcelona er efst í deildinni með 27 stig, þremur stigum á undan Real Madrid. Þessi lið vinna svo marga fótboldaleiki á hverju ári í spænsku deildinni að Real má einfaldlega ekki við því að tapa í dag og hleypa Börsungum sex stigum á undan sér. Það er því ansi mikið undir þó mótíð sé ekki einu sinni hálfnað.

Messi eða ekki?

Brasilíski framherjinn Neymar hefur farið á kostum á tímabilinu og er að draga vagninn ásamt Luis Suárez í fjarveru Messi. Það hefur hann gert áður en er að skila enn betra hlutverki að þessu sinni.

Lionel Messi hefur ekki spilað síðustu níu leiki Barcelona vegna meiðsla en í síðustu sjö leikjum er Neymar búinn að skora tíu mörk og gefa sex stóðsendingar. Hann er í raun akkúrat á þessari stundu aðalmaður Barcelona-liðsins. Eða svo hefðu flestir haldið.

Saga leiksins er samt meira eða minna sú hvort Lionel Messi verði með. Argentínumaðurinn mætti aftur til æfinga í vikunni eftir að meiðast í byrjun október. Auðvitað verður hann með, en hverju getur hann skilað í fyrsta leik eftir þessi meiðslu? Hann getur með marki í dag orðið markahæsti leikmaðurinn í sögu deildarútgáfu El Clásico-leikjanna með 15 mörk. Hann er nú jafn Alfredo Di Stéfano með fjórtán.

Messi og Ronaldo eru alltaf stóra sagan fyrir hvern Clásico-leik og það breytist ekkert núna. Þegar tveir bestu fótboldamenn heims mætast í risaslag tveggja bestu fótboldaliða heims horfa allir.

tomas@365.is

Nýjast

Domino's-deild karla

Höttur 71–82 FSu

Höttur: Tobin Carberry 24, Hallmar Hallsson 17, Mirko Virijevic 9, Eysteinn Ævarsson 9.
FSu: Chris Caird 20, Ari Gylfason 18, Hlynur Hreinnsson 16, Birkir Viðisson 12.

Þór 74–84 Grindavík

Þór: Vance Hall 23, Ragnar Nathanaelsson 18, Þorsteinn Már Ragnarsson 12.
Grindavík: Eric Wise 30, Jón Axel Guðmundsson 18, Jóhann Árni Ólafsson 14.

Staðan

Efst	Neðst		
Keflavík	14	Haukar	8
KR	10	Snæfell	6
Njarðvík	10	Tindastóll	6
Stjarnan	8	ÍR	4
Grindavík	8	FSu	2
Þór	8	Höttur	0

Olís-deild karla

ÍR 26–27 ÍBV

ÍR: Sturla Ásgeirsson 5/1, Ingvar Birgisson 5, Davíð Georgsson 4, Jón Björgvinsson 3.
ÍBV: Kári Kristján Kristjánsson 6/2, Einar Sverrisson 6, Andri Heimir Friðriksson 4.

Staðan

Efst	Neðst		
Haukar	22	Grótta	12
Valur	20	Akureyri	10
Fram	18	FH	10
Afturelding	15	ÍR	9
ÍBV	14	Vikingur	4

EVROPULEIKIR UM HELGINA

Tvö íslensk lið verða á ferðinni í Evrópukeppninni í handbolta um helgina.

Í dag taka Fram-stelpur á móti rúmenska liðinu HCM Roman. Þetta er seinni leikur liðanna í EHF-bikarnum. Rúmenska liðið vann fyrri leikinn á heimavelli, 29-25, þannig að Fram þarf að vinna upp fjögurra marka forskot í Safamýrinni í dag. Leikurinn hefst klukkan 17.00.

Á morgun er komið að körlunum en þá taka Haukar á móti franska liðinu St. Raphael. Þetta er fyrri leikur liðanna í 32-liða úrslitum EHF-bikarsins. Hann hefst klukkan 18.00.

Þetta er í fyrsta sinn í mörg ár sem erlent stórlíð kemur til Íslands að spila Evrópukeik. St. Raphael er í öðru sæti í frönsku deildinni og með því leikur íslenski landsliðsmaðurinn Arnór Atlason.



Í dag

12.35	Watford - Man. Utd	Sport 2
14.50	WBA - Arsenal	Sport 2
14.50	Chelsea - Norwich	Sport 3
14.50	Swansea - Bournemouth	Sport 4
14.50	Southampton - Stoke	Sport 5
14.50	Everton - Aston Villa	Sport 6
14.50	Newcastle - Leicester	Stöð 3
17.15	Real Madrid - Barcelona	Sport
17.20	Man. City - Liverpool	Sport 2
18.00	RSM Classic	Golfstöðin
19.40	PSG - Kiel	Sport 3
19.40	Juventus - AC Milan	Sport

Sunnudagur

11.25	Verona - Napoli	Sport
13.55	Atalanta - Torino	Sport 3
13.55	Udinese - Sampdoria	Sport
15.50	Spurs - West Ham	Sport 2
16.40	Vardar - Barcelona	Sport
18.00	RSM Classic	Golfstöðin
21.20	Minnesota - Green Bay	Sport

Verðlaunabíllinn Hyundai i10



ENNEM / SIA / NM70972

OPÍÐ Í DAG FRÁ 12-16

Núyr Hyundai i10 vann til 10 verðlauna á síðasta ári og er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nújan Hyundai i10 voru á einu máli um að þar sé á ferðinni smábíll í fullum gæðum.

Hyundai i10 - Verð frá 1.990.000 kr.



HYUNDAI

NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



Comfort útgáfa verð 2.190.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphituð sæti / upphitaðir rafdrifnir speglar / rafdrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hjómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kaupúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

Yaxell hníf fyrir kröfuharða kokkinn



Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16
Ópið mán - fös 8:30 - 17:00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Veit á vandaða lausn

FASTUS



Stigahæstu landsliðskonur Íslands frá upphafi

Helena Sverrisdóttir	999
Anna María Sveinsdóttir	759
Birna Valgarðsdóttir	730
Signý Hermannsdóttir	509
Hildur Sigurðardóttir	435
Erla Þorsteinsdóttir	377
Guðbjörg Norðfjörð	376
Linda Stefánsdóttir	293
Helga Þorvaldsdóttir	287
Alda Leif Jónsdóttir	284
Björg Hafsteinsdóttir	270
Erla Reynisdóttir	265



Helena Sverrisdóttir er í aðalhlutverki í íslenska kvennalandsliðinu í körfubolta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bara eitt stig í viðbót

Ísland spilar í kvöld sinn fyrsta leik í undankeppni EM 2017 og nánast öruggt er að Helena Sverrisdóttir muni þá skora sitt þúsundasta landsliðsstig. Það er við hæfi að hún geri það á sínum gamla heimavelli í Ungverjalandi.

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is



KÖRFUBOLTI Auðvitað snýst allt um Helenu Sverrisdóttur í fyrsta leik kvennalandsliðsins í Evrópukeppni í sex ár. Það er ekki nóg með að hún geti náð stóru takmarki í sögu íslenska landsliðsins eða það að hún sé fyrirliði og besti leikmaður í íslenska liðsins heldur eru allar kringumstæðurnar í Miskolc í Ungverjalandi tengdar henni líka.

Helena er nefnilega mætt á sinn gamla heimavöll og hún er að spila á móti sínum gamla þjálfara og á móti mörgum af fyrrverandi liðsfélögum sínum úr atvinnumenskunni.

Helena spilaði með liði DVTK Miskolc, bæði í ungversku deildinni og Evrópukeppni, veturinn 2013-14. Hún leiðir íslenska liðið ekki bara innan vallar heldur getur hún líka farið með stelpurnar í skoðunarferð.

Helena hefur verið stigahæsta landsliðskonu Íslands frá upphafi í meira en tvö ár eða síðan hún bætti stigamet Önnu Maríu Sveinsdóttur á Smáþjódaleikunum í júní 2013. Helena hefði líklega verið löngu búin að því hefði landsliðið ekki verið lagt í dvala í tvö ár frá 2010 til 2011.

Helena hefur heldur ekki slegið slöku við síðan hún eignaðist metið og er nú bara einu stigi frá því að skora sitt þúsundasta stig.

336 stigum meira en allar hinar
Helena sker sig svo sannarlega úr þegar kemur að stigaskori með landsliðinu. Það eru tólf stelpur í hópnum fyrir Ungverjalandi og tvær af þeim eru að fara að spila sinn fyrsta leik. Hinar tíu hafa saman skorað samanlagt 663 stig fyrir íslenska landsliðið eða 336 stigum færri en Helena ein og sér.

Mikilvægi og sérstaða Helenu sést líka á því að hún er búin að vera

stigahæst í 36 af síðustu 42 leikjum íslenska kvennalandsliðsins og þegar Sara Rún Hinriksdóttir náði að skora meira en hún í leik á móti Dönum í æfingamóti í Kaupmannahöfn í sumar þá endaði Sara Rún átján leikja einokun Helenu á því að vera stigahæsti leikmaður liðsins.

Spilað alla leiki í ellefu ár

Helena hefur ekki aðeins skorað 17 stig að meðaltali eða meira á síðustu átta landsliðsárum því hún hefur auk þess ekki misst úr landsleik í meira en ellefu ár. Leikurinn á móti Ungverjum í dag verður 55. landsleikurinn í röð hjá Helenu.

Helena Sverrisdóttir hefur ekki misst úr landsleik síðan sumarið 2004 þegar hún var upptekin með sextán ára landsliðinu á EM í Eistlandi á sama tíma og A-landsliðið tók þátt í Evrópumóti smáþjóða (Promotion cup) í Andorra.

Helena hefur leikið alla A-landsleiki í ellefu ár, þrjá mánuði og 21 dag. Ísland lék síðast án hennar í sigurleik á móti Lúxemborg í úrslitaleik í Evrópumóti smáþjóða 31. júlí 2004.

Helena skoraði ekki í fyrstu þremur landsleikjum sínum og hefur þar með ekki misst úr landsleik síðan hún skoraði sitt fyrsta landsliðsstig í sigri á Norgegi á Norðurlandamótinu í Arvika 11. ágúst 2004.

Helena er 27 ára gömul og ætti að hafa næg tækifæri til að bæta við stigum. Tvö þúsund stiga múrinn er reyndar fjarlægur draumur en besta körfuboltakona Íslands ætti að eiga tækifæri til að bæta vel við metið sitt áður en hún klárar landsliðsferilinn.

Helena í tölum

Landsliðsár Helenu

14 ára 2002	0 stig
16 ára 2004	102 stig (17,0 í leik)
17 ára 2005	92 stig (15,3)
18 ára 2006	53 stig (17,7)
19 ára 2007	63 stig (21,0)
20 ára 2008	185 stig (20,6)
21 árs 2009	136 stig (17,0)
- Ekkert landslið 2010-2011	
24 ára 2012	83 stig (20,8)
25 ára 2013	61 stig (20,3)
26 ára 2014	114 stig (19,0)
27 ára 2015	110 stig (18,3)

Samanlagt 57 landsleikir 999 stig (17,5)

Stigaskor eftir landsleikjum

Leikir með 30 stig eða meira:	3
Leikir með 20 til 29 stig:	18
Leikir með 15 til 19 stig:	18
Leikir með 10 til 14 stig:	12
Leikir með minna en 10 stig:	6

Gegn einstökum þjóðum

Danmörk	135 stig (19,3 í leik)
England	96 (16,0)
Malta	94 (18,8)
Noregur	86 (17,2)
Holland	83 (20,8)
Írland	79 (19,8)
Finnland	76 (19,0)
Lúxemborg	60 (12,0)
Svartfjallaland	57 (28,5)
Svíþjóð	46 (11,5)
Slóvenía	37 (18,5)
Kýpur	35 (17,5)
Sviss	29 (14,5)
Gíbraltar	20 (20,0)
Austurríki	18 (18,0)
Mónakó	16 (16,0)
Andorra	16 (16,0)
Skotland	16 (16,0)



PAMPERS GÆÐABLEYJUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Botnverð á Pampers bleyjum í Iceland



Pampers

ÓTRÚLEGT
VERÐ


TILBOÐ Á BLEYJUM
1199 kr.
pakkin

PAMPERS
ALLAR STÆRÐIR - STÓRIR PAKKAR



BLAUTÞURRKUR
199 kr.
pakkin

PAMPERS
GÆÐABLAUTÞURRKUR



Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að 14 daga vaxtalausn greiðslufrest.
Skráðu þig á www.netgiro.is

 **Netgíró**
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland



Það verður mikið fjör á Bókamessunni. Bryndis Loftsdóttir og Lára Aðalsteinsdóttir voru í óðaönn að undirbúa messuna þegar ljósmyndara bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.fi.is

Fræðslu- og myndakvöld

Hellismannaleið frá Heklu yfir í Landmannalaugar

Ferðafélag Íslands stendur fyrir fræðslu- og myndakvöldi nk. miðvikudag, 25. nóvember, kl. 20:00 í sal FÍ.

Hellismannaleið frá Heklu yfir í Landmannalaugar í máli og myndum

Guðni Olgeirsson segir frá og sýnir myndir frá Hellismannaleið.

Aðgangseyrir kr. 600, innifalið kaffi og kleinur.

Allir velkomnir!

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

Bækur ársins kynntar á Bókamessu

Um 700 bækur koma út á árinu og verða þær allar kynntar í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina á árlegri Bókamessu Bókmenntaborgarinnar. Fjöldi uppákoma verður alla helgina fyrir alla aldurshópa.

Viktória Hermannsdóttir
viktoriam@frettabladid.is

Hin árlega Bókamessa fer fram í Ráðhúsinu um helgina en þetta er í fimmta skipti sem hún er haldin. „Þar koma saman allir útgefendur landsins með nýjustu bækurnar. Fólk getur séð á einum stað allt sem hefur komið út í ár,“ segir Lára Aðalsteinsdóttir, verkefnastjóri Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO. Boðið verður upp á fjölbreytta bókmenntadagskrá fyrir fólk á öllum aldri.

„Þetta er einstakt tækifæri til að hitta rithöfundana og útgefendur. Það verður líka hægt að fá áritanir hjá höfunum vilji fólk áritaðar bækur,“ segir Lára.

Um 700 bækur eru gefnar út á árinu og því nokkuð ljóst að það

verður eitthvað fyrir alla á Bókamessunni. „Það eru um 700 bókatitlar gefnir út í ár. Þeim fjölga á milli ára þrátt fyrir hærri virðisaukaskatt. Við erum öll afskaplega hissa og ánægð yfir þessum metnaði,“ segir Lára. „Íslendingar eru bókmenntaþjóð og ætla ekkert að skrifa sig út með það,“ segir hún.

Ýmsar uppákoma verða alla helgina; upplestrar, sögustundir, bókasþjall, leikir og gettraunir, svo eitthvað sé nefnt. „Það verður ýmislegt í boði, ljúffengt smakk, föndursmiðja og margt skemmtilegt. Við hvetjum alla til þess að mæta, það verður líf og fjör alls staðar þar sem við fundum pláss í Ráðhúsinu.“ Fjölbreytt dagskrá er fyrir börn og fulloröna.

Bókasýningin verður í Tjarnarsalnum og þar verður einnig pop-up kaffihús Kaffitárs. Bókmenntadagskráin verður á þremur stöðum í Ráðhúsinu: í borgarstjórnarsalnum á 2. hæð, í salnum þar sem áður var



ÞETTA ER EINSTAKT

TÆKIFÆRI TIL AÐ HITTA

RITHÖFUNDANA OG

ÚTGEFENDUR.

kaffihús Ráðhússins á 1. hæð austan megin og í matsal Ráðhússins á 1. hæð. Einnig verður dagskrá og sýningarborð á gönguásnum á 1. hæð. Opíð er bæði laugardag og sunnudag frá klukkan 12-17.

Undanfarin ár hafa um 10-20 þúsund manns sótt messuna. Við hvetjum auðvitað alla til þess að mæta og gera upp hug sinna varðandi jólabækurnar í ár,“ segir Lára.

Nánari tímasetningar á dagskrá er að finna á vefsíðunni bokmenntaborgin.is.

Nú er tækifærið

NÝIR SÝNINGARBÍLAR Á TILBOÐI

Við bjóðum nokkra nýja Nissan sýningarbíla á veglegu tilboði á meðan birgðir endast.

100% RAFBÍLL

Allir Nissan Leaf eru búnir 6,6 kW hleðslubúnaði sem tvöfaldar hleðsluhraða í heimahleðslustöðvum, tímastílltum forhitara sem hitar bílinn upp áður en þú leggur af stað, bakkmyndavél, upphituðu stýri og sætum, handfrjálsum simabúnaði og ESP skriðvörn. Nánari upplýsingar á www.nissan.is

NISSAN LEAF RAFBÍLL Á VEGLEGU SÝNINGARTILBOÐI

Nú er tækifærið að tryggja sér rafbíl á einstöku verði. Komdu og fáðu upplýsingar um verð á tilboðsbílunum hjá sölumönnum Nissan.



NISSAN NOTE RÚMGÓÐUR OG SKEMMTILEGUR Í AKSTRI

ACENTA, BENSÍN, BEINSK./SJÁLFSK. EYÐSLA 4,7-5,1 L/100 KM*



NISSAN PULSAR HLAÐINN SKEMMTILEGUM NÝJUNGUM

ACENTA, DÍSL, EYÐSLA 3,7 L/100 KM*



STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA

Leðurinnrétting og rafdrifin sæti, 180° myndavélabúnaður, sóllúga, BOSE hljómkarfi, 20" álfelgur, bakkmyndavél, rafdrifin opnun á afturhlera.



NISSAN MURANO FULLBÚINN JEPPI - HLAÐINN BÚNAÐI

ACENTA/TEKNA, DÍSL, SJÁLFSK., 190 HESTÖFL. EYÐSLA 8,0 L/100 KM*

**AÐEINS TVEIR
MURANO
TIL Á LAGER!**

REYNSLUAKSTURSLEIKUR BL ÞÚ GETUR UNNIÐ 55" SAMSUNG SJÓNVARP

Allir sem fara í reynsluakstur á nýjum bíl til jóla verða skráðir í lukkupott og eiga möguleika á að vinna glæsilegt 55" Samsung Smart sjónvarp.



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

B|L

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080 – BL söluumboð / Vestmannaeyjum / 481 1313 og 862 2516

MAGNÞR STÓRVIÐ

MESTI HILDARLEIKUR SÖGUNNAR Í MÁLI OG MYNDUM

Stórbrotinn aldarspegill sem sýnir hvernig landið varð órofa hluti af hildarleiknum sem fram fór um víða veröld á árunum 1938–1945 – ekki síst á hafinu. Auk þess sem kastljósinu er beint að Íslandi á þessum örlagatímum koma við sögu fjölmargir Íslendingar sem stóðu í miðju atburða á meginlandi Evrópu.



Grimmd, lífsþorsti, hetjudáðir og hryllingur stríðsátakanna er dreginn fram í fjölskrúðugum heimildum, frásögnum, fréttaskeytum, leyniskjölum og dagbókum. Auk þess geymir verkið aragrúa ljósmynda, innlendra og erlendra, sem margar koma nú í fyrsta sinn fyrir almenningsjónir.

Ísland á tímum seinni

UNGLIÐ KI

70 ÁR
liðin frá lokum
seinni heims-
styrjaldar

Páll Baldvin Baldvinsson, bókmenntafræðingur og menningarráðgjafi, fléttar þessa einstæðu sögu úr ótal þráðum og byggir á umfangsmikilli heimildaðöflun og söfnun ljósmynda.



3000
LJÓSMYNDIR

1100
BLAÐSÍÐUR
í stóru broti

heimsstyrjaldar

JpU
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



Parísarbúar komu saman fyrir utan „Bonne bière“ til að minnast félagi sinna sem féllu í árásum hryðjuverkanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tilgangsleysi jarðvegur haturs

Evrópubúar úr millistétt ganga til liðs við öfgasamtök vegna skorts á hugsjónum og tilgangi í neyslubjóðfélagi nútímans. Pólitísk og félagsleg vandamál í evrópskum samfélögum eru rót vandans. Parísarbúar ætla ekki að láta hryðjuverkin breyta lífsháttum sínum.

Þorbjörn Þórðarson
thorbjornth@365.is
Frá París



Það er skýrtin tilfinning að vera í vestrænni stórborg og upplifa sig ekki öruggan. Margir upplifa París þannig núna og það læddist stundum að mér sú hugsun þegar ég beið eftir lest í neðanjarðarlestakerfi Parísar að þessi sama lest gæti verið næsta skotmark hryðjuverkanna. Maður verður hins vegar að spyrna við fótum og láta svona hugsunarhátt ekki ná yfirhöndinni því ef hræðslan og óttinn verður ofan á hafa ódæðismennirnir náð markmiði sínu.

Þessi fagri sudupottur ólíkra menningarstrauma hefur tvisvar á stuttum tíma verið vettvangur skelfilegra hryðjuverka. Allir sem ég ræddi við í París sögðust hins vegar staðráðnir í því að láta ekki hryðjuverkin breyta lífsháttum sínum. Hræðslan mætti ekki ráða för.

Við vitum að hryðjuverkamennirnir í París, sem féllu fyrir eigin hendi eða byssukúlum frönsku lögreglunnar, voru franskir og belgískir

ríkisborgarar. Flestir á þritugsaldri. Hvað fær unga Evrópubúa til að ganga til liðs við öfgasamtök eins og ISIS og myrða saklausa samlanda sína með köldu blóði? Vandamálið er ekki íslam. Íslam er friðsamleg trúarbrögð. Þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í Evrópu, þegar stuðningur ungs fólks við öfgafullar hugmyndir er annars vegar, eru félagslegar og pólitískar. Það eru ekki svarthvitar skýringar á hatri því orsakir þess eru margþættar. Við vitum að félagsleg einangrun ungra karlmanna, oft annarrar og þriðju kynslóðar innflytjenda, getur verið frjór jarðvegur fyrir haturs. Ungir menn sem eiga erfitt uppdráttar og upplifa sig utanveltu í samfélaginu eru móttækilegri fyrir boðskap öfga-hópa. Þetta eru hins vegar ekki helstu ástæður þess að ungir menn ganga til liðs við öfgasamtök eins og ISIS.

Félagslegt og pólitískt vandamál
Í París hitt ég Wassim Nasr, fréttamað og helsta sérfræðing France 24 sjónvarpsstöðvarinnar í mál-efnum herskára íslamista. „Þetta er félagslegt og pólitískt vandamál sem snertir nær öll vestræn samfélög. Við sjáum marga Evrópubúa í röðum herskára íslamista. Höfuðpaurinn í

þessari árás á París (innsk. Abdelhamid Abbaoud) er frá Belgíu. Við verðum að taka þessu sem pólitísku vandamáli. Lausnin er ekki fólgin í því eingöngu að sækja ódæðismenn til saka og koma þeim í fangelsi. Öfgasamtök byrja smátt, eins og nasistar, svo dæmi sé tekið. Pólitísk hugmyndafræði ræður för. ISIS vill nýtt íslamskt ríki. Samtökin eru stöðugt að afla sér nýrra fylgismanna. Hvers vegna? Vegna þess að ungt fólk upplifir tilgangsleysi. Við lifum á tímum pólitísku tómarúms. Það eru engar hugsjónir og samfélagið er drifíð áfram af neyslu. Margir yfirgefa evrópsk samfélög og ganga til liðs við öfgamenn. Í mörgum tilvikum fólk sem hefur engin tengsl við íslam eða ríki í Mið austurlöndum. Við þurfum að skilja þetta til að geta brugðist við þessu,“ segir Wassim Nasr. Hann segir að í mörgum tilvikum gangi fólk úr millistétt og jafnvel efnuðum fjölskyldum til liðs við öfgasamtök.

Við vitum að hvaða langtímaáhrif þessi hryðjuverk munu hafa á franskt samfélag? „Samfélagið er enn í áfalli vegna þess sem gerðist en ISIS hefur sannað að samtökin geta valdið alvöru tjóni í vestrænum samfélögum. Bæði í þessari árás og árásinni á Charlie Hebdo voru það franskir ríkisborgarar sem réðust á samlanda sína. Versta mögulega útkoman úr þessu væri meiri sundrun í samfélaginu. Þegar svona árás á sér stað, hver er tilgangurinn? Það er að skapa ótta og að sundra, skapa andrúmsloft tortryggni meðal íbúanna,“ segir Nasr.

Engar tilviljanir

Hernaður í fjarlægum löndum leysir ekkert og gæti haft gagnstæð áhrif.

Bent hefur verið á að hryðjuverkamennirnir hafi valið skotmörk í 11. hverfi Parísar einmitt af því að um var að ræða staði þar sem einstaklingar af ólíkum trúarbrögðum og kynþáttum lifðu í sátt og samlyndi. Það er ekki tilviljun að ráðist var á veitingahúsið Comptoir Voltaire skammt frá Bataclan tónleikastaðnum í 11. hverfi. Þar er hjarta franska Bóbóins (Bourgeois Bohemian), hins frjálslýnda heimsborgara. Á þessu veitingahúsi komu saman Frakkar af ólíkum kynþáttum og trúarbrögðum. Frjálslýndi og friðsamleg sambúð fólks af ólíkum trúarbrögðum er það sem öfgamennirnir hata mest.

Wassim Nasr tekur undir þetta. Frönsk stjórnvöld eru í áráshug í kjölfar hryðjuverkanna og ætla að beita sér enn harðar í Sýrlandi, þar sem franskir herinn hefur tekið þátt í loftárásum á bækistöðvar ISIS. Hvað væru rétt og eðlileg viðbrögð franska stjórnvalda við hryðjuverkinum? „Ég veit það ekki en ég get sagt þér að loftárásir á Sýrland breyta mjög litlu eða engu ef við ætlum að leysa undirliggjandi vandamál og ástæður þessara hryðjuverka hér í París eða annars staðar. Daginn sem þetta gerðist vorum við að ræða hér á France 24 að ISIS ætti erfitt uppdráttar í Írak en síðar um kvöldið ráðast samtökin á París. Nokkrum dögum fyrr grönduðu hryðjuverkamenn rússneskri flugvél á Sínaískaga í Egyptalandi. Hryðjuverkaógnin er miklu nær okkur en við höldum. Þetta er ekki eins og á niunda áratugnum þegar herská ríki eins og Líbía á tímum Gaddafi eða Sýrland, undir stjórn Assads eldri, stóðu fyrir hryðjuverkum. Núna eru það evrópskir ríkisborgarar sem eru að ráðast á samlanda sína. Allt hefur breyst við verðum að líta á þetta sem eitthvað nýtt og framandi og við verðum að skilja að árásir á skotmörk í fjarlægum löndum uppræta ekki hryðjuverkavána sem við stöndum frammi fyrir í heimahögunum. Það mun ekki gera okkar samfélag öruggara heldur gæti það þvert á móti leitt til hins gagnstæða,“ segir Nasr.

Kristín Jónsdóttir þýðandi

Parísarbúar munu ekki breyta lífnaðarháttum sínum

Mikill fjöldi safnaðist saman á Lýðveldistorginu (Place de la République) í París strax dagana eftir hryðjuverkaárásirnar. Stöðugur straumur fólks var á torgið og er raunar enn þar sem margir hafa skilið eftir kerti, ljóð eða annan texta til minningar um fórnarlömb árásanna. Parísarbúar virtu að vettugi fyrir mæli lögreglu um að safnast ekki fyrir á torginu því þeir vildu með því undirstrika að þeir ætluðu ekki að lifa í ótta og hræðslu. Þeir ætluðu ekki að láta hryðjuverkamennina raska lífsgildum sínum og lífnaðarháttum.



Kristín Jónsdóttir þýðandi hefur verið búsett í Frakklandi í aldarfjórðung, með hléum, lengst af í París. „Ég og minir vinir sem ég hef rætt við erum öll staðráðin í því að falla ekki í gryfju óttans. Fólk tapar að einhverju leyti rök-hugsun þegar óttinn nær yfirhöndinni og það vill maður ekki. París er hjarta fjölmenningar og hefur alltaf verið, alveg frá miðöldum. Og við ætlum ekki að fara að breyta því núna. Það fyrsta sem allir segja er að við hættem ekki að lifa. Við erum auðvitað hrædd, annað væri lygi. Maður fylltist óhug og ótta aðfaranótt laugardags og sorg en við ætlum ekki að láta svona menn eyðileggja líf okkar eða breyta því,“ segir Kristín.

Haroon Ullah, aðjúnkt við Georgetown-háskóla og ráðgjafi bandaríska utanríkisráðuneytisins

Þrá eftir tilgangi og skipulagi

Hvers vegna ganga ungir menn til liðs við öfgasamtök? Er það vegna fátæktar eða skorts á menntun? Haroon Ullah, aðjúnkt við Georgetown-háskóla í Bandaríkjunum og ráðgjafi bandaríska utanríkisráðuneytisins, dvaldi í Pakistan þar sem hann sá þegar hryðjuverkasamtök öfluðu nýrra líðsmanna. Oft ungra manna sem áttu að fá það verkefni að fremja hryðjuverk og deyja þáslarvættisauða. Ullah segir að ástæður þess að ungt fólk gangi til liðs við öfgasamtök hafi lítið að gera með fátækt eða skort á menntun, þvert á það sem margir halda.

„Margir þeirra sem voru tilbúnir að fremja hryðjuverk og deyja fyrir málstaðinn voru úr millistétt og margir þeirra höfðu háskólagráðu. Þetta er ekki fátækt eða illa upplýst fólk. Fátækt og menntunarleysi leiðir því ekki til öfgahyggju, hvað þá? Í fyrsta lagi er það þrá eftir tilgangi og skipulagi. Í Pakistan er mikil spilling og óreiða. Herskár íslamistar lofa skýrum lausnum við öllum vandamálum, hvernig samfélagið muni breytast ef tilteknum reglum sé fylgt og aðeins þessum reglum,“ segir Ullah. Hann segir að herskár íslamistar lofi breytingum og að ekki sé hægt að losna við spillt stjórnvöld nema í gegnum ofbeldi og hryðjuverk. Þetta séu í raun sömu einföldu lausnir og Lenin, Hitler, Mussolini og Bin Laden hafi boðið fylgismönnum sínum.

Ullah segir að koma verði ungu fólki í skilning um hið sanna eðli herskára íslamista. Þeir lofi betra samfélagi en afleiðingar hryðjuverka verði alltaf meiri eynd, þjáningar og fátækt. Ef ungt fólk sjái þessi öfgasamtök í réttu ljósi sé ólíklegra að það gangi þeim á hönd. Þá verði fjölmiðlar að hætta að fjalla um herskára íslamista sem frelsisbaráttumenn (e. freedom fighters). Stjórnvöld í Mið austurlöndum verði jafnframt að hætta að kenna vestrænum ríkjum um vandamálín heimafyrir. Loks sé mikilvægt að trúarleiðtogar úr röðum múslima hætta að setja kikkinn á blinda augað, taki virkan þátt í opinberri umræðu um vandann og fordæmi herskára íslamista og leggi á það áherslu að menn sem myrða saklausa borgara í nafni íslam fái eilífa fordæmingu fyrir.



ÞAD FYRSTA

SEM ALLIR

SEGJA ER

AD VID

HÆTTUM

EKKI AD

LIFA.

Kristín Jónsdóttir



EVROPSKIR

BORGARAR

ERU AD

RADAST A

SAMLANDA

SINA.

Wassim Nasr



ÞETTA

ER EKKI

FÁTÆKT

EDA ILLA


UPPLÝST

FÓLK.

Haroon Ullah


SÓFADAGAR

12.-26. NÓV.



25%
af öllum
sófum*


Lissabon-sófi
Nú **109.900** kr.
SPARAÐU 40.000 kr.



Lissabon-sófi

Bjarni er að mestu sjálfærður þó honum hafi nýst vel teiknitímar í landbúnaðarháskólanum sem hann sótti í Noregi. „Ég geri sáralítið af því að mála en hef notað vatnsliti dálítið. Mestan part hef ég notað blýant, túss og kol. Svo eftir að ég komst í kynni við Photoshop fyrir nokkrum árum hef ég nýtt mér ýmsa tækni, sér í lagi til að nota við kennslu,“ segir Bjarni og áréttir að þetta áhugamál hans sé fyrst og fremst hagnýtt. „Ég hef notað teikningarnar í starfi mínu sem kennari í fjöru-tíu ár. Það hefur verið gott að geta brugðið upp á töflu, glæru og síðar tölvur, rissum af því sem ég hef verið að tala um.“

Teikningarnar hefur hann þó ekki síður notað til að skrá niður minningar sínar um vinnubrögð og aðstæður í uppvesti sínum. „Ég teikna eftir minni áhöld, vinnubrögð og atvik sem mig langar að setja á svið,“ segir hann en oft skrifar hann stutta og hnitmiðaða texta, nokkurs konar prósa, við hverja mynd og þannig verður sýningin í Safnahúsinu einnig sett upp. Bjarni kallar þessa blöndu mynda og texta mynd-yrðingar.

RÓANDI Á FUNDUM

Bjarni grípur til blýantsins við mörg tækifæri. „Mér finnst það til dæmis róandi ef ég lendi á ekki svo skemmtilegum fundi. Þá er einnig gott að teikna þegar eitt-hvað gott er í útvarpinu,“ segir hann og rifjar upp stundir úr æsku sinni þegar hann hlustaði á útvarpið og teiknaði við lampa-ljós. „Þá teiknaði ég gjarnan á gamlan umbúðappír utan af



VIÐ STYRIÐ Bjarni hefur unnið ótult starf fyrir Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri. Sýning á teikningum eftir hann verður opnuð í Safnahúsinu í Borgarnesi í dag klukkan 13. MYND/PIJETUR



VILLILAUKURINN Hann vex þar sem þeir í Bæ gera við bilaða bíla. Er skammt undan turnhárrí kirkjunni. Hefur þraukað þar lengi. Víst í ein þúsund ár, segir sagan. Þrautseigur landnemi. Vill bara lífa í Bæ. Saknar enn munkanna hans Hróddólfs. Var meðal lífgrasa þeirra. Gæti sagt sögu munkanna hefði hann mál. Ef til vill eiga þeir spor í sverðinum undir rúllustæðunni hennar Ollu í Nýjabæ. Eða hvilugarði gömlu bílanna frá verkstæðinu. En villilaukurinn er þögull sem gröfin. Gætir þess eins að bera ávöxt ár hvert og lífa af. Kannske koma munkarnir aftur einn daginn?

Tímanum eða Ísafold því pappírinn var ekki eins auðfenginn og í dag.“

MYNDIR SEM SEGJA SÖGU

Bjarni hefur haldið vel utan um myndir sínar, sér í lagi í seinni tíð. Hann tók vel í beiðni Safnahússins um að sýna myndirnar þó honum hafi varla þótt það við hæfi. „Ég ber mikla virðingu fyrir listamönnum og finnst dálítill dirfska að raða saman myndum mínum og kalla sýningu. En það fer aldrei verr en illa,“ segir hann kíminn.

Á sýningunni verða 32 mynd-yrðingar. „Helmingur myndanna er tengdur Borgarfirði, fólk og aðstæðum hér innan héraðs. Fjórðungur hefur skírskotun til æsku minnar vestur á fjörðum og fjórðungur fjallar um lífið og tilveruna. Prósnarnir sem fylgja eru síðan hugrenningar mínar um þetta allt saman.“

Sýningin Leikið með strik verður opnuð klukkan 13 í dag í Hallsteinsal á efri hæð Safnahúss Borgarfjarðar. Sýningin stendur til 20. janúar.

■ solveig@365.is

 FINN STÓLL kr. 17.900	 MR. WHITE KR. 28.900 51 CM
 BETINA SKENKUR 170 CM kr. 142.900	
 MARMARABORD kr. 36.100	 TURTLE kr. 239.000
 SMILE 3JA SÆTA SÓFI 217 cm kr. 217.600	
 NÝ ÞÚÐASENDING FRÁBÆRT ÚRVAL	 HYPE STÓLL kr. 35.990

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

BÍLAR & FARARTÆKI



KIA Rio 1x 1.4. Árgerð 2015, ekinn 34 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 2.280.000. Rnr.302033. Á staðnum.



RENAULT Trafic minibus. Árgerð 2014, ekinn 65 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 4.990.000. Rnr.302062.



HYUNDAI I30 confort. Árgerð 2012, ekinn 72 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.301988. Tilboðsverð 2,49 millj.



NISSAN X-trail. Árgerð 2007, ekinn 155 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.301875. Á staðnum.



RENAULT Kangoo. Árgerð 2011, ekinn 98 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.410.000. Rnr.301966. Frábært verð. Gott úrval af sendibílum.



NISSAN Qashqai se. Árgerð 2014, ekinn 86 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000. Rnr.301344. Tilboðsverð 3,99 millj.



NISSAN Qashqai se. Árgerð 2013, ekinn 107 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.301273. Tilboðsverð 3,3 millj.

Bílasalan Planid
Korputorgi, Reykjavík
Sími: 517 0000
Opíð 10-18. Lau 12-16
www.planid.is



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 63 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000.



SKODA Octavia ambiente. Árgerð 2012, ekinn 62 P.KM, dísel, 5 girar. Dráttarkrókur, sumar og vetrardekk. Verð 2.670.000.

MB Bílar
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík
Sími: 415 1150
Opíð 10-18, lau 12-16
http://www.mbbilar.is



M.BENZ S 500 4matic long. Árgerð 1/2005, ekinn 85 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.000.000. Rnr.132545. Glæsilegur bíll. Uppl 696-1001



M.BENZ M ml 63 amg. Árgerð 5/2008, ekinn 97 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.134023. Glæsilegur bíll með öllu. Uppl 696-1001



M.BENZ S 450 4matic metan bensin. Árgerð 2010, ekinn 94 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.890.000. Rnr.133112.+ Glæsilegur bíll. Bíll með öllu. Uppl síma 696-1001

Bilaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

**FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf
kirkjunnar

STÓRA BÍLASALAN



Suzuki Swift GL Árgerð 2007. Ekinn 113p.km. Beinskíptur. Verð 1.090.000kr. Möguleiki á allt að 100% láni. Raðnr 135121. Sjá nánar á www.stora.is



Toyota Land Cruiser 100 VX Árgerð 2003. Ekinn 229p.km. Sjálfsk. Metan breyttur. Leður o.m.fl.. 7 manna. Verð 2.590.000kr. Raðnr 134757. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is



TOYOTA Auris sol dísel sjálfsk.. Árgerð 2008, ekinn 127 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.991449.



MERCEDES BENZ ML 500 4 matic. Árgerð 2007, ekinn 76 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.991547.



Kia Sorento EX classic . Árgerð 2014, ekinn 44 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.280064. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



PORSCHE Cayenne turbo s. Árgerð 2006, ekinn 107 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991479.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

Bílalíf



VERÐ AÐEINS 490P !!!!
MERCEDES-BENZ SPRINTER 412D 17 MANNA. Árgerð 1998, DÍSEL, 5 girar. VERÐ AÐEINS 490P.KR. 100% LÁN MÖGULEGT Rnr.127037. TIL SÝNIS OG SÖLU HJÁ BÍLALÍF BÍLASÖLU - SÍMI 562-1717

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is

LITLA bílasalan



TOYOTA Land cruiser 200 35". Árgerð 2008, ekinn 102 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 8.750.000. Rnr.114884.



TOYOTA Land cruiser 200 vx. Árgerð 2009, ekinn 112 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.490.000. Rnr.116724.



TOYOTA Land cruiser 200 vx 35". Árgerð 2008, ekinn 111 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.970.000. Rnr.210313.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

NÝJA BÍLAHÖLLIN



HYUNDAI I10 gl. Árgerð 2012, ekinn 49 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.350. Rnr.211054.



MERCEDES-BENZ A 200. Árgerð 2015, ekinn 9 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590. Rnr.991470.



AUDI A3 limousine. Árgerð 2015, ekinn -1 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.260.eigum líka 2014 árg Rnr.210781.



MERCEDES BENZ GL320 cdi. Árgerð 2008, ekinn 110 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.Mj-g fallgur og vel með farinn Rnr.211075.



TOYOTA Rav4 langur 4wd. Árgerð 2003, ekinn 146 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.2 eigundur frá upphafi Rnr.211045.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

100 bílar.is



Nissan Leaf Tekna , 8/2015, nýr bíll, óekinn, leður , sólarrella, bakkmyndavél 360 gráður, tilboðsverð 3890, er á staðnum, raðnr 152264.

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Chevrolet Spark árg 2010 ek. 86p km. Lítur mjög vel út og vel með farinn. Flottur sparibaukur. Verð kr. 999p. Uppl í s. 840-1801



Renault Laguna árg. '01. Keysrta 216 þús og skipt um tímareim í 204 þús. Billinn er nýskoðaður á fínun heilsársdekkjum. Smurbók frá 30 þús. Ásett verð 220 þús. Bíll í flottu standi. S. 848-2094



BMW X3, árg. 2006, 6 cyl. bensín, 4x4, sjálfskiptur, ek. 67 þ. km. Einn með öllu og vel með farinn. Verð kr. 3.490 þ. Uppl. í 699 8891



Volvo XC60 árg. jan 2012 ek.82 þ. Fallgur bíll einn eigandi. Verð 5.800þ. Uppl. í s. 898-0961

til sölu



AUDI A5 SPORTBACK QUATTRO, S-LINE

Árgerð 2011, ekinn 52 þús. km, bensín, 1.984 cc, 211 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, hlaðinn aukabúnaði.

6.990.000 kr.



mbbilar.is

415 1150

Kletthálsi 1A
110 Reykjavík

Bílar til sölu



Subaru Legacy '93, Ssk, sk'16, vetrardekk. Gangtrúflun en er í daglegri notkun. s.7707188



Toyota corola árg 2000 ek. 212 þ, ný skoðuð án athugasemda, ný tímakedja og demparar, sumardeck á álfelgum fylgja. Verð 390,000 , Uppl. í s: 8942580



Volvo S60 árg'04 2015. ek 13.000 þ 181 hö sjálfsk ljóst ledur flottur bill, verð 5.850.000 þús aðeins bein sala. Uppl í s. 869 9181



Opel Astra 1999, til sölu, nýskoðuð, nýleg tímareim og kúpling. Verð 250.000. Uppl. í s. 660-5312



Skoda Octavia 4x4 árg 2008. Ek. 167.000. Dísel beinskiptur. Skoðuður án ath. Staðgr.verð 1.700.000 kr. S. 690-7890

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Billinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Pallbílar



Nissan pickup Dísel 2006 4WD 5 g. skoðuður 16. verð 1390þ. Uppl. í s. 820 5181

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Húsbílar



20% afsláttur í næstu viku.

Rótor ehf, s. 5554900
Helluhrauni 4, H.f

Vélsleðar



FXR 2016 línan komin í hús.



Motul búðin
Sími 462-4600
www.fxr.is

Hjólhýsi



HOBBY HJÓLHÝSI 2016.
Við aðstoðum við að kaupa Hobby hjólhýsi beint frá Evrópu, STÓR SPARNAÐUR.

Áhugasamir hafi samband í s. 866 5395 eða á: kriben@simnet.is

Vinnuvélar



BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR
Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050. okspares@simnet.is



VINNUVÉLA OG VÖRUBÍLADEKK
Vorur að fá nýja sendingu af vinnuvéladekkjum. Búkölludekk-hjólaskófludekk Ofi Ýmsar algengar Stærðir O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is

Bátar



Bátur og vagn til sölu á 500þ. Uppl. í s. 820-5181

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir



FELGUR
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

ÞJÓNUSTA

Ræstingar

Tek að mér þríf í heimahúsum og fyrirtækjum. Vönduð og góð vinnubrögð. Er með 15 ára reynslu. Angela s. 7748599

Garðyrkja



JÓLATRÉ Í POTTI
Skógræktarfélag Mosfellsbæjar er að selja lífandi jólatré í potti. Tilvalið til skreytinga utandyra fyrir jólin. www.skogmos.net og S:866-4806 og 867-2516

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snryrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

INNIMÁLUN

Get bætt við mig verkom innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snryrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málaramestari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningagj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Parketslípun
sólþjálslípun | parketlagning
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is

Gólf list
99% RYKFRÍTT

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?

JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk. Tímavinna eða tilboð. Sími 544-4444 / 777-3600 www.jaiðnaðarmenn.is

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Parf að skipta um rennur, glerja eða opnanleg fög? Tilboð/tímavinna. S. 553 2171

Múraramestari og málaramestari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísar. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

Nudd


NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.
Glæsileg nuddstofa í 101 opið alla daga s.787-7481

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



Yfir 13.000 eignir á skrá

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínu umfangi. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

KEYPT & SELT

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

TAX FREE

JÓL Í NÍTRÓ
Við bjóðum upp á Tax Free til jóla!

Tax Free jógúlfir 19,35% afsláttur nema staðast af skrá frá. Verðlaun gæta sín verðlaunakort, en býtur skráir sem hentar nema. Ath. gildir ekki af tekjum eða með öðrum tilboðum eða afsláttum.



Kirkjulundi 17 • Gbæ • 557 4848 • nitro.is



Kerruvarahlutir.

Kerruvarahlutir og hlutir til kerrusmíða. Varahlutir í helstu gerðir bremsu- og hjóla-búnaðar fyrir Alko og Knott. Einnig sérpantánir.



Ísnaðlar og keðjur.

Láttu ekki hálkuna koma þér að óvörum. Eigum til skrúfaða ísnaðla fyrir dráttavéla- og vinnuvéladekk, vélsleðabelti, skó ofl. Einnig snjókeðjur og keðju efni í ýmsum lengdum og sverleikum. Sænsk gæðavara.



VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Jötunn Vélar ehf - S. 4800400

www.jotunn.is

Austurveg 69 - 800 Selfoss

Lónsbakka - 601 Akureyri

ÚTSALA Á KAMÍNUM

25% afsláttur



Littu við í verslun okkar eða kynntu þér úrvalið á heimasíðunni:

www.normx.is



Setlaugar & kamínur

Auðbrekku 6 • 200 Kópav. • Sími 565 8899



Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar. **Vandaðir krossar á leiði!** 30 ára garantía.

J.S. LJÓSAÐMIÐJAN

VÉLARVERKSTEDI SLÁTTUVELARÞJÓNUSTAN

Skemmuveg 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS

Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897

4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opíð mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til ellilí/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Verslun



skartgripir.is Sími 699 8224

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ávar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Dýrahald




GRINDARBÚR Á GÓÐU VERÐI

Stærð 61 cm verð 6.990,-
Stærð 76 cm verð 8.990,-
Stærð 91 cm verð 10.990,-
Stærð 107 cm verð 12.990,-
Stærð 122 cm verð 14.990,-
Dýraland Mjódd s. 587-0711
Dýraland Kringlan 7 s. 588-0711
Dýraland Spöngin 23 s. 587-0744

til sölu

állok með öryggislás!



Framleiðum lok úr áli á heita potta samkvæmt pöntunum, og nú með lyftipumpum með fall öryggislás beggja megin. Bjóðum fram að jólum heita potta með eða án nudds á vaxtalausum greiðslum í 6 mánuði, eigum alla fylgihluti. Við stöndumst verðsamanburð.



Auðbrekku 6 • Kópavogi • 565899 • 7705144 • www.normx.is • normx@normx.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

VARAHLUTIR

Iveco • Benz • Man • Renault

Varahlutapjónusta

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Vantar þig smíði, múrara, málara...

PROVENTUS Starfsmannaþjónusta

proventus.is
782 8800

Er vandamál með neysluvatnið?

Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.

HREINAR LAGNIR



Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.

S: 519-6480
hreinarlagnir.is

Iveco

Viðgerðar- og varahlutapjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarhústaði og heimili.

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörðun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.



Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

BLIKK

Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala

ishúsið ehf
Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagningar

551 1309 / 690 5115

golflist@golflist.is | www.golflist.is

Gólf list
parketlagningar og viðhald

99% RYKFRÍTT



BÍLAPJÓNUSTA BJARKA
alhliða bílaviðgerðir

Tímarpantánir s: 445 4540 / 697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Hestamennska

Smíða innréttingar í hesthús, heit galvanserað járn. Vönuð vinna. Öll önnur járnsmíði. Uppl. í s. 869 6690.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Gullfallegt atvinnuhúsnæði til leigu. Laugavegi 163, 70,7 fm. Uppl í síma 5534400

Húsnæði í boði

TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!

129 - 5000 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sværrir í s. 661 7000

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Pið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Vantar 50-100fm iðnaðarhúsnæði miðsvæðis í Reykjavík. sími: 8955812

Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca 110 m² iðnaðarbil VSK við Stórhöfða með ca. 3,3 m lofthæð. Bílið er með einni innkeyrsluhúrd, salerni og kaffiástöðu. Nánari uppl. 862-9222.

GÓÐ FJÁRFESTING

Til sölu mjög góð 50 m² atvinnubíl í Steinhelli 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLURTILLEIGU.IS

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-10 fm. Tilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smíðjuvegi 4 Kópavogi. S: 4143000.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Föst laun og bónusar í boði. Uppl. og fyrirspurnir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

SIGLING

Vantar skipstjóra, vélstjóra og stýrimann til að sigla rúmlega 1000 lesta skipi frá A-Kanada til Evrópu. Siglingatími 10 dagar +/-.

Uppl. í síma 897 8923

LEBOWSKI BAR

Óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is

115 SECURITY

VERSLUNARÞJÓNUSTA OG JÓLAGÆSLA

Skilyrði:

- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta
- 20 ára lágmarksaldur
- Góð þjónustulund

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 5 115 115 www.115.is

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

Tek að mér þrif á einkaheimilum. Öll almenn heimilisþrif í boði. Vönduð vinnubrögð. Aneta s: 7854272

TILKYNNINGAR


Einkamál

NUDD?

Ert þú nuddkona? Auglýstu þjónustu þína hjá Islandingum.eu. Sláðu inn "Nudd.eu" fyrir nánari upplýsingar.

VANTAR ÞIG PENINGA?

Viltu spjalla í síma við heita karla gegn góðri greiðslu? 100% trúnaður. RaudaTorgid.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR LAUGARDAGINN 21. NÓV

12:35 WATFORD - MAN. UNITED
14:50 Chelsea - Norwich City
14:50 W.Bromwich Albion - Arsenal
17:20 Man.City - Liverpool

SUNNUDAGINN 22. NÓV

15:50 Tottenham - W.Ham United

<http://www.facebook.com/cafecatalina>

HLJÓMSVEITIN KLETTAR

RÚNAR ÞÓR,
RÚNAR VILLAVALLA,
TRYGGVI HUBNER
OG SIGGI ÁRNA.
SPILA UM HELGINA

Allir velkomnir

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

ALLA VIRKA DAGA 18:55

ÍSLAND Í DAG

BEINT Á EFTIR FRÉTTUM

Í OPINNI DAGSKRÁ ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreyttur og skemmtilegur dægurmálaþáttur.

365.is | Sími 1817

Vetrarvörur fyrir bíla



YUASA

Með hverjum keyptum Yuasa rafgeymi færðu 20% afslátt á Ctek hleðslutæki.



Midtronics

- rafgeymamælar með íslenskrí útprentun.
- Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum
- þér að kostnaðarlausu.



Denso

kerti fyrir veturinn



Startkapplar

300Amp, 400Amp,
500Amp, 850Amp

THULE
SWEDEN

Bretta- og skíðafestingar



LIQUI MOLY

Efnavörur fyrir bíla

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

Hefði viljað kynnast pabba eins og hann var

Albert segist hafa skammast sín fyrir pabba sinn, en á sama tíma hafi hann vitað að hann væri veikur og staðið með honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Albert Guðmundsson, formaður Heimdallar, ræðir hasarinn í ungmennapólitíkinni, upp-vöxtinn og pabba sinn, sem varð Bakkusi að bráð. Hann segist ekki dvelja í reiðinni.

Viktoría Hermansdóttir
viktorija@frettabladid.is



Nafnið hefur oft valdið misskilningi. Ég er mjög oft spurður hvort ég sé barnabarn Alberts Guðmundssonar en ég er ekkert skyldur honum. Ég heiti eftir pabba mömmu sem hét Albert og svo hét pabbi minn Guðmundur. Ég vann á elliheimili eitt sumarið og þar höfðu margir gaman af því að ég héti þessu nafni og væri sjálfstæðismaður en ekkert skyldur honum. Ég heiti eftir pabba mömmu sem hét Albert og svo hét pabbi minn Guðmundur. Ég vann á elliheimili eitt sumarið og þar höfðu margir gaman af því að ég héti þessu nafni og væri sjálfstæðismaður en ekkert skyldur honum. Ég heiti eftir pabba mömmu sem hét Albert og svo hét pabbi minn Guðmundur. Ég vann á elliheimili eitt sumarið og þar höfðu margir gaman af því að ég héti þessu nafni og væri sjálfstæðismaður en ekkert skyldur honum.

Albert vakti athygli þegar hann tók við embætti formanns Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna, í september eftir harða baráttu sem endaði með sex atkvæða sigri gegn sitjandi stjórn. Albert nær sér í kaffibolla og við tyllum okkur í sófa skammt frá nokkrum eldri konum sem gæða sér á kökum og kaffi milli þess sem hlátra-sköllin óma.

Engin silfurskeið

Þrátt fyrir að vera á fullu í stjórnmalastarfi segir hann það þó aldrei hafa legið beinast við að hefja afskipti af stjórnmalum. Hans æskudraumar hafi ekki snúist um það. „Nei, þetta

kom eiginlega bara mjög óvænt upp,“ segir Albert sem segist reyndar vera langt frá því að passa inn í þá staðal-ímynd sem margir hafi af ungum sjálfstæðismönnum. Hann hafi engin tengsl við flokkinn en hafi kunnað að meta stefnuna og þess vegna gengið til liðs við hann. „Ég held það hafi enginn kosið flokkinn í fjölskyldunni nema amma mín,“ segir hann brosandí og fær sér kaffisopa.

Hann segist ekki hafa alist upp með silfurskeiði í munni eins og stundum er sagt að sjálfstæðismenn hafi gert upp til hópa. „Nei, það er langt frá því og það er líka fullt af fólki innan flokksins sem er alls ekkert þannig þó það séu örugglega margir sem passi inn í þá ímynd,“ segir hann. „Reyndar held ég að það séu alltof margar silfurskeiðar sem fara í stjórnmal. Ekki af hugsjón heldur af því þeim finnst flott að hafa það á ferilskránni.“

Albert á ættir að rekja austur á Fáskrúðsfjörð, þar sem báðir foreldrar hans ólust upp. Foreldrar hans, Guðmundur Karl Erlingsson og Margrét Alþingisráðgjafi hafi hafa flugnám. Ung með bjarta framtíðardrauma. „Við vorum svona bókhaldsbörn. Niu mánuðum eftir brúðkaupsnóttina kom elsti bróðir minn í heiminn, tveimur árum seinna kom ég og tveimur árum eftir það fæddist litli bróðir minn.“

Snúið og erfitt

Fjölskyldan byggði sér hús á Seltjarnarnesi og utan frá leit allt vel út. Þegar strákarirnir voru nokkurra ára gamlir

fór að bera á óveðursskýjum, faðir hans átti erfitt með að ráða við drykkju sína og það var farið að valda fjölskyldunni áhyggjum. Áfengisneysluna faldi hann samt vel til að byrja með.

„Pabbi var flugstjóri og mjög flottur karl. Fluggáfáður miðað við það sem maður heyrir og flottur í sinu starfi. Ég þekkti samt ekki þær hliðar á honum og man ekki eftir honum þannig,“ segir hann þungur á brún.

Áfengið fór fljótlega að verða föður hans fjötur um fót. Hann var orðinn flugstjóri hjá Icelandair, vel metinn í starfi en áfengisneyslan tók sífellt meiri toll. Faðir hans fór í nokkrar meðferðir en hélt sjaldnast þurr lengi. Þegar Albert var um tíu ára gamall þá var staðan orðin mjög slæm. Faðir hans var sendur í leyfi frá störfum vegna áfengisneyslunnar sem hann réði augljóslega ekki lengur við. „Það reyndu allir allt til að hjálpa honum, það vildu honum allir svo vel en hann gat ekki hætt. Þetta varð alltaf verra og verra. Hann var alltaf fullur og það var farið að hafa áhrif á starfið hans. Hann var settur í tímabundið leyfi frá störfum sem varð svo til frambúðar.“

Endaði á götunni

Ástandið var orðið það slæmt að hann gat ekki lengur búið á heimilinu. Faðir hans flutti út. „Svo endar hann bara á götunni. Þetta var á þeim tíma sem ég er að harðna og að verða aðeins sjálfstæðari einstaklingur.“

Leiðin lá fljótt niður á við hjá föður hans eftir að hann flutti frá fjölskyldunni. Fljótlega var hann orðinn einn af útígangsmönnum sem halda gjarnan til í miðbænum. Fyrir óharðnaðan unglíng var talsvert erfitt að horfa upp á föður sinn feta þennan veg. „Hann varð svo taklaus fyrir öllu. Hann var alltaf að gera okkur lífið leitt en fattaði ekki hvað hann var að gera okkur. Hann mætti oft heim til okkar blindfullur að reyna tala eitt-

hvað við okkur. Hann kom stundum upp í skóla og fór að spyrja vini mína út í mig,“ segir Albert og útskýrir að líklega hafi hann verið að reyna að nálgast bræðurna á einhvern hátt en fyrir þá hafi það bara þyngt rödurinn.

„Hann var stundum að fara í strætó í kringum Nesið, við hittum hann oft þar en stundum þekkti hann okkur ekki,“ segir Albert og rifjar upp eitt þessara skipta. „Ég var að taka strætó niður í bæ á Menningarnótt með vinum mínum þegar við vorum í 9.



MAMMA ER OKKAR KLETTUR. ALLT SEM ÉG ER Í DAG ER ÉG ÚT AF MÖMMU. HÚN ER ÞVÍLÍKT STERK. HÚN GERÐI BARA ÞAÐ SEM HÚN ÞURFTI AÐ GERA, SKAR HANN ÚT NÓGU SNEMMA

eda 10. bekk. Hann var í strætó og við löbbum fram hjá honum og ég reyndi að láta hann ekki taka eftir mér. Svo voru krakkarnir eitthvað að hafa gaman og ég vissi að þetta væri að stefna í eitthvað hræðilegt. Þá stoppaði hann allan hópinn og fór að segja frá sér, blanda geði við krakkana og spyrja hvort þau þekki mig. Ég var þarna með þeim en hann þekkti mig ekki. Ég gekk fram hjá honum og sagði honum að grjóthalda kjaftri. Albert segist hafa verið reiður yfir þessum aðstæðum. „Ég var reiður en samt svo máttlaus, hvað á maður að segja? Hann var veikur.“

Albert fékk reglulega að heyra á

unglingsárunum hversu góður maður faðir hans hefði verið og heyrir enn í dag slíkar sögur þar sem mannkostir hans eru lofðir. Faðir hans var vinsæll maður og margir sem sáu eftir honum þegar áfengissýkin heltók hann.

„Við strákarirnir heyrum alltaf að pabbi hafi verið svo góður karl, bara besti maður sem fólk þekkti. En við upplifðum það ekki þannig, ég þekkti ekki þennan mann. Ég þekkti pabba minn sem róna sem gerði okkur lífið yfirleitt leitt. Þetta var mjög snúið og erfitt. Það var ekki nóg með að við misstum pabba okkar heldur var hann líka að gera okkur erfitt fyrir,“ segir Albert og það er augljóst að það tekur á hann að rifja þetta upp. „Maður skammaðist sín fyrir hann á sama tíma og maður stóð með honum og vildi honum allt það besta, vissum að hann var bara veikur. Þetta auðvitað tortimur manni.“

Albert vann síðasta sumar sem flugþjónn hjá Icelandair og kynntist þá mörgum af fyrrverandi vinnufélögum föður síns. „Það töluðu allir svo ótrúlega fallega um hann, eins og hann hefði verið einhver mesti dýrlingur sem fólk hafði kynnst. Vinnufélagar pabba voru að segja mér sögur af honum og mér að fljúga með, sögur sem ég man ekkert eftir því ég á eiginlega engar minningar sem barn, ég blokkeraði þetta bara allt út og hugsa aldrei um þær.“


Mamma kletturinn

Þetta tók skiljanlega töluvert á alla fjölskylduna. „Mamma er okkar klettur. Allt sem ég er í dag er ég út af mömmu. Hún er þvílíkt sterk. Hún gerði bara það sem hún þurfti að gera, skar hann út nógu snemma og náði að halda eftir einhverjum eignum áður en hann drakk þær allar burt. Það tók auðvitað á, við fluttum fjórum sinnum en aldrei út af Neginu. Þar er mjög gott samfélag. Þó það sé lítið og manni hafi fundist

HOUSE DOCTOR FÆST Í A4

**25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
HOUSE
DOCTOR
VÖRUM***

**19.-23.
NÓVEMBER**



*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi

www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](#) [Pinterest.com/A4fondur](#) og [instagram.com/a4verslanir](#)

A4



Albert með foreldrum sínum, Margréti og Guðmundi, og bræðrum sínum meðan allt lék enn í lyndi hjá fjölskyldunni áður en áfengissýkin heltók föður hans.

mannsembætti í Heimdalli en auk þess er hann á þriðja ári í lögfræði við Háskóla Íslands. Hann býr með mömmu sinni og ömmu á Nesinu og segir hann það ansi notalega sambúð þó hann sé að vísu litid heima vegna anna. „Ég hef verið í kringum flokkinn síðan ég var í MR. Ég hef alltaf stutt Sjálfstæðisflokkinn, þannig séð, út frá hugsjóninni um frelsi einstaklingsins. Síðan kynnist ég starfinu og áhuginn óx með mörgum litlum skrefum. Ég hef síðan tekið virkan þátt í starfi Vöku og í hagsmunamálum stúdenta við HÍ síðustu ár. Það að vera formaður Heimdallar er hins vegar ekki eitthvað sem mig hefur dreymt um í mörg ár.“ Hann hefur verið viðloðandi ungmennapólitikina í nokkurn tíma og neitar því ekki að ungmennapólitikin geti verið ansi hörð stundum. „Það getur verið mikill hasar. Og stundum mikil harka, bara rétt eins og í allri pólitík,“ segir hann.

Aðspurður hvað honum finnst um Sjálfstæðisflokkinn í dag segir hann margt þurfa að bæta þó margt sé vel gert. „Ég sé margt gott sem hægt er að gera í þessum flokki en það er líka margt slæmt sem hefur verið í gangi. Það er alltof mikið um einhverja klikubaráttu. Ekki bara í Sjálfstæðisflokknum heldur bara í stjórnámum almennt. Meðan það er svo mikið svigrúm til þess að gera góða hluti. Mér finnst mjög slæmt þegar kjörnir fulltrúar flokksins virðast ekki einu sinni ihuga sína stöðu þegar þeir vita að það gæti verið að þeir hafi ekki traust kjósenda. Það er alltaf verið að rembast við það að halda sínum völdum, halda sinni stöðu. Það virðist oft vera þannig að í einu skiptin sem okkar fulltrúar virkilega leggja sig á linuna þá er það fyrir eigin hagsmunum,“ segir hann.

Vill sjá breytingar

Hann segist vilja sjá breytingar. „Fólk á ekki að vera hrætt við breytingar og að prófa eitthvað nýtt. Vaða fram. Við erum svo föst í gamla modinu. Við erum enn þá að ræða ríkisútvarpíð. Við erum enn að ræða afskilnað ríkis og kirkju. Mál sem hafa verið á dagskrá í tug ára. Ég vil samstarf um að hrinda þeim hlutum í verk sem við erum sammála um. Það skiptir ekki máli hvaðan gott kemur. Hvað myndi gerast ef við myndum prófa ýmsar varíasjónir hér og þar, prófa nýjar lausnir fyrir RÚV. Horfa á nýjar lausnir í gjaldveyrismálum. Kannski full dramatísk mál en mér finnst við þurfa að tala minna og gera meira. Það er málið. Ég er þreyttur á að tala um að fara að ræða hlutina. Þetta er bitlaust. Íslensk pólitík á það til að vera getulaus. Það er allt of mikið um að þeir sem vilja taka þátt í pólitík vilji einfaldlega titil á ferilskrána. Það vantar fleira fólk með kraft og elju,“ segir Albert og gefur hvergi eftir. „Ég held það sé líka akkúrat það sem fólk hugsar um pólitík, bæði þeir sem starfa í pólitík og þeir sem horfa á hana utan frá. Það er fátíðlegt að það sé starfsgrein að vera pólitík. Alþingi á að endurspegla þjóðina og hafa fulltrúa á öllum aldri og öllum stigum þjóðfélagsins. Við Íslendingar eigum auðveldlega að geta verið leiðandi í mörgum málum, eins og nýsköpun, réttindum minnihlutahópa, loftslagsmálum, meðferð fikla, almennum heilbrigðismálum og menntamálum. Nýta smæðina til þess að gera samtal þjóðarinnar við stjórn málin sem skýrust og hrinda hlutum í framkvæmd. Þessi sjálfsgöðu mál sem við ungir börðumst fyrir á landsfundi, sem þessi viðtæka sátt er um í samfélaginu. Það er stórkritið að við séum enn að ræða þessa hluti.“

Sjálfur segist hann ekki sjá fyrir sér feril í stjórnámum. „Nei, það held ég ekki. Allavega ef ég gerði það, þá myndi ég líklega stoppa stutt við. Ég vil einfaldlega vera minn eigin herra, skapa eitthvað og hjálpa öðrum. Ég vil sjá hlutina breytast eitthvað meðan ég er herna annars hika ég ekki við að kúpla mig út úr þessu og gera eitthvað nýtt. Það eru næg tækifæri til að láta gott af sér leiða. Kannski að maður reyni fyrir sér í boltanum. Svona eins og nafnar minir tveir.“

allir hafa verið með í þessu ástandi þá var líka mjög gott að eiga svona samfélag að,“ segir hann.

Þegar Albert var í Menntaskólanum í Reykjavík rakst hann stundum á pabba sinn í miðbænum í misslæmu ástandi. „Auðvitað var ekkert gaman að sjá pabba sinn svona.“

Var búinn að kveðja í 10 ár

Faðir hans lést síðan í maí 2012. „Ég var úti, ætlaði að vera á Ítalíu í tvo mánuði um sumarið en fékk samtál um að hann væri á spítala og ástandið væri slæmt. Ég ákvað þá að koma viku seinna heim en hann dó þremur dögum seinna,“ segir hann alvarlegur. Baráttan var búin, vonin um að hann sneri til baka var farin. „Auðvitað héldu allir í einhverja von en við vissum öll að það var samt vonlaust. Þetta var mjög skritið því ég var búinn að vera að kveðja í tíu ár. Á sama tíma þá er hann loksins farinn. Það var mikið högg að fatta að hann væri dáinn en líka léttir. Þetta var mjög furðuleg tilfinning. Þetta var bara búíð og var kannski fyrir bestu. Hann dó allavega á spítala, ekki í einhverri holu niðri bæ. Það var ekki lengur hangandi yfir manni þessi óþægilega tilfinning að vita ekki af honum, vita ekki hvar hann væri eða hvort hann væri lífs eða liðinn.“

Einlægur á svip segist hann oft hafa hugsað hversu mikið hann hefði viljað kynast föður sínum eins og honum er lýst áður en Bakkus tók völdin. „Ég skammaðist mín stundum fyrir hann en vissi samt að hann var mjög góður karl og við áttum mjög margt sameiginlegt. Þetta voru mjög erfiðar tilfinningar sem brutust um. Ég hefði haft svo gaman af því að eiga hann sem pabba. Það hefði verið svo ótrúlega gaman, fara að veida með honum og fljúga. Fokkast í bílum og fjórhjólum, þetta hefði verið geðveikt.“

Albert segist auðvitað oft hafa reynt að skilja ástand föður síns, það sé þó til lítils að reyna. „Það er ekki hægt að skilja þetta. Þetta er vissulega flóknara en að banna áfengi, ég veit það. Ég hef tekið þetta hugsanaferli svo ótrúlega langt, niðurstaðan er bara að þetta er geðsjúkdómur og hefur ekkert með efnið áfengi að gera heldur bara hið sálræna fangelsi. Auðvitað varð maður oft pirraður, það virtist vera svo auðvelt að segja bara: „Hættu að



AUÐVITAÐ VARD MAÐUR

OFT PIRRAÐUR, ÞAÐ VIRTIST VERA SVO AUÐVELT AÐ SEGJA BARA: HÆTTU AÐ DREKKA – ÞAÐ ER ENN ÞÁ SÉNS.

drekka – það er enn þá séns.“ Ég var ekki reiður, en ég var svekktur. Þetta var drulluleiðinlegt. Hann fékk endalausa sénsa, það vildu honum allir vel. Það voru allir til í að gera allt fyrir hann, það var bara ekki hægt.“

Hann segir að þrátt fyrir reynslu föður síns þá drekkti hann sjálfur áfengi. „Ég geri mér grein fyrir að sjúkdómurinn er arfgengur og auðvitað geta allir veikt. Þetta er samt að sjálfsgöðu svo miklu flóknara en að einfaldlega neyta áfengis. Það tekur auðvitað enginn ákvörðun um að verða alkóhólisti. Það að ÁTVR sé lokað á sunnudögum kemur ekki í veg fyrir það heldur. Ég leyfi mér ekki að vera hræddur við áfengi og ég er mjög meðvitaður um þetta. Ég passa mig.“

Vill læra af reynslunni

Albert segist þó aldrei hafa dvalið við reiðina yfir því hvernig hafi farið fyrir föður hans, frekar verið pirraður. Móðir hans hafi lagt allt kapp á að koma bræðrunum til manns og veitt þeim góða æsku og þak yfir höfuðið. „Ef maður getur gert vel þá hefur maður enga afsökun fyrir að gera það ekki. Ég hef aldrei látið þetta draga mig niður. Ég vil auðvitað læra af þessu og koma reynslunni rikari út úr þessu. Það er í rauninni ekkert hægt annað en að dila við þetta. Auðvitað markerar þetta mann en ég er ekki að fara að segja fólki úti í bæ hvernig það eigi að haga sínu lífi því ég hef svo mikla reynslu af þessu. Þessi reynsla gerir mann meira meðvitaðan um hvað maður er smár og hvað lífið er brothætt, það er margt sem getur farið úrskeiðis.“

Líkt og áður segir gegnir Albert for-



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Starfs- og listnám vorönn 2016

Umsóknarfrestur í Borgarholtsskóla á vorönn 2016 er til 30. nóvember 2015.
Upplýsingar eru á heimasíðu skólans, <http://www.bhs.is>

Þjónustugreinar

- Í dagskóla:
- Félagssliðanám
 - Félagsmála- og tómstundanám
 - Leikskólalíðanám

Innritun í dagskóla:
www.menntagatt.is

Í dreifnámi:

- Stuðningsfulltrúar í skólum
- Viðbótarnám félagssliða
- Framhaldsnám leikskólalíða

Innritun í dreifnám: www.bhs.is

Nánari upplýsingar gefur
Þórkatla Þórisdóttir, kennslustjóri
sími: 856 1718, thorkatla@bhs.is

Málm- og véltækni greinar

- Í dagskóla og í dreifnámi:
- Rennismiði
 - Blikksmiði
 - Stálsmiði
 - Vélvirkjun

Innritun í dagskóla:
www.menntagatt.is

Innritun í dreifnám:
www.inna.is/innritun

Nánari upplýsingar gefur
Aðalsteinn Ómarsson,
kennslustjóri sími: 535 1714,
adalsteinn@bhs.is

Listnám

- Í dagskóla:
- Kvikmyndagerð
 - Grafísk hönnun
 - Leiklist

Innritun í dagskóla:
www.menntagatt.is

Í dreifnámi:

- Hagnýt margmiðlun

Nánari upplýsingar gefur
Hákon Már Oddsson, kennslustjóri
sími: 535 1726, hakon@bhs.is


Skólameistari

nettó

TILBOÐ Á JÓLABÓKUM Í NETTÓ

GILDIR 20.-22. NÓVEMBER

AÐEINS
4.549 KR



VERÐ: 3.215 KR




VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 3.215 KR



VERÐ: 4.689 KR



VERÐ: 4.689 KR




VERÐ: 4.689 KR



VERÐ: 4.689 KR



VERÐ: 3.818 KR



VERÐ: 5.024 KR

nettó

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í NETTÓ GRANDA OG NETTÓ MJÓDD

Mjódd · Grandi · Salavegur · Búðakór · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.



HJÁLPAÐU
okkur
að hjálpa ÖÐRUM

„Hlaðgerðarkot bjargaði lífi mínu,
vertu með!“

SIGURÐUR SMÁRI FOSSDAL



DYNAMO REYKJAVÍK



Hlaðgerðarkot eftir stækkun

VIÐ ERUM STOLTIR BAKHJARLAR HLAÐGERÐARKOTS



Landssöfnun Samhjalpar í opinni dagskrá.

FYLGSTU MEÐ Á STÖÐ 2 Í KVÖLD OG TAKTU ÞÁTT!

Landssöfnun Samhjalpar til styrktar Hlaðgerðarkoti nær hámarki í kvöld kl. 19.00 með stórskemmtilegri dagskrá í opinni útsendingu frá Hörpu á Stöð 2. Fylgstu með, hringdu inn og hjálpaðu okkur að ná 100 milljóna króna markinu.

Dagskráin verður þétt af skemmtilegum atriðum. Margir af bestu listamönnum þjóðarinnar koma fram, kíkt verður í heimsókn í Hlaðgerðarkot, áhugaverðir viðmælendur koma í heimsókn og fylgst verður náið með hvernig söfnunin gengur. Stjórnendur útsendingarinnar eru þau **Sindri Sindrason** og **Sigrún Ósk Kristjánsdóttir**. Fylgstu með og taktu þátt!

Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson er verndari landssöfnunarinnar.

Listamenn sem koma fram

Páll Óskar - frumsýnir nýtt lag.
Þór Breiðfjörð - frumflytur nýtt lag
Glowie
Eyþór Ingi
Ragnheiður Gröndal
Páll Rósinkranz
Kór Lindakirkju
Hljómsveitin Dimma
Gréta Salóme
Stuðmenn

Skemmtiatriði

Þær tvær
Stelpurnar
Steindi Jr.
Spaugstofan
Tónlist
Eivør
Of Monsters and Men

Í OPINNI
DAGSKRÁ
Í KVÖLD
KL. 19.00

TAKTU ÞÁTT!

HRINGDU NÚNA Í SÍMA **905-2002** TIL AÐ GEFA **2.000 KR.**

HRINGDU NÚNA Í SÍMA **905-2004** TIL AÐ GEFA **4.000 KR.**

HRINGDU NÚNA Í SÍMA **905-2006** TIL AÐ GEFA **6.000 KR.**

HRINGDU NÚNA Í SÍMA **905-2010** TIL AÐ GEFA **10.000 KR.**

ÞÚ GETUR MILLIFÆRT BEINT INN Á **SÖFNUNARREIKNING**

KENNITALA **551173-0389** BANKAREIKNINGUR **0322-26-58000**

FRJÁLS FRAMLÖG Í SÍMA **800 5000** EF ÞÚ VILT GEFA BEINT.

SENDU SMS Í NÚMERIÐ **1900** MEÐ TEXTANUM **SAMHJALP** OG ÞÁ SKULDFÆRAST **1.900 KR.**

FYLGSTU MEÐ
OG HRINGDU
INN!

Nánari upplýsingar á samhjalp.is

Samhjalp

samhjalp@samhjalp.is
Sími 561 1000 • www.samhjalp.is

TÆKNI

Kjartan Hreinn
Njálsson
kjartanh@365.is



Viðræður um hnattrænt samkomulag um loftslagsmál fóru síðast fram í Kaupmannahöfn árið 2009. Þær runnu út í sandinn með nokkuð dramatískum hætti. Engin niðurstaða í Kaupmannahöfn, fyrir utan það sögulega augnablik að þjóðir heims sameinuðust um það markmið að draga skyldi úr losun gróðurhúsalofttegunda. Tilgangur loftslagsráðstefnunnar í París (COP21) í desember er að framfylgja þessu markmiði með lagalega bindandi samkomulagi.

Rúmlega 150 þjóðir hafa nú lagt fram landsframlag sitt. Þessi framlög taka til rúmlega 90% af heimslosun. Ísland fylgir Evrópusambandinu og Noregi í samningagerðinni þar sem markmiðið er að minnka losun um 40% til ársins 2030.

Höfuðáhersla ríkjanna 195 sem eiga aðild að loftslagssamningnum er að halda hnattrænni hlýnun undir tveimur gráðum þar sem viðmiðið er hitastig fyrir iðnbýlingu. Til að ná þessum áfanga þarf að draga verulega úr losun og það á nokkuð stuttum tíma, enda hefur plánetan þegar hitnað um 0,85 til 1°C frá árinu 1880. Sú staðreynd blasir við í aðdraganda ráðstefnunnar að margir vísindamenn telja það vera nær ómögulegt að koma í veg fyrir verulega hækkun, 3 til 5°C, fyrir árið 2100.

Þarf meira til

Ef mannkyn hættir undir eins að dæla koldíoxíði út í andrúmsloftið mun plánetan halda áfram að hitna engu að síður. Sú hækkun nemur 1,6°C miðað við hitastig fyrir iðnbýlingu. Á dögnum tilkynnti Alþjóðaveðurfræðistofnunin að styrkur koldíoxíðs í andrúmsloftinu náði 400 hlutum af milljón fyrir á þessu ári og líkur eru á að styrkurinn haldist óbreyttur næstu ár þar sem veðurfyrirbærið El Niño stuðlar að frekari söfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu.

Hitametin munu halda áfram að falla, eins og þau hafa gert undanfarið ár. Hver mánuðurinn á fætur öðrum síðastliðið ár hefur verið yfir meðallagi þegar hitastig er annars vegar og nokkur met hafa fallið. Síðastliðinn októbermánuður var sá heitasti frá upphafi mælinga seint á 19. öld. Goddard-stofnunin hjá NASA telur nú 99,9% líkur á að 2015 verði heitasta ár frá upphafi. Og já, fyrra metið var slegið 2014. Í raun hafa 13 af 15 heitustu árunum komið frá árinu 2000.

Christina Figueres, framkvæmdastýra Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, sagði í síðasta mánuði að það væri í raun ekki öruggt að landsframlög aðildarríkjanna myndu duga til að halda hlýnun Jarðar undir 2°C. „Ég vil að það sé á hreinu. Vegna þess að það er ekki sanngjarnt að afvegaleiða almenning til að halda að Parísarráðstefnan sé einhver töfralausn sem færir okkur frá 4-5°C hlýnun og að undursamlegt, fullkomið markmið um 2°C hlýnun blasi þá við. Það er ekki raunin,“ sagði Figueres.

Ramminn settur

Hugi Ólafsson, formaður samninganefndar Íslands í loftslagsmálum, bendir á að það er sannarlega jákvætt að markmið þjóðanna leiði til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda. „Hins vegar telja menn að það sé ólíklegt að það markmið muni nást að hlýnun frá því fyrir iðnbýlingu verði innan við tvær gráður. Það verður viðfangsefni Parísarfundarinnar að reyna að búa til umgjörð þannig að það verði ýtt smám saman á ríki svo að þessi markmið verði enn metnaðarfullri,“ segir Hugi. Hann segir skipuleggjendur ráðstefnunnar og samninganefndir hafa lært af reynslunni í Kaupmannahöfn. Fyrirkomulagið sé annað núna þar sem ríki skila



Um 40 þúsund manns munu sækja loftslagsráðstefnuna í París í desember. NORDICPHOTOS/GETTY

Á suðupunkti í París

Stærsta og líklegasta mikilvægasta loftslagsráðstefna sögunnar hefst í París 30. nóvember. Nú hafa rúmlega 150 þjóðir lagt fram markmið sín um hvernig þær hyggjast draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sendinefndir ríkjanna halda til Frakklands minnugar um mistök síðustu ráðstefnu.

landsframlögum sínum. Ráðstefnan snýst ekki um innihald framlaganna, heldur hvernig þeim verður framfylgt.

Peningar aðalatriði

Viðræðurnar munu ekki aðeins snúast um það hvernig ríki draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þær munu einnig snúast um pening og skiptar skoðanir eru meðal þróunarrikja annars vegar og þróaðra ríkja hins vegar um hvernig skuli fjármagna þessa umhverfisbreytingu. Á loftslagsráðstefnunni í Durban árið 2011 var Græni loftslagssjóðurinn tekinn í gagnið en hann tryggir þróunarlöndum rúma 13 milljarða króna á ári ef þau fara leið endurnýtanlegrar orku.

„Þetta er tvímælalaust eitt af stærstu málunum. Þróuð ríki segja að þróunarrikkin verði að koma með enda sé mesta aukningin í losun þar. Þróunarrikkin benda á að þar sé miklu minni losun á íbúa og það sé því sanngjarnt að þróuðu ríkin komi með styrki svo þau geti tekið upp græna tækni og tekist á við afleiðingar loftslagsbreytinga. En það er sannarlega deilt um það hvað eigi að vera innan þess, er það eingöngu opinber aðstoð, þróunaraðstoð eða annað, og þetta verður eitt af stærstu málunum. Upphæð og umfang þessarar aðstoðar,“ segir Hugi.

Hugi heldur til Parísar í næstu viku til að taka þátt í undirbún-



Hugi Ólafsson, formaður samninganefndar Íslands í loftslagsmálum: „Það verður viðfangsefni Parísarfundarinnar að reyna að búa til umgjörð þannig að það verði ýtt smám saman á ríki svo að þessi markmið verði enn metnaðarfullri.“



ÞAÐ ER EKKI SANNGJARNT AÐ AFVEGALEIÐA ALMENNING TIL AÐ HALDA AÐ PARÍSARRÁÐSTEFNAN SÉ EINHVER TÖFRALAUÐN

Christina Figueres, framkvæmdastýra Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna

ingsviðræðum fyrir sjálfa loftslagsráðstefnuna. Hann segir flókið en spennandi verkefni blasa við. „Maður skynjar að það er mikil vakning hjá leiðtogum, stjórn-málamönnum og almenningi og margt af því sem við getum gert til

að takast á við þetta er ekki bara einhvers konar rýrnun á lífskjörum og hörmung heldur er margt sem skilar árangri í minni heilsuspillandi mengun, sparnaði og ódýru íslensku rafmagni í staðinn fyrir dýrt innflutt jarðefnaeldsneyti.“

Atburðarrás

1992
RIO EARTH-RÁÐSTEFNAN

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna vegna loftslagsbreytinga (UNFCCC) stofnaður á Ríó-ráðstefnunni

1995
**COP1
Berlín**

1997
COP3

Kýótó-bókunin Alþjóðleg reglugerð þar sem aðildarríki skuldbinda sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Kýótó-bókunin var innleidd 11. desember 1997 og tók gildi 16. febrúar 2005.

2001
**COP7
Marrakesh**

Ítarlegar reglur um innleiðingu Kýótó-bókunarinnar voru teknar upp á COP7 í Marrakesh árið 2001.

2012
Doha-viðaukanum bætt við Doha

Kýótó-bókunin

2015
**COP21
París**

Markmið:

1. Að ná lagalega bindandi og hnattrænu samkomulagi um loftslagsbreytingar þar sem markmiðið er að halda hlýnun Jarðar undir 2°C.
2. Fjárhagslegur stuðningur við þróunarrikkin með því að safna 100 milljörðum Bandaríkjadala á ári með stuðningi frá þjóðríkjum, alþjóðlegum stofnunum og einkageiranum frá árinu 2020.

196 aðildarríki (195 þjóðríki auk ESB)

HEIMILD: UNFCCC



Folaldakjöt af nýslátruðu

Útsala!

 <p>22% afsláttur</p> <p>1699 kr. kg</p> <p>Verð áður 2199 kr. kg</p> <p>Folaldasnitset</p>	 <p>22% afsláttur</p> <p>1699 kr. kg</p> <p>Verð áður 2199 kr. kg</p> <p>Folaldagúllas</p>	 <p>40% afsláttur</p> <p>389 kr. kg</p> <p>Verð áður 649 kr. kg</p> <p>Folaldahakk</p>
 <p>33% afsláttur</p> <p>2399 kr. kg</p> <p>Verð áður 3599 kr. kg</p> <p>Folalda piparsteik</p>	 <p>33% afsláttur</p> <p>2399 kr. kg</p> <p>Verð áður 3599 kr. kg</p> <p>Folaldainnræri</p>	 <p>31% afsláttur</p> <p>2999 kr. kg</p> <p>Verð áður 4399 kr. kg</p> <p>Folaldafíle</p>

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengi!

Ef þú kaupir Coke eða Coke light 4x2 lítra þá færðu eitt jóladagatal í kaupauka



999 kr. 4x2 lítrar

4x2 lítrar Coke eða Coke light og eitt jóladagatal

Kaupauki

Heitt og klárt



Heill grillaður kjúklingur og 2 lítrar af Coca-Cola*

1499 kr. tvönnan

*Þú velur Coca-Cola, Coca-Cola light eða Coca-Cola zero

Heimsveldi í fjöllumunum?

Flækjusaga

Illugi Jökulsson fjallar um þá undarlegu tíma þegar Afganistan gerði sig líklegt til að verða stórveldi í Asíu.



Í meira en þrjátíu og fimm ár hef ég horft á fréttamyndir frá Afganistan og aldrei hef ég séð á þeim svo mikið sem stingandi strá. Grá fjöll grjóthrúgur, í hæsta lagi leirlitur sums staðar á söndunum, skraufurr óhroðinn blæs út úr þessum myndum í augu okkar, hvergi er neitt grænt, ekki einu sinni gulnað strá. Og fólkið alltaf klætt í hölkvíð fót til að standa af sér gróðurvana vindinn. Þannig eru allar fréttamyndir frá Afganistan sem ég man eftir þessa áratugi. Og maður hugsar með sér, um hvað er eiginlega verið að berjast, eftir hverju er að sækjast í þessari hrjóstrugu eyðimörk?

Nú skilst mér að visu að einhvers staðar sé gróður í Afganistan, stundum berast fréttir af því hvernig valmúinn hafi sprottid í ár og hverju megi þá búast við á eiturryfjamörkuðum heimsins næstu misserin – en það er líka eiginlega allt og sumt sem maður heyrir af atvinnulífi í landinu, og á fréttamyndunum er fátt að sjá nema þurrt gróðursnautt rykið og harðneskjulega karlmenn með misjafnlega gömul skotvopn.

Það kemur því óneitanlega svolítið á óvart þegar maður uppgötvar að fyrir ekki svo löngu munaði ekki nema því sem munaði að Afganistan yrði miðdepill í nýju heimsveldi og hefði kannski getað orðið miðpunktur sameiningar milli austurs og vesturs í Asíu. Svo eitthvað hlýtur að vera í þessu landi annað en ryk!

Nú verð ég að visu að taka fram að orðlagið „fyrir ekki svo löngu“ er hér notað með mælikvarða eilífðarinnar í huga. Í rauninni eru 250 ár síðan. En saga Durrani-rikisins sýnir að Afganistan getur leynt á sér.

Nú vikur sögunni sem sé til upphafs 18. aldar. Afganistan hafði þá

lengi verið fylgihnöttur öflugra ríkja í Persíu og rétt undir miðja öldina var hálfþritugur piltur frá Afganistan kominn í hóp helstu lautinanta Persakeisara sem þá hét Nadír Shah og var herforingi mikill. Nadír hafði meðal annars ráðist inn í Indland og haft þaðan mikið herfang og þar á meðal stærsta demant í heimi, Koh-i-noor, sem Nadír kallaði svo: Fjall af birtu!

Nú gerðist það árið 1747 að Nadír Shah var myrtur af lífvörðum sínum í borginni Khorasan, hann var orðinn óður af máttssýki og grimmari en boðlegt var. Upplausn varð í ríki hans og ungi lautinantinn frá Afganistan sá sér þann kost væntan að koma sér heimleiðis og hafði með sér 4.000 úrvallshermenn sem voru af afgönsku bergi brotnir. Síðasta verk hans í Khorasan var að fjarlægja af líki Nadírs demantinn stóra, og þegar heim til Afganistan kom notaði hann dýrð demantsins óspart til að fá ættarhöfðingja í fjallendinu til að sverja sér hollustueiða. Hann hét Ahmed Khan en lýsti sig nú keisara í fjöllumunum og hét eftirleiðis Ahmed Shah. Hann er þó enn kunnari undir nafninu Durrani eða Perlan.

Fjallamennirnir í Afganistan höfðu allt frá á dögum Alexanders mikla verið kunnir fyrir harðlyndi og hermennsku. Alexander þurfti að eyða meiri tíma í að brjóta þá undir sig en sigra Persakóng. Nú tókst Durrani að snúa hug hinna afgönsku stríðsmanna frá því að verjast bara í sínum gróðurvana fjöllum, heldur tóku þeir að sækja æ meira niður á sléttur bæði í vestri og austri. Í vestri náði Durrani stórum svæðum af Persum sem vissu ekki sitt rjúkandi ráð eftir morðið á Nadír Shah, í Mið-Asíu spornaði Afganakeisari gegn áhlaupum frá Kína en mestum sögum fór af herferðum hans suður og austur á bóginn inn á Indlandsskaga – og herferðir hans þangað reynast, þegar að er gáð, eiga sinn þátt í að nú löngu síðar skuli vera litið á Afganistan sem bitbein stórvelda sem aldrei skuli láta í friði, þótt þangað virðist fátt að sækja af auðlindum.

Um miðja 18. öld voru liðin rétt rúm 200 ár frá því Mongólar frá Úsbekistan höfðu ansi óvænt brotist yfir afgönsku fjöllin frá Mið-Asíu og náð völdum á Indlandi. Í munni Indverja breyttust Mongólar í Mógúla og á hátindi þeirra stóðu engir Mógúlum á sporði að glæsileik og dýrð. Sá fimmti þeirra var til dæmis sá Shah Jahan sem hóf byggingu grafhýsisins Taj Mahal 1632 og skreytti sig líka



Í turban Durrani keisara er demanturinn góði Koh-i-noor sem nú skreytir kórónu Elisabetar Bretadrottningar.

mjög með demantinum Koh-i-noor.

En þegar komið var fram á 18. öld fór veldi Mógúla ört hnignandi, kóngar í ríkinu Maratha þjórnuðu mjög að þeim og höfðu náð flestum héruðum þeirra á sitt vald, þar á meðal höfuðborginni Delhi. Og þegar Durrani hafði hrist saman og þjálfað nógu öflugan her til að treysta honum gegn Indverjum og kom askvaðandi ofan úr afgönsku fjöllumunum með byssur sínar og sverð, þá voru það Maratha-menn sem hann fór að herja á.

Nú er frá því að segja, eins og þegar hefur verið gefið í skyn, að fjöllin í Afganistan eru ekki sérlega frjósöm og þar er ekki margt auðlinda. Durrani blés mönnum sínum eldmóði í brjóst með því að höfða til trúarinnar. Hann var múslimi eins og flestallir Afganar og hélt því fram að það væri islam þóknanglegt að herja á og drepa hindúana sem á Indlandi bjuggu. Hann veifaði meira að segja hinu víðfræga hugtaki „heilögu stríði“ gegn hindúum og dugði vel.

En þótt Durrani hefði á merkilega skömmum tíma myndað öflugt ríki þar í fjöllumunum og stefndi óhikað til stórveldis, þá var Afganistan einfaldlega ekki nógu ríkt svæði til að standa undir stórveldisdraumum hans. Herferðir Durrani og Afgana til Indlands voru því ekki síst ránsferðir. Hann náði að leggja undir sig það svæði í Indusdal sem nú heitir Pakistan en virðist hafa verið beggja blends um hvort hann langaði virkilega að leggja undir sig allt Indland, eins og hann virtist þó stundum fær um.

Durrani var ekki aðeins herforingi og keisari yfir nýju og vaxandi stórveldi. Hann var líka skáld og mér



**DURRANI VAR EKKI AÐ-
EINS HERFORINGI OG
KEISARI YFIR NÝJU OG
VAXANDI STÓRVELDI.
HANN VAR LÍKA SKÁLD.**

skilst að hljómur kvæða hans sé góður á frummalinu. Eitt kvæðanna orti hann til heimabyggðar sinnar, Afganistan. Og þar kemur fram ást hans til fjallanna, hvað sem leið gróðurleysi þeirra. Honum finnst hliðin fögur þótt þar séu engir bleikir akur:

*Í blöðinu berum við ást
okkar til þín,
unga fólkið ræður sér
ekki vegna þín.*

*Ég kem til þín og hjarta mitt fær ró.
Fjarri þér bitur sorgin sig
fasta við hjartað.*

*Ég gleymi krúnunni sjálfri í Delhi
þegar ég minnist fjallatindanna
í Afganistan.*

*Ef ég verð að velja milli
heimsins og þín,
hika ég ekki að kjósa mér hrjóstru-
gur eyðimerkur þínar.*

En meðan allt lék í lyndi var reyndar ekki útlit fyrir að Durrani Afganakeisari þyrfti að velja milli „heimsins og þín“. Ekki varð betur séð en honum gæti hlotnast hvort tveggja. Í blábyrjun ársins 1761 stefndi nefnilega í það. Þá nálgadist hann Delhi með gríðarmikinn her Afgana og bandamanna sinn en Maratha-menn tefldu fram hverju mannsbarni sem þeir gátu til varnar. Og við hina fornu borg Panipat, eigi allfjarri Delhi, var blásið til einnar fjölmennustu og blóðugustu orrustu sögunnar – þótt við hér á Vesturlöndum þekkjum lítt eða ekki til hennar. Um þær mundir voru íbúar í breskum nýlendum í Norður-Ameríku að búast til sjálfstæðis og þeir áttu ekki nema áratug síðar eftir að heyja orrustur við Breta sem eru víðfrægar í sögunni, en í svonefndu frelsisstríði Bandaríkjanna áttust ekki við nema örfá þúsund manns í hvert sinn – en við Panibat börðust mörg hundruð þúsund manns. Og úrslit orrustunnar myndu ekki aðeins ráða örlögum Maratha-veldisins eða því hvort hið fátæka Afganistan kæmist til fram-búðar í hóp öflugra stórvelda, heldur fylgdust gráðug augu með gangi mála bæði í norðri og suðri.

Suður á Indlandi voru Bretar nefnilega að búa sig undir að ganga á lagið ef fótunum yrði kipt undan Marathaveldinu, en í norðri voru Rússar byrjaðir að velja fyrir sér hvort þröngar slóðir um afganska fjalladali myndu á endanum færa þeim óendanleg auðæfi Indlands.

Það valt því mikið á úrslitum einnar orrustu og eftirköstum hennar. Ég segi ykkur frá henni og örlögum Durrans eftir viku.

Aðalfundur

Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins 2015

Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins verður haldinn í golfskála félagsins laugardaginn 28. nóvember nk. kl. 15.00.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara
3. Lögð fram skýrsla formanns
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagðar fram tillögur um breytingar á lögum félagsins ef um er að ræða.
7. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
8. Ákveðið árgjald félaga fyrir næsta starfsár.
9. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðenda reikninga skv. 9. gr. laga.
10. Önnur mál.

Lagabreytingar: Fyrir liggur tillaga stjórnar klúbbsins um breytingu á 9. grein laga félagsins. Tillagan liggur frammi til kynningar á heimasíðu klúbbsins: nkgolf.is og á skrifstofu framkvæmdastjóra í golfskalanum.



ÚT Í GEIM MEÐ VILLA!

Vildarverð:

3.999.-

Verð:

5.699.-

ÚTGÁFUHÓF
Í DAG
KL 14:00
Í VERSLUN OKKAR
Í KRINGLUNNI


VÍSINDABÓK VILLA

Geimurinn og geimferðir

Vilhelm Anton Jónsson & Sævar Helgi Bragason



VILDARKLÚBBUR
EYMUÐSSON



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUÐSSON!



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir 21. nóv, til og með 23. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Merkisatburðir

- 1171** Hvamm-Sturla Þórðarson og Einar Þorgilsson á Staðarhóli berjast í Sælingsdal. Sturla hefur sigur og er eftir það talinn mestur höfðingja við Breiðafjörð.
- 1916** Alþingiskosningar haldnar. Þetta voru fyrstu alþingiskosningar eftir að konur fengu kosningarétt. Samhliða fer fram þjóðaratkvæðagreiðsla um þegnskylduvinnu allra heilbrigðra karlmannna á aldrinum frá 17 til 25 ára. Tillagan var felld með 90% atkvæða.
- 1916** Pétur Ottesen er kjörinn á Alþingi 28 ára gamall. Hann sat á þingi í tæp 43 ár.
- 1933** Þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram um bannlögin svonefndu. Í kjölfar hennar er áfengisbann afnumið.
- 1944** Nýsköpunarstjórnin undir forsæti Ólafs Thors tekur við völdum. Aðild að henni áttu Sjálfstæðisflokkurinn, Alþýðflokkurinn og Sósíalístaflokkurinn.
- 1961** Séra Bjarni Jónsson vígslubiskup er gerður fyrsti heiðursborgari Reykjavíkur á 80 ára afmæli sínu.
- 1954** Oliuverzlun Íslands opnar nýja og glæsilega bensín- og smurstöð á Klöpp í Reykjavík.
- 1967** Upp kemst um eitt mesta áfengissmygl í áratugi og var það kallað Ásmundarmálið, kennt við bátinn Ásmund. Þúsundum lítra af áfengi var smyglað og var það geymt í skipsflaki í Elliðaárvogi.
- 1981** Andreas Papandreou verður forsætisráðherra Grikklands.
- 1988** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar er opnað í Reykjavík. Þennan dag hefði Sigurjón orðið áttræður, en hann lést í desember 1982.
- 2005** Football Manager 2006 er gefinn út í Evrópu og víðar.
- 2005** Íslenska heimildarmyndin Africa United er frumsýnd.
- 2006** Hellsisheiðarvirkjun er formlega gangsett.



Guðrún Tómasdóttir og Diddú munu taka tvö lög saman. MYND/MAGNÚS GUÐMUNDSSON

Nírað söngkona kemur fram ásamt fjórum öðrum

Farið verður yfir feril Guðrúnar Tómasdóttur í Hannesarholti á sunnudag.

Á sunnudag stígur hin níraða söngkona Guðrún Tómasdóttir á svið og syngur tvo dúetta með Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, Diddú. Sumum þykir hugtak eins og reynslubolti kannski vera ofnotað nú á dögum, en flestir ættu að vera sammála um Guðrún uppfyllir flest skilyrði þess hugtaks. Hún söng á sínum fyrstu tónleikum árið 1958 og fór síðast á svið í apríl á þessu ári, daginn eftir að hún varð nírað.

„Ég var nú kannski einu sinni móðins,“ segir Guðrún og hlær, hógvæðin uppmáluð. Guðrún nam söng í New York í kringum miðja síðustu öld. Hún ætlaði upphaflega til Ítalíu eða Englands en örlögin tóku hana til Bandaríkjanna. Guðrún kom hingað heim að loknu söngnámi og hélt fjölda einsöngstónleika, auk tónleika með öðrum tónlistarmönnum. Hún hélt svo

aftur vestur um haf í framhaldsnám. Hún er margverðlaunuð söngkona og hefur meðal annars hlotið fálkaorðu fyrir störf sín að tónlist. Samhliða því að koma fram sem söngvari starfaði hún við söngkennslu og raddþjálfun kóra.

Guðrún kemur fram á morgun, ásamt fjórum öðrum tónlistarmönnum. Með henni og Diddú verða þau Anna Guðný Guðmundsdóttir, Sigrúður Snorrason og Bjarki Bjarnason á staðnum. Þau eiga það öll sameiginlegt að vera íbúar í Mosfellssveit. „Við komum fyrst fram þegar Bóksasafnið í Mosfellssveit hélt menningarkvöld í apríl. Kvöldið var haldið þann 14. apríl og það vildi svo til að ég átti afmæli deginum áður. Þannig að úr varð hálfgerð afmælisveisla,“ útskýrir Guðrún, jafn hógvæð og áður. Menningarkvöld-

» Hún er margverðlaunuð söngkona og hefur meðal annars hlotið fálkaorðu fyrir störf sín að tónlist. Samhliða því að koma fram sem söngvari starfaði hún við söngkennslu og raddþjálfun kóra.

ið var nefnilega haldið henni til heiðurs og á því var farið yfir störf hennar og feril. „Hann Bjarki talaði við mig um gang lífsins inn á milli áttríða sem voru svoltið tengd því sem ég gerði. Á sunnudaginn ætlum við að endurtaka leikinn í Hannesarholti.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 17 og er hægt að tryggja sér miða á vefsíðunni midi.is. kjartanattli@365.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Helgu Margrétar Sigurjónsdóttur

Hriseyjargötu 17, Akureyri.

Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust hana síðustu árin. Guð blessi ykkur öll.

Sigríður Jóna Þorvaldsdóttir
Sigurjón Þorvaldsson
Ellen Margrét Þorvaldsdóttir
og ömmubörnin.

Eyjólfur Einarsson
Daniela Guðmundsdóttir
Ármann Þórir Björnsson
og ömmubörnin.

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

MEÐ VIRÐINGU OG KÆRLEIK Í 66 ÁR



Útfarar- og lögfræðipjónusta
www.utför.is



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Steinunnar Jónínu Ólafsdóttur

frá Firði á Seyðisfirði, Giljaseli 11, Reykjavík.

Haraldur Einar Leifsson
Sigurbjörg Þóra Leifsdóttir

Katrín Helgadóttir
Bjarki Viðarsson

Ólafur Þór Leifsson
Stefán Jón Sigurðsson
og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Halldóru Bjargar Pálsdóttur

fv. ráðskonu á Bessastöðum,

sem jarðsungen var frá Bessastaðakirkju 23. október. Sérstakar þakkir fá allir þeir sem studdu og liðsinntu okkur í veikindum hennar.

Sigríður M. Snorradóttir
Andrés Jóhann Snorrason

Ragnar S. Vilhjálmsson
Ragnhildur Skúladóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

MAGNÚS JÓNSSON
STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR

RÉTTUR

SUNNUDAGA Á STÖÐ 2





Fanny Kristin Tryggvadóttir er einn af starfsmönnum Samhjalpar en landssöfnun samtakanna fer fram í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Munar um hvert framlag

Landssöfnun Samhjalpar til endurbyggingar Hlaðgerðarkots fer fram í kvöld. Stefnan er sett á að safna hundrað milljónum króna fyrir nýbyggingu.

Í kvöld fer fram landssöfnun félagsamtakanna Samhjalpar og er markmið söfnunarinnar endurbygging Hlaðgerðarkots, meðferðarheimilis fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Samhjalp keypti Hlaðgerðarkot af Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur árið 1974. Elsti hluti húsnæðisins er frá árinu 1955 og nú er brýn þörf fyrir endurbætur og nýbyggingu en húsið hefur verið rekið á undanþágu yfirvalda.

„Húsnæðið er að hluta til komið til ára sinna og orðið illa farið og við erum í rauninni að reka það á undanþágum. Staðan er ekki góð hvað það varðar þó að reksturinn sjálfur gangi vel. Þess vegna er blásið til þessarar söfnunar og er ætlunin að safna 100 milljónum,“ segir Fanny Kristin Tryggvadóttir, einn af starfsmönnum Samhjalpar. Áætlað er að kostnaðurinn við áfanga nýrrar byggingar sé um 100 milljónir og segir Fanny þörfina fyrir nýtt húsnæði brýna.

„Árlega erum við með stóran hóp sem við náum ekki að sinna og ekki bætir úr skák ef húsnæðið er ónothæft,“ segir hún og heldur áfram: „Þeir sem koma í Hlaðgerðarkot eru að minnsta kosti í þrjá mánuði hjá okkur og lengur ef þörf

krefur.“ Að jafnaði eru um 60-70 manns á biðlista eftir meðferð og á síðasta ári var ekki mögulegt að sinna rúmlega 400 einstaklingum sem þangað leituðu til meðferðar og eru horfur á að sú tala verði svipuð í ár.

„Helmíngur fólksins þarna er á aldrinum 18-39 ára þannig að það eru miklir hagsmunir fyrir okkur öll að koma þeim út í samfélagið aftur,“ segir hún og bætir við að í Hlaðgerðarkoti sé lögð áhersla á að skapa heimilislega stemningu fyrir þá sem sækja þangað meðferð. Hún segir mikinn hug í hópnum sem að söfnuninni stendur en sjónvarpað verður frá henni í opinni dagskrá á Stöð 2 og Vísi.

Fanny segir málefnið snerta alla og að aðstandendur söfnunarinnar hafi fundið fyrir mikilli velvild og meðbyr. „Allar fjölskyldur eiga einhvern að sem hefur lent í vanda og er jafnvel í vanda þannig að það eru hagsmunir okkar allra að það séu til úrræði.“ Hún segir bjartsýni ríkja um að markmiðið náist og takist að safna þeirri fjárhæð sem stefnt er að. „Miðað við móttökurnar og undirtæktirnar síðustu daga erum við mjög bjartsýn og finnum svakalegan meðbyr og spenning hjá fólki.“ Hún segir fjölmörg

Allar fjölskyldur eiga einhvern að sem hefur lent í vanda og er jafnvel í vanda þannig að það eru hagsmunir okkar allra að það séu til úrræði.

fyrirtæki hafa lagt málefnið lið og þau séu einnig að skora á önnur fyrirtæki innan sama geira að gera slíkt hið sama. Einnig hvetur Fanny einstaklinga til þess að leggja söfnuninni lið, ekkert framlag sé of smátt. „Það munar um hvern þúsundkall, það er ekki spurning.“

Auk Hlaðgerðarkots starfrækir Samhjalp eftir meðferðar- og áfangaheimilin Brú og Spor, Stuðningsheimili að Miklubraut, Kaffistofu Samhjalpar og tryggir um 80 manns næturgistingu á hverri nóttu allan ársins hring. Líkt og áður sagði verður söfnuninni sjónvarpað á Stöð 2 og Vísi. Dagskráin verður vegleg og samanstendur af viðtölum auk tónlistar- og skemmtiatriða. Útsendingin hefst klukkan 19.15. Hægt er að leita allra upplýsinga um söfnunina og nalgast söfnunarnúmer á vefsíðunni samhjalp.is. gydaloa@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST:
21. NÓVEMBER 2008

Íslendingar keyptu West Ham

Þennan dag var lýst yfir að WH Holding, félag í eigu Björgólfs Guðmundssonar og Eggerts Magnússonar, hefði lagt 85 milljónir punda, þá 11,3 milljarða króna, til kaupa á knattspyrnufélaginu West Ham, auk þess sem skuldir upp á þrjá milljarða króna, á þávirði, voru yfirteknar.

West Ham hafði verið að stórum hluta í eigu afkomenda þeirra sem stofnuðu félagið árið 1895. Kaup Íslendinga þóttu dæmi um hættulega þróun að mati margra Englendinga, sem töldu of mörg ensk félög komin í eigu erlendra aðila.

Íraninn Kia Joorabchian hafði lengi haft hug á að kaupa félagið og hafði meðal annars fengið tvo argentínska landsliðsmenn til liðs við félagið, þá Carlos Tévez og Javier Mascherano.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför bróður míns og frænda okkar,

Guðmundar Þorkelssonar,
bókbindara, Barmahlíð 51.

Starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Sóltúns færum við hjartans þakkir fyrir einstakt viðmót og sérstaklega alúðlega umönnun.

Helgi Gunnar Þorkelsson, Gunnar Þorsteinsson, Sigríður Helga Þorsteinsdóttir, Kolbrún Guðmundsdóttir og fjölskyldur.



Ástkær eiginkona mín og móðir okkar,

Sonja Reynisdóttir

Ásaþingi 10,

lést á líknardeild Landspítalans þann 16. nóvember. Útförin fer fram frá Lindakirkju þriðjudaginn 24. nóvember kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlyningar Landspítalans fyrir trausta og góða umönnun.

**Próstur R. Kristinsson
Lóvísá Þrastardóttir
Róbert Þrastarson
og aðstandendur.**



Elskulegur faðir okkar, sonur, bróðir og frændi,

Guðmundur Eyjólfsson (Tumi)

sem lést 10. nóvember 2015, verður jarðsunginn frá Seljakirkju 24. nóvember kl. 13.00.

**Marey Þóra Guðmundsdóttir
Briet Myrra Guðmundsdóttir
Sigurður Vilhelm Ólafsson Bára N. Guðmundsdóttir
systkini og aðrir aðstandendur.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Friða Sveinsdóttir

lést fimmtudaginn 19. nóvember 2015. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Bragi Þorsteinsson
Helga Bragadóttir Jóhann Sigurjónsson
Halldóra Bragadóttir Árni B. Björnsson
Sveinn Bragason Unnur Styrkársoðttir
og barnabörn.**



Ástkær sonur minn og bróðir okkar,

Hörður Þórisson

frá Laugarvatni,

lést þann 18. nóvember.

**Esther Matthildur Kristinsdóttir
Rósa Þórisdóttir
Hrönn Þórisdóttir
Gerður Þórisdóttir
Þórir Þórisson**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Ásgeirsdóttir

Háaleitisbraut 44, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 3. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Börn, tengdabörn og ömmubörn.

nettó

TILBOÐ Á JÓLABÓKUM Í NETTÓ


GILDIR 20.-22. NÓVEMBER



VERÐ: 2.204 KR




VERÐ: 4.218 KR



VERÐ: 4.967 KR




VERÐ: 4.549 KR



AÐEINS
4.689 KR



VERÐ: 5.949 KR



VERÐ: 2.989 KR



VERÐ: 4.899 KR



VERÐ: 4.549 KR



VERÐ: 4.689 KR

nettó

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í NETTÓ GRANDA OG NETTÓ MJÓDD

Mjódd · Grandi · Salavegur · Búðakór · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

SANNUR ÖÐLINGUR!

Og svo
tjöllum við
okkur í rallið
Bókin um Thor

ÚTGÁFUHÓF
Í DAG
KL 14:00
Í VERSLUN OKKAR
AUSTURSTRÆTI

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Vildarverð:
4.699.-
Verð:
5.999.-

Og svo tjöllum við
okkur í rallið




VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG
OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!



Hark
Vildarverð: 4.999.-
Verð: 6.499.-




Toppstöðin
Vildarverð: 4.719.-
Verð: 5.899.-

**ÚTGÁFUHÓF
Í DAG**
KRINGLUNI
KL 13:00
SMÁRALIND
KL 15:00



Skínandi

Vildarverð: **1.999.-**
Verð: 2.599.-



Trunt trunt
Vildarverð: 2.999.-
Verð: 3.999.-



Leyndarmál Lindu
Vildarverð: 3.592.-
Verð: 4.490.-



MAMMA
Vildarverð: 2.799.-
Verð: 3.499.-



Kafteinn ofurbrók og endurkoma Túrbó 2000
Vildarverð: 3.439.-
Verð: 4.299.-



Rusladrekinn

Vildarverð: **3.399.-**
Verð: 4.299.-

**ÚTGÁFUHÓF
SUNNUDAG
KL 14:00**
KRINGLUNNI

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda 21. nóv, til og með 23. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

...LIFUN



TRÚBROT

Tónlist hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar **TRÚBROTS** verður flutt á sviði Eldborgar þann 12. febrúar. Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, **...LIFUN**, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár. Meðlimir **TRÚBROTS**, þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens, skipa hljómsveitina ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Péttri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Ekki missa af sannkallaðri veislu í Hörpu þar sem tónlist **TRÚBROTS** fær að hljóma og andi hippakynslóðarinnar svífur yfir vötnum.

12. FEBRÚAR Í ELDBORG

Miðasala hefst 25. nóvember kl. 10:00
á tix.is, harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528 5050.



HARPA DÆGURFLUGAN

Konráð og félagar á ferð og flugi 175

Bragi Halldórsson

„Sjáið þið hvítu rákina á himninum,” sagði Kata. „Þetta er eftir flugvél.”
Pau horfðu öll upp í himininn. „Já,” sagði Lísaloppa. „Það er svo margt sem maður getur séð á himninum.” „Margt?” sagði Kata. „Mér finnst nú ekki svo margt að sjá þarna uppi.” „Jú, maður getur séð sólina, tunglið og stjörnurnar,” sagði Konráð. „Og regnboga, ský, norðurljós og jafnvel gervitungl,” sagði Lísaloppa. „Gervitungl?” át Kata upp eftir henni. „Aldrei hef ég nú séð gervitungl á himninum.” „Það er af því að þú hefur haldið að það væri stjarna,” sagði Lísaloppa. „En ef það sem lítur út fyrir að vera stjarna skiptir stöðugt um lit, þá er það sennilega gervitungl.”

Getur þú fundið þessi orð í þessari stafagátu?

Flugvél
Gervitungl
Norðurljós
Regnbogi
Ský
Sól
Stjörnurnar
Tungl

L	Ú	R	P	H	Æ	Í	Ö	Þ	Í	L	Ú	B
P	S	F	E	Ý	F	L	U	G	V	É	L	Ð
G	E	R	V	I	T	U	N	G	L	L	Á	Ð
R	Ó	E	A	Þ	E	Ú	F	A	Á	A	Æ	
J	O	G	G	Ó	Ð	S	B	J	G	Ó	Ð	J
U	I	N	H	X	S	T	J	Ö	R	N	U	R
O	J	B	Ú	D	O	R	D	J	M	O	Ý	Ó
S	S	O	Ö	B	T	Ú	É	P	S	D	D	S
D	É	G	E	P	S	F	Ú	É	P	N	Æ	Ó
S	U	I	L	L	K	X	Æ	Ó	Í	H	U	L
M	I	Ú	Ú	Ó	Ý	P	N	P	V	Í	T	Ý
G	U	Æ	P	T	U	N	G	L	L	É	U	Y
N	O	R	Ð	U	R	L	J	Ó	S	V	N	U



Sævar Helgi veltir stjörnum himinhvolfsins mikið fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Horft til himins og spáð í stjörnurnar

Sævar Helgi Bragason, stjörnufræðingur í vísindasmiðju Háskóla Íslands, þekkir leyndardóma himingeimsins flestum Íslendingum betur og fræðir okkur fúslega um stjörnurnar sem prýða hann.

Sævar Helgi, þessa dagana sjást tvær mjög skærar stjörnurnar á austurhimninum á morgnana þegar bjart er í lofti. **Hvað heita þær?** Þetta eru Júpiter og Venus. Þær verða áberandi næstu vikurnar, Júpiter hækkar á lofti en Venus lækkar. Eftir áramótin hverfa þær sjónum okkar smátt og smátt en eftir 500 daga eða svo munum við sjá Venus aftur á himninum. Þá verður hún orðin kvöldstjarna og mun sjást vinstra megin við sólina.

Hvað geturðu sagt okkur um Sjóstirnið? Sjóstirnið er líka

kallað Systurnar sjö og er í stjörnumerkinu Nautinu. Þetta er hópur af stjörnum sem eru mjög þétt saman og líta út eins og innkaupakerra og er í Subaru-lógóinu. Sjóstirnið fæddist úr gas- og rykskýi fyrir um það bil 100 milljón árum og inniheldur um 1.000 stjörnurnar en við sjáum bara þær björtustu. Allar eru í svona 400 ljósára fjarlægð ef ég man þetta rétt. Svo er til annað fyrirbæri sem heitir Karlsvagninn sem lítur ekkert ósvipað út en er stærra.

Hvað er að fréttu af Fjósakonunum og Fiskikörli?

unum? Fjósakonurnar eru þrjár stjörnurnar í beinni röð með jöfnu millibili og eru með stærstu og öflugustu stjörnum sem við sjáum á himninum. Þær eru um 25 til 30 þúsund gráðu heitar. Fjósakonurnar eru belti Óríons. Niður úr beltinu hangir svo sverðið, það eru Fiskikarlarnir, þrjár stjörnurnar í beinni röð, mun daufari og með styttra millibili en fjósakonurnar. Í miðju Fiskikarlanna er geimpoka, sem heitir Sverðpokan í Óríon, það er stjörnumyndunarsvæði, nokkurs konar stjörnuverksmiðja.



Brandarar

Siggi: Ætli ég sé ekki versti golfspilari í heimi?

Óli: Nei, það eru til miklu verri. Þeir spila bara ekki.

Af hverju stal Hrói höttur bara frá þeim ríku?

Þeir fátæku áttu ekkert sem hægt var að stela.

Af hverju hefur isbjörninn hvítan feld?

Af því hann liti svo kjánalega út fjólublár.

Kennarinn: Ef þú færð tvær kjötbollar og borðar þær báðar, hvað áttu þá eftir?

Sólveig: Þá á ég eftir kartöflurnar og sósuna.



ALLAR HELGAR

HELGARFJÖR FYRIR **FLOTTASTA FÓLKIÐ**

Afinn sem allir elska og fjöregu vinkonurnar Skoppa og Skritla skemmta börnum og foreldrum á laugardags- og sunnudagsmorgnum á **Stöð 2**.

365.is | Sími 1817

365

Teikningar



Ásdís Björk Rúnarsdóttir, fimm ára listakona, sendi okkur þessa mynd.



Brúðkaupsmynd eftir Birtu Hall, fimm ára. Lítið barn kúrir í maga móður sinnar.

Ísland er land þitt

RAX púðaver, 15 mismunandi ljósmyndir.



Öskufjúk úr Eyjafjallagösinu



Brim við Dyrhólaey 2014



Selur í Jökulsárlóni

3.999kr



Eldgos í Eyjafjallajökli 2010



Eyjafjallajökull



Hestar í smalaferð




Við Gígjökul



Nærmynd af eldgosi á Fimmvörðuhálsi



Kindur á landmannafrétti



Entujökull



Eldgos á Fimmvörðuhálsi



Við Rauðufossa á landmannafrétti



Kvíarjökull í öræfum



Eldgos í Holuhrauni 2015



Múlagljúfur í Öræfum



Ragnar Axelsson hefur í gegnum tíðina tekið mikinn fjölda ljósmynda, bæði í lit og svarthvítu sem hafa birst í blöðum og tímaritum um allan heim, þar á meðal LIFE, TIME og National Geographic.



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA


Skilamið
Þessi vara er keypt
HAGKAUP og
skilamið er skipt
á Hagkaup.is

Skilamiði
Þessi vara er keypt
HAGKAUP og
skilamið er skipt
á Hagkaup.is

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Í dag stefnir í frábært útvistarveður, hægán vind, þurrt veður og góðar líkur á að sjáist til sólar um allt land. Frostlaust við sjóinn en vægt frost inn til landsins. Hlýnar annað kvöld.

Heimurinn

Kaupmannah. Oslo 3°	Oslo -1°	Stokkhólmur -2°	Gautaborg -1°	Helsinki 1°	Þórshöfn 6°	Nuuk 1°
London 4°	Amsterdam 10°	Paris 6°	Berlin 6°	Madrid 12°	Brussel 7°	Róm 17°
Boston 3°	New York 5°	Orlando 21°	Moskva 4°	Singapúr 26°	Tókyó 14°	Sydney 18°

Flóð & fjara

Flóð	Fjara
Reykjavík	01.49 08.03
3,16m	1,13m
14.20	20.45
3,37m	0,86m

Akureyri	12.08
06.01	12.08
1,29m	0,56m
18.16	00.34
1,24m	0,41m

Ísafjörður	10.12
03.56	10.12
0,75m	0,71m
16.21	22.52
1,93m	0,47m

Tunglstaða



Vaxandi
67%

Sólarupprás:

10.14

Sólarlag:

16.11

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
5° ↑ 6	5° → 9	2° ↑ 3	3° ↖ 3	4° ↑ 10

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↑ 15	-0° ← 3	-1° ↖ 3	-3° ↑ 6	0° ↑ 13

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↑ 16	-1° ↑ 4	-0° ↓ 7	-2° ↓ 6	3° ↑ 9

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↑ 6	-4° ↑ 4	0° ↓ 14	-1° ↓ 11	4° ↖ 16

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↓ 10	2° ↑ 6	1° ↓ 10	-2° ↓ 8	5° ↑ 7

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



iPad Pro

er kominn í verslanir Epli

Nýtt Apple TV

Apple TV (þriðja kynslóð)
Verð frá **12.990**

12.9" Retina skjár, ó, já

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 31. desember*

3

FÁÐU STÖÐ 3
Á BETRA VERÐI
Í VETUR

Fáðu þér áskrift í
síma 1817 eða á **365.is**

*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.

Happy
Thanksgiving

22%
AFSLÁTTUR

ÍSLENSKUR KALKÚNN
VERÐ ÁÐUR
1.549 KR/KG

1.363 KR
KG

KALKÚNAFYLLING
VERÐ ÁÐUR
1.398 KR/KG

1.090 KR
KG

20%
AFSLÁTTUR

25%
AFSLÁTTUR

SS LAMBABÓGUR 2 STK Í PK
FROSINN
VERÐ ÁÐUR
998 KR/KG

798 KR
KG

HEILL FROSINN KJÚKLINGUR
VERÐ ÁÐUR
798 KR/KG

599 KR
KG

20%
AFSLÁTTUR

20%
AFSLÁTTUR

GRÆNN ASPAS 454 G
VERÐ ÁÐUR
699 KR/PK

559 KR
PK

SÆTAR KARTÖFLUR 453 G
FROSINAR
VERÐ ÁÐUR
479 KR/PK

398 KR
PK

SELLERÍ STILKAR 250 G
VERÐ ÁÐUR
286 KR/PK

229 KR
PK

KJÖTSEL

50%
AFSLÁTTUR

K.S. LAMBAFILLE M. FITU
FROSID
VERÐ ÁÐUR
3.645 KR/KG

3.171 KR
KG

RAUÐKÁL - FERSKT
VERÐ ÁÐUR
278 KR/KG

139 KR
KG

Tilboðin gilda 19. - 25. nóv.

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana

Lífróður að bjartri framtíð Íslensku óperunnar

Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri rær lífróður fyrir Íslensku óperuna sem hún ætlar stóran hlut í íslensku menningarlífi og kynnir hún hér starfsárið 2016 til 2017 og fyrirhugaðar uppfærslur.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Steinunn Birna Ragnarsdóttir tók við starfi óperustjóra Íslensku óperunnar um mitt árið en talsverður styr hefur staðið um starfseminna að undanfögnu. Flutningur óperunnar í Hörpu, umtalsverðar skipulagsbreytingar, verkefnaval og fleira hefur verið til umræðu. Steinunn Birna segir að það sé mikilvægt að þessi umræða fari fram og að það sé þrátt fyrir allt ánægjulegt að sjá að margir láta sig málefni Íslensku óperunnar miklu varða.

Tengsl við samfélagið

„Það er visbending um að fólki er ekki sama og sitt sýnist hverjum. Við erum einmitt núna með hjá okkur tvær konur frá Berlín sem eru sérfræðingar í hugmyndavinnu sem heitir Design Thinking Workshop sem ég kynntist þegar ég var úti í Berlín á sínum tíma að vinna með Mahler Chamber Orchestra sem eru leiðandi í að ná í nýja áhorfendahópa og það er stóra verkefnið. Vinnusmiðjan er með þátttöku listamanna, áhorfenda og stjórnenda og þátttakendur munu m.a. fara út á götu og spyrja fólk hvað því finnst um óperu, hvort það fari, hvers vegna eða hvers vegna ekki og fleira sem getur reynst okkur dýr-mætar upplýsingar. Ég er viss um að þetta verður gott veganesti til framtíðar.

Það er svo mikilvægt fyrir listastofnanir að einangrast ekki heldur vinna í takt við samfélagið, bæði fólkið í landinu sem og menntastofnanir. Þess vegna er ég að stofna til virks samstarfs við Listaháskólann varðandi t.d. samnýtingu á kröftum sem við erum að fá að utan. Að auki bind ég vonir við að geta fengið langt komna nemendur til þess að taka þátt í okkar starfi því það er mjög mikilvægt að tengja þetta saman.“

Steinunn Birna segir að stóra verkefnið sem er fram undan sé Don Giovanni eftir Mozart í febrúar. „Það sem einkennir Don Giovanni er að þetta er afskaplega

elskuð ópera og áhrifarík. Mikið drama og saga um þennan mjög svo umdeilda og kvensama mann, örlög hans og samskipti kynjanna. Það verður alfarið íslensk hlutverkaskipan í þeirri uppfærslu fyrir utan einn söngvara en það er stefnan að reyna að koma með einn sterkan söngvara að utan í hverri uppfærslu. Þetta hefur góð áhrif á starfseminna í heild enda þurfum við alltaf að líta á okkur í alþjóðlegu samhengi.“

Óperan á tímamótum

Það er Steinunni Birnu áhyggjuefni hversu rekstrarrámi Óperunnar er þröngur. „Við förum eins og aðrir í gegnum mikinn niðurskurð í kreppunni en á sama tíma förum við úr eigin húsnæði í Gamla bíói yfir í leiguhúsnæði í Hörpu. Við róm mikinn lífróður þessa dagana þar sem húsaleigan í Hörpu tekur mikinn hluta þess framlags sem við höfum haft en þá er lítið eftir fyrir starfseminna. Við gerum allt sem við getum til þess að gera reksturinn eins hagkvæman og mögulegt er og þar koma m.a. til þær skipulagsbreytingar sem við þurfum að fara í núna í haust. Uppsagnir eru alltaf ómurlegar og í hinum fullkomna heimi myndi hver einasti stjórnandi óska sér þess að til slíks þyrfti aldrei að koma. En þegar horft er á þær staðreyndir sem blasa við hjá okkur er nauðsynlegt að bregðast við til að ná niður föstum kostnaði og auka verkefnaráðningar sem eru hagkvæmari.

Aðstædan í Hörpu er frábær en við höfum verið að leggja með rekstrinum eigið fé sem við höfum átt vegna sölunnar á Gamla bíói en nú er það á þrotum og Óperan á tímamótum. Ef ekki verður gripið til aðgerða er ljóst að við verðum að leggja starfseminna niður að miklu eða öllu leyti.

Það er alvarleg og umhugsunarverð staða eftónlistin í landinu, hvort sem það er Óperan eða aðrir, hefur ekki efni á að vera í okkar langþráða og óviðjafnanlega tónlistarhúsi, sem á að vera musteritónlistarinnar í landinu í öllum sínum fjölbreytileika.“

Evgeny Onegin og Tosca

Með þessum fyrirvara, að þessi lífróður takist og að framtíðin verði björt, þá segir Steinunn Birna að nú sé horft lengra inn í framtíðina í



Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri segir að Íslenska óperan verði að búa við rekstraröryggi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EF EKKI VERÐUR GRIPID TIL AÐGERÐA ER LJÓST AÐ VIÐ VERÐUM AÐ LEGGJA STARFSEMINNA NIÐUR AÐ MIKLU EÐA ÖLLU LEYTI.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri

Íslensku óperunni en áður hafi verið gert. „Það er því með þessum fyrirvara um ásættanlega afkomu að ég kynnir verkefni okkar næsta starfsár, þ.e. 2016-2017, en það yrðu óperurnar Evgeny Onegin eftir Tsjajkovski og Tosca eftir Puccini. Tvær frábærar óperur sem er tilhlökkunarefni að undirbúa.

Við eigum mikinn mannaúð í íslenskum söngvurum sem fá þarna verðug verkefni. Íslenska óperan er þeirra eini vettvangur til þess að starfa hérlendis en margir eru vissulega líka að vinna erlendis. Það er því mikið í húfi að þessi vettvangur haldi áfram að vera til og vaxi og dafni.

Að auki erum við að fara í auknið samstarf við skólastigið og tengingu með aukinni áherslu á barnaóperur, fá nemendur í heimsókn til að kynnast starfinu og tónleikaröð sem kallast Kúnstpása þar sem við kynnnum unga söngvara til leiks sem eru að byrja sinn feril ásamt þeim eldri og reyndari sem halda tónleika á vegum óperunnar. Auk

þess eru miklir sóknarmöguleikar í menningarferðamenskunni og það er ein af ástæðum fyrir því að við viljum kynna næsta starfsár með svona góðum fyrirvara. Menningarferðamenn plana langt fram í tímann og til þess að svara þeirri eftirspurn þurfum við að skipuleggja okkur með þessum hætti og listamenn skipuleggja líka tíma sinn með löngum fyrirvara og við þurfum að ganga í takt við það.

En ef þetta á að ganga eftir verður að vera rekstraröryggi og ég finn vissulega fyrir mikilli velvild og áhuga og trúi ekki öðru en að þetta takist því það er mikið í húfi fyrir menninguna í landinu.“

Áhrifarík og afdráttarlaus fjölskyldusaga

BÆKUR

Týnd í Paradís, bók eitt
★★★★★

Höfundur Mikael Torfason
Sögur útgáfa
258 bls.

Týnd í Paradís, bók eitt, segir frá lífi og aðstæðum þess fólks sem Mikael Torfason er kominn af ásamt hans allra fyrstu æviárum. Og hér er ekki sagt frá neinni venjulegri æsku meðal Íslendingans heldur sérstaklega forvitnilegu en jafnframt brotnu baklandi foreldra Mikael, ástum þeirra, hversdagsraunum, draumum um lífið, hugmyndum og ranghugmyndum og ekkert dregið undan.

Saga fólksins sem Mikael Torfason og foreldrar hans eru komin af er saga íslenskar alþýðu í harðbýli landi. Saga um fátækt, réttleysi, vos-

búð, hungur og þrældóm myrkranna á milli. En líka saga um samfélag í mótun á líðinni öld þar sem brennivín, spritt og læknaðop verður lífsforunautur sumra en aðrir lifa í óttanum við hungrið og vösbúðina sem fylgdi þeim á uppvaxtarárum. Það getur hvorki verið einfalt né auðvelt að draga fram þessa sögu úr ranni sinna nánustu en Mikael hefur tekið einstaklega vel upp. Efalítið hefur blaðamaðurinn í höfundu komið sér fádæma vel í þessu erfiða verkefni en fyrir vikið nær Mikael að draga upp furðu skýra mynd af baklandi foreldra sinna sem og seinna meir bæði tilhugalífi og hjónabandsárum.

Bókin nær aðeins fram til þess tíma þar sem Mikael er um fjögurra ára gamall. Þrátt fyrir það er þetta fyrsta æviskeið höfundar ákaflega viðburðaríkt og erfitt enda var hann fæddur með alvarlegan sjúkdóm í meltingarfærum. En alvarleg

veikindi ungbarna fara greinilega illa saman við það að vera barn Votta Jehóva eins og foreldrar hans voru á þessum tíma og leiðir það til afar dramatískrar og áhugverðrar umfjöllunar. Reyndar er helst til miklu þúðri eytt í sögu og hugmyndafræði Vottanna sem er í sjálfu sér skiljanlegt í ljósi þeirra áhrifa sem viðkomandi söfnuður hafði á líf höfundar.

Heilt yfir er Týnd í Paradís vel skrifuð bók. Kaflarnir eru stuttir, viðburðaríkir, lýsandi og læsilegir og Mikael tekst vel upp við að leika sér örlítið að línulegum tíma framvindunnar. Dregnar eru upp skýrar og áhuga-verðar myndir af brotnum einstaklingum, skapgerðarbestum þeirra,

kostum og göllum án þess að leggja einhvern dóm á vonda, sjálfrá ákvarðanir sem vörðuðu í raun líf og framtíð söguframnts. Hins vegar liður frá sögnin dálítið fyrir þessa nálgun rannsóknarblaðamannsins og verður á stundum meira eins og stór blaðagrein. Stíllinn er beinn og afdráttarlaus en að sama skapi eilítið litlaus og á stundum örlar helst til mikið á endurtekningum sem sagan hefði vel getað verið án.

Styrkleiki Týnd í Paradís er einkum fölginn í einstaklega hreinskiptnu uppgjöri við fortíðina, foreldra, ömmur og afa. Í bókinni er líka dregin upp raunsonn og áhrifarík mynd af íslensku samfélagi og þá ekki síst þeim afkima sem Vottar Jehóva, lífsviðhorf þeirra og menning, mynda í nútíma samfélagi. Það er líka mikilvægt að horfa til þess að hér er á ferðinni bók eitt og með þessu verki tekst Mikael vel upp við að leggja grunninn að því sem koma skal. Lesendur geta því látið það eftir sér að hlakka til framhaldsins og ættu alls ekki að láta þessa fyrstu bók fram hjá sér fara.


Magnús Guðmundsson

NIÐURSTAÐA Hreinskiptin og kraftmikil fjölskyldusaga sem veitir góða innsýn í íslenskt samfélag og ákveðinn afkima þess á áhuga-verðum tímum.



**BÓKAVERÐLAUN
BARNANNA**

**Og þú sem hélst að
loksins væri óhætt
að sturta niður ...**



**NÝ
BÓK**

GRÍN

HASAR

SPENNA

**ELLEFTA SKÁLDVERKIÐ
EFTIR
DAV PILKEY**

FRÁBÆRT FLETTIBÍÓ FYLGIR!

Skrifar fyrir almenning og fornleifafræðinga

Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur lýsir spennandi uppgreiftri að Hólmi í Hornafirði á aðgengilegu máli og með fjölda mynda í nýrri bók, Landnám og landnámsfólk – saga af bæ og blóti.

Það er gaman að koma í Fornleifastofuna til Bjarna F. Einarssonar. Rokkur ömmu hans, risahátalarar, jafnvel flöskurnar í glugganum – allt á sína sögu. Kaffivélin er þó enginn forngripur heldur gefur kost á nýmóðins tegundum. Við tyllum okkur niður til að ræða nýútkomna bók Bjarna sem byggist mest á landnámsbænum Hólmi í Nesjum í Hornafirði sem hann hóf leit að árið 1997 og lagðist út tólf sumur til að rannsaka. Hann kveðst þó alltaf hafa haft húsaskjól, ýmist í íþróttahúsi, matvinnslufyrirtæki eða á einkaheimili. „Það er hlutskipti manns sem stundar svona vísindarannsóknir að vita aldrei hvaða næturstað hann fær,“ segir hann glaðlega. „Ég er sérfræðingur í að aðlagast alls kyns dýnum við mismunandi aðstæður og hef vaknað upp í snjókomu í tjaldi sem hefur fokið ofan af mér.“



Bjarna varð fljótt ljóst að mannvistarleifar sem hann fann í Nesjum væru frá fyrstu dögum Íslandsbyggðar. „Í blóthúsi fundum við gjóskulag frá því um árið 871 og merki um lif rétt ofan á því. Ég hef aldrei útilokað að bærinn kunnir að hafa verið til mjög snemma, við fundum mannvirki undir gjóskulagi frá 910.“ En fann hann einhverja dýrgripa? „Það er varasamt að bera saman íslenska gripi og erlenda því verðgildi snýst um framboð og ódýr perla úti í Evrópu getur verið rándýr

á Íslandi. Samkvæmt íslenskum veruleika fundust dýrgripir í Hólmi. Þeirra helstir eru perlor úr gleri og rafi og lóð úr klébergi. Slíkar lóðir hafa bara fundist tvær á Íslandi frá landnámsöld svo þær eru að minnsta kosti dýrgripir hvað varðar fornleifafræðina.“

Bjarni segir erlenda sjálfboðaliða sækjast eftir að vinna við fornleifauppgroft á Íslandi, ekki síst ef um víkingaöld er að ræða, þess hafi hann notið við rannsóknirnar á Hólmi. Áhugi á verkefnum hafi líka verið mikill hjá heimamönnum og nemum í fornleifafræði. En hvað um fjölskyldu hans? „Konan mín var með mér stundum og dóttir mín líka, hún var unglingur þá en fulltíða í dag. Svona staður gleypir talsvert stóran hluta af starfsævi manns. Á fimmtán ára tímabili kom ég eins og farfugl til Hafnar á vorin með hóp, Hornfirðingar hljóta að sakna gengisins sem kom árlega að róta í moldinni inni í Nesjum!“

Þó Hólmur sé í aðalhlutverki í bókinni og fólkið þar, er allt Ísland undir enda koma allar landnámsrannsóknir þar við sögu, að sögn Bjarna. „Bókin er sett í samhengi við íslenskan veruleika og söguviðið er líka Skandinavía, Rússland, Bretlandseyjar, Miðjarðarhafið, meira að segja Afríka því heimur víkinga var svo stór,“ segir hann en sér hann fyrir sér að hún verði kennslubók? „Þú verður að spyrja aðra um það,“ svarar hann. „Hún er skrifuð fyrir almenning og fornleifafræðinga. Hún er skrifuð fyrir fólk.“



Bjarni kampakátur með lóð úr kljásteyni sem fannst í Hólmi. Hún er önnur af tveimur frá landnámsöld sem fundist hafa á Íslandi. Hina fann Bjarni í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BOSS
HUGO BOSS
watches

SÖLUAÐILAR

Reykjavík: Gilbert úrsmiður Laugavegi 62 s: 551-4100 | Gullúrið Mjódd s: 587-4100 | GP skartgripir og úr Bankastræti 12 s: 551-4007
